

Finnst ég hafa sigrað heiminn

Unnur Birna Björnsdóttir ætlaði sér aldrei að eignast barn. Ekki því hana langaði ekki að verða móðir, heldur þjáist hún af tókó-fóbíu, sjúklegri hræðslu við meðgöngu og fæðingu. En þvert á áætlanir eignaðist hún dóttur, Náttól Viktoríu, sem hlaut síðara nafn sitt af ríkri ástæðu. ► 20



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Hvaða staður verður Instagram-stjarnan?

Í fyrra var það Stuðlagil en hvaða staði mun fólk heim-sækja þetta sumarið? ► 26



Kominn með nóg

Körfuboltamaðurinn Jón Arnór er alveg hættur og ætlar ekki í bumbubolta. ► 24



Snerting glæpsamleg

Camilla Läckberg snýr baki við voðaverkum og segir ástarsögu í faraldri. ► 46

GRÆJAÐU ÞIG UPP FYRIR EM

Fjöldi sjónvarpa á allt að 25% afslætti.
Sjáðu öll tilboðin á elko.is



ELKO 



Myndavélar tóku upp umgengni í sameign og háttalag hunds.

Myndað í óleyfi

jon@frettabladid.is

SAMFÉLAG Persónuvernd hefur úrskurðað að myndavélavöktun í fjöleignarhúsi væri ólögmæt. Byggði kvartandi á að rafræn vöktun færi fram á sameign og séreign hans auk almennar ymis, sem brjóti gegn friðhelgi einkalífs hans og fjölskyldu. Hann hafi hvorki veitt samþykki sitt fyrir uppsetningu myndavélanna né rafrænni vöktun. Þá hafi engar merkingar verið settar upp um vöktunina.

Eigendur myndavélanna báru því við að sá sem eftirlitið beindist gegn hefði ekki farið að samkomulagi um afnot sameignar og að hundur hans geri þarfir sínar á löð og útidyratröppur hússins.

Að mati Persónuverndar tókst eigendum myndavélanna ekki að sýna fram á nauðsyn vöktunarinnar og sönnunargagna um umgengni hefði mátt afla með öðrum og vægari aðferðum sem færu ekki gegn friðhelgi einkalífs annarra.

Niðurstaðan varð því sú að stöðva skyldi vöktunina og uppteknu efni yrði eytt. ■

Leikið í lausu lofti



Svæðið við Elliðaárósa, þar sem Björgun hafði áður starfsemi sína, hefur nú gengið í endurnýjun lífdaga. Þar iðar allt af lífi með tónlistarflutningi, sirkusæfingum, parkour, hjólafrætti, línu- og hjólaskautum og gler- og leirsmíðum. Hér leika ungir meðlimir sirkuslistafélagsins Hringleiks listir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nýjar breytingar á sóttvarnareglum

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Samtals mega 300 manns koma saman frá og með 15. júní næstkomandi og opnunartími veitinga- og skemmtistaða lengist um klukkustund, frá kl. 23 til miðnættis. Gestir þurfa að hafa yfirgefnið staðinn fyrir kl. 01.00. Þetta er meðal þeirra breytinga sem Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra kynnti að loknum ríkisstjórnarfundum í gær.

Með breytingunum verður engin krafa gerð um nándarmörk á sitjandi viðburðum en á slíkum viðburðum verður enn grímuskylða. Þá verður almenn nándarregla einn metri í stað tveggja. Nýjar reglur gilda til og með 29. júní.

Í líðandi viku hafa einungis greinst fimm innanlandssmit og sjö daga í röð greindist enginn utan sóttkvíar. Í gær höfðu yfir 128



Með breytingunum verður almenn nándarregla einn metri.

þúsund einstaklingar verið fullbólusettir og tæplega 215 þúsund höfðu fengið að minnsta kosti einn skammt. Stefnir er að því að allir fullorðnir hafi fengið boð í bólusetningu 25. júní.

Í næstu viku verður bólusett með bóluefnum frá Moderna, Pfizer og Janssen. ■

Rifjaði upp kynni sín við 85 ára gamalt skólaskip

Seglskipið Eagle er skólaskip á vegum bandarísku strandgæslunnar sem dvelur þessa dagana í Reykjavík. Ásgrímur L. Ásgrímsson hjá Landhelgisgæslunni þekkir vel til skipsins en hann stundaði nám þar um borð á níunda áratugnum.

arnartomas@frettabladid.is

REYKJAVÍK Einhverjir hafa eflaust rekið augun í tígulegt seglskip sem sigldi inn í Reykjavíkurböfn í vikunni. Umrætt skip ber nafnið Eagle (ísl. Örn) og er skólaskip á vegum bandarísku strandgæslunnar.

Líðsforingjaskóli bandarísku strandgæslunnar, sem er í raun eldri en sjóherinn, hafði í upphafi Bandaríkjanna árið 1776 aðsetur um borð í seglskipi. Hafa slíkt skip í gegnum aldirnar alltaf heitið Eagle. Skólinn hefur nú í meira en öld verið á þurru landi í Connecticut-riki en skólinn gerir þó enn út þetta skólaskip fyrir nemendur skólans sem sigla því á sumrin.

USCGC Eagle var smíðað árið 1936 í Hamborg sem skólaskip fyrir þýska sjóherinn. Nokkur systurskip voru smíðuð eða hafin smíði á. Þrjú þeirra voru siglingarhæf eftir stríðið og tekin herfangi. Einungis tvö þeirra eru enn þá í notkun, annars vegar Eagle, sem hefur verið í þjónustu bandarísku strandgæslunnar frá 1945, og portúgalska skólaskipið Sagres.

Ásgrímur L. Ásgrímsson, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs hjá Landhelgisgæslu Íslands, var nemandi við líðsforingjaskólann á árunum 1983–1987. „Ég sigldi sem nemandi á þessu skipi öll fjögur árin,“ segir Ásgrímur. Hann útskrifaðist með háskólagráðu sem líðsforingi úr skólanum og starfaði sem slíkur



Ásgrímur fyrir framan Eagle við hátíðlega athöfn á fimmtudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

í bandarísku strandgæslunni um tíma eftir útskrift.

„Skipið fer í siglingar á vorin og yfir sumarið og í ár ákváðu þeir að fara til Asíeyja þaðan sem þeir eru að koma núna,“ segir Ásgrímur. Asíeyjar voru þó einungis síðasta koma Eagle til hafnar því að núverandi skipherra hélt með skip sitt norður Grænlandssund og norður fyrir bauginn áður en skipið tók aftur suðlæga stefnu og hélt áleiðis í Faxaflóann undir vökulum augum starfsbræðra hjá Landhelgisgæslunni.

Eagle kom í fyrsta skipti til Íslands fyrir tíu árum og þá undir stjórn skipherrans Eric Jones, sem var bekkjarfélagi Ásgríms úr líðsforingjaskólanum. „Við slíkt tækifæri er hefð hjá bandarísku strandgæslunni sem og ýmsum sjófarendum öðrum

að haldin sé hátíðleg en gamansöm athöfn þar sem þeir sem sigla yfir bauginn í fyrsta skipti eru vígðir af þeim sem hafa gert það áður og öðlast inngöngu í regluna „Blue Nose“ eða „Domain of the Polar Bear“,“ segir hann.

Ásgrímur segir ekki standa til að íslenskir landhelgisgæsluliðar æfi um borð í Eagle. „Þetta er nú bara kurteisishéimssókn,“ segir hann. „Það var svo sem ekkert sérstakt sem þeir báðu okkur um að undirbúa en þeir eru nú að undirbúa að skipta út nemendum á skipinu þar sem áhöfninni er reglulega skipt út.“

Í dag er einn Íslendingur, Eyþór Óskarsson, á lokaári í námi við skólann. Hann var þó ekki um borð nú þegar skipið sigldi til Íslands en nemur um borð í varðskipi í Bandaríkjunum. ■

**NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA**

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is



KOMDU Í PARTÍ

Sólin sýnir lit

SUMARHÁTIÐ TOYOTA
Í DAG KL. 12-16



Grillveisla, litríkir bílar, stanslaus gleði og söluráðgjafar í sannkölluðu sumarskapi. Verið öll hjartanlega velkomin til okkar milli klukkan 12 og 16 í dag. Sólin hefur aldrei skinið skærar en nú.

Sjáumst í sólskinsskapi hjá Toyota Kaupþúni og Toyota Akureyri.

Tölur vikunnar



60

lyklum var stolið úr Grafarvogslaug á þremur vikum.



142

meðlimir eru nú skráðir í Hjálpræðisherinn.



1.098

íbúakort Bílastæðasjóðs voru skráð í Reykjavík árið 2020.

viking lotto

1.279

milljónir voru heildarvinningur íslensks þátttakanda í Vikinglottóinu í vikunni.



675

fyrirtæki fengu greitt í formi ferðagjafar stjórnvalda.

Þetta sögðu þau



Katrín Jakobsdóttir

forsætisráðherra

Loftslags-áætlun stjórnvalda byggist á raunhæfum aðgerðum og öflugum samstarfi

við ólíka geira samfélagsins. Nú þarf að halda áfram á sömu braut, tryggja að loftslagsmálin verði áfram í fyrsta sæti á komandi kjörtímabili og varða leiðina að kolefnishlutlausu Íslandi með réttlátum umskiptum. ■



Guðjón Sigurbjartsson

viðskiptafræðingur

Margra mánaða og jafnvel meira en árs bið er eftir ýmsum aðgerðum svo sem liðskiptum,

augasteinaskiptum, krabbameinslækningum, hjartaþræðingum og offituaðgerðum. Skimun fyrir krabbamein er áfátt. Skortur er á hjúkrunarúræðum. Yfirgengi-legt álag er á brádamóttöku. Of fá sjúkrarúm eru í landinu. Geðheilbrigðisþjónusta er ónóg. ■



Kolbrún Baldursdóttir

borgarfulltrúi Flokks fólksins

Eftirlaunafólk á að fá að vinna eins og það hefur áhuga og tök á, án skerðinga, og njóta afraksturs

vinnu sinnar eins og aðrir. Fjölmörg störf koma til greina fyrir þennan hóp, enda er mikill mannaúdur til staðar sem er með dýrmæta reynslu. Vonandi mun meirihlutinn í borgarstjórn taka þessari tillögu fulltrúa Flokks fólksins vel á fundi borgarstjórnar nk. þriðjudag. ■

Tugir fatlaðra unglinga eru ekki enn komnir með svar um framhaldsskóla

Unglingar með þroskafrávik sóttu um skólavist í framhaldsskólum í febrúar en þrátt fyrir að það sé kominn júní eru sumir unglíngarnir að fá svör um skólavist fyrst núna. Sumir standa eftir með framtíðina að veði.

benediktboas@frettabladid.is

MENNTAMÁL Fatlaðir unglíngar eru flestir nýbúnir að fá svör um skólavist í framhaldsskóla næsta haust en sum eru ekki enn komnir með skólavist. Þeir skólameistarar skóla sem taka við fötludum nemendum og Fréttablaðið náði tali af sögðu það vera á milli 10–20 sem eru ekki komnir með skólavist.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, sagði að þau væru 30 í ræðu sinni á Alþingi. „Afsökunin er að árgangarnir séu allt of fjölmennir. Það er búið að vita þetta í 16 ár. Hvar hafa ráðherrarnir verið?“ spurði Þorgerður og beindi orðum sínum til Lilju Alfredsdóttur menntamálaráðherra og Ásmundar Einars Daðasonar félagsmálaráðherra. Þorgerður var menntamálaráðherra á árunum 2003–2009.

Unglingar með þroskafrávik sækja um skólavist í febrúar og eru einhverjir nýbúnir að fá svör en önnur bíða enn.

Þeir unglíngar sem eru með Downs-heilkenni geta til dæmis ekki gengið að því vísu að fá skólavist í þeim skólum sem hentar þeirra getustigi né þar sem vinir þeirra eru. „Okkur vantar fleiri skóla til að taka við nemum á sérnámsbrautir. Það eru einhverjir nemendur með fötlun enn án skólapláss á sérnámsbrautir,“ segir Inga Guðrún Kristjánsdóttir, formaður Félags áhugafólks um Downs-heilkenni.

Benedikta Birgisdóttir, sem situr í stjórn Félags áhugafólks um Downs-heilkenni, skrifaði harðorðan pistil á Facebook sem vakti mikla athygli.



Frá vigslu Sensory pool, eða skynörvunarsundlauginni, sem styrkt var af Kiwanisklúbbnum Kötlu á sérnámsbraut Fjölbrotaskólans við Ármúla.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Okkur vantar fleiri skóla til að taka við nemum á sérnámsbrautir. Það eru einhverjir nemendur með fötlun enn án skólapláss.



Inga Guðrún Kristjánsdóttir

Þar kom fram að sonur hennar, sem er með Downs-heilkenni, hafi fengið inngöngu í Fjölbrotaskólann við Ármúla, sem hentar honum ekki, en drengurinn vildi fara í annaðhvort FB eða Borgarholtsskóla. Þar séu vinir hans. Benedikta fékk svar um skólavist sonar síns á miðvikudag.

Inga Guðrún segir að það sé skiljanlegt áfall ef börnin fá ekki að elta vini sína og hafi getuna til þess að vera í annaðhvort FB eða Borgarholtsskóla. „Það er áfall fyrir foreldra en sorgin er mest hjá börnunum,“ segir hún.

Hún bendir á að það sé hennar vilji að skólakerfið mæti þörfum allra, hvort sem það eru fatlaðir eða ófatlaðir unglíngar. „Við viljum að skólakerfið mæti okkar börnum þar sem þau eru. Það á að vera hægt

að búa til skólakerfi fyrir þau eins og öll önnur börn, fötluð sem ófötluð.

Reyndar er það svo að við sjáum í þeim skýrslum og öðru þar sem er verið að meta árangur og annað að skólakerfið er í vandræðum að mæta börnum almennt á margan hátt – þótt það sé ekki algilt – en sem betur fer er líka margt sem gengur vel. Við verðum að læra það betur og betur að koma vel til móts við þarfir barna og unglínga með fatlanir,“ segir Inga.

Þorgerður Katrín benti á í ræðustól Alþingis að fötluð börn hefðu gleymst í áætlun ríkisstjórnarinnar. Börnin hefðu verið fötluð frá fæðingu og það ætti ekki að koma á óvart þegar svo stór árgangur væri að koma inn í kerfið. Það hafi verið vitað í 16 ár. ■

ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.
9.202.300 KR. M/VSK.

BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍSBAND, SMÍÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA

BÍLL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU

NA

NORÐURÁL

Áfram allir krakkar!

Landsliðsmenn Íslands á HM 2038 stíga sín fyrstu skref á stórmóti á Norðurálmótinu á Akranesi 17. til 20. júní.

Mótið er langstærsti knattspyrnuviðburður ársins í 7. flokki barna í 1. og 2. bekk. Við hvetjum foreldra til að sýna íþróttamannslega framkomu og gæta að sóttvörnum.

Öllum keppendum óskum við fyrir fram til hamingju með frábæran árangur.

Norðurál er aðalstyrktaraðili Norðurálmótsins og stoltur bak-hjarl kvenna- og karlaliða ÍA á Akranesi og Vals í Reykjavík.

Bandaríkjamenn koma sér upp bækistöð á Norðurlóðum

kristinnhaukur@frettabladid.is

NORÐURLÓÐIR Bandaríska varnarmálastofnunin (DOD) mun reisa sérstaka bækistöð fyrir Norðurlóðir. Helsta ástæðan fyrir þessu er aukin hernaðarumsvif Rússa á svæðinu. John F. Kirby, upplýsinga-fulltrúi varnarmálaráðuneytisins Pentagon, tilkynnti þetta á miðvikudag.

DOD rekur nú þegar fimm sam-

bærilegar stöðvar fyrir viss svæði. Fyrir Mið-Austurlönd, Ameríkur, Austurlönd fjær og Eyjaálfu, Evrópu og Afríku. Stöðvarnar eru notaðar til þess að efla samskipti við bandalagsþjóðir á svæðunum, veita ráðgjöf og semja um þjálfun og vopnasölu, svo eitthvað sé nefnt.

Á svæði hinnar nýju bækistöðvar, sem nefnd verður í höfuðið á Ted Stevens, fyrrverandi þingmanni Alaska, eru auk Bandaríkjanna,



Rússar hafa byggt upp herstöðvar á Nagurskaya og fleiri eyjum í Íshafinu.

Norðurlöndin, Kanada og Rússland. Ekki hefur verið tilkynnt um hvar hún verður staðsett.

„Ted Stevens-miðstöðin mun búa til nýjan samráðsvettvang, bæði fyrir stofnanir Bandaríkjanna, sem og við bandamenn okkar og annarra sem deila hagsmunum um friðsælar Norðurlóðir,“ sagði Kirby.

Bæði Rússar og NATO-ríkin hafa haldið heræfingar til að sýna mátt sinn og megin undanfarið. Á næsta

ári munu 40 þúsund hermenn NATO-ríkjanna taka þátt í stærstu heræfingu á Norðurlóðum síðan í kalda stríðinu, Cold Response 2022.

Rússar hafa byggt upp gamla sovéska stöð á eyjunni Nagurskaya, langt norður í Íshafi, og getur hún nú þjónustað bæði sprengjuvélar og orrustuvélar. Rússar hafa einnig byggt upp herstöðvar á fleiri eyjum í Íshafinu, svo sem Kotelny og Wrangel. ■

Helstu sigrar og ósigrar ríkisstjórnar Katrínar

Ríkisstjórn Vinstri grænna, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks fer að pakka saman eftir viðburðaríkt kjörtímabil. Verkefni hafa verið ótalmörg og krefjandi.

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Það er óhætt að kalla það afrek að ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur hafi lifað kjörtímabilið af, en margir spáðu henni skammlífi. Hins vegar hefur komið á daginn að þessir þrjú flokkar virðast eiga ágæta samleið.

Á frátöldum lífsvilja stjórnarinnar, hljóta viðbrögð við heimsfaraldurinum að vera helstu afrek hennar, bæði hvað varðar sóttvarnaaðgerðir, samráð við sérfræðinga og upplýsingagjöf til almennings en einnig efnahagsaðgerðir og stuðning við atvinnulífið.

Uppskeyra ráðherranna er hins vegar ærið misjöfn. Forsætisráðherra náði flestum sínum áherslumálum í gegn; lögum um kynrænt sjálfræði, breytingar á jarðalögum og nýjum reglum um eignarráð útlendinga í fasteignum. Þá kom hún tveimur tjáningarfrelsisfrumvörpum í gegn. Annars vegar um vernd uppljóstrara og hins vegar ákvæði um þagnarskyldu og tjáningu opinberra starfsmanna.

Fjármálaráðherra hefur nýverið ýtt úr vör einu af sínum stærstu markmiðum á kjörtímabilinu, sölnunni á Íslandsbanka. Hann hefur að öðru leyti lítið getað sinnt öðru á síðari hluta kjörtímabilsins en brýnustu hagsmunum atvinnulífsins. Frumvarp hans um þjóðarsjóð féll þannig í skuggann af heimsfaraldri og varð ekki að lögum. Arðsemispár Landsvirkjunar hafa heldur ekki verið hvarning til að ýta málinu áfram að undanförunu.

Þrátt fyrir að dómsmálaráðherra hafi ekki náð í gegn með prinsippmál um mannaöfn og sölu



Ríkisstjórninni var ekki spáð langlífi en mikið traust ríkir meðal oddvita stjórnflokkanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Ásmundur Einar Daðason kom sá og sigraði á þessu kjörtímabili.

áfengis á framleiðslustað, hafa ný lög hrannast upp á ferilskrá ráðherrans. Meðal annars nokkrar breytingar á hegningarlögum um umsáturseinelti, kynferðislega friðhelgi og útvíkkad mansalsákvæði. Sett hefur verið upp rafrænt ferli fyrir þinglýsingar og meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum. Margir hafa einnig beðið eftir lögferingu skiptrar búsetu barna sem loksins náðist í gegn. Gamalt áhugaefni Sigríðar Á. Andersen náðist einnig í gegn og endurupptökudómur tekinn til starfa.

Heilbrigðisráðherra hefur staðið í ströngu allt kjörtímabilið. Ekki aðeins hefur faraldurinn verið

þurftarfrekur heldur sauð upp úr milli ráðuneytisins og sveitarfélaga vegna reksturs hjúkrunarheimila, mönnunarvandi spítalanna er alvarlegur sem aldrei fyrr og óhætt er að telja mál tengd krabbameins-skimunum til vandræðamála fyrir ráðherrann. Svandís Svavarsdóttir sigraði samt heimsfaraldur og átti að auki sína aukasigra. Má þar fyrst nefna langþráða endurskoðun laga um þungunarrof. Þrátt fyrir að fíkniefnamál Pírata teljist til hennar ósigurs, voru lög um neyslurými samþykkt, sem er skref í rétta átt.

Umhverfisráðherra hefur átt erfitt kjörtímabil og þrátt fyrir fögur fyrirheit í stjórnarsáttmálanum verða heimturnar að teljast daprar. Samstarfsflokkar VG hafa staðið í vegi fyrir velgengni Guðmundar Inga Guðbrandssonar. Þrátt fyrir að nokkur loftslagsmál hafi náð fram að ganga hafa flest mál hans siglt í strand vegna óeiningar í stjórninni.

Menntamálaráðherra komst einna helst í fréttir vegna vand-

ræðamála í meirihlutanum eða umdeildra ráðningar- og skipunarmála. Fjölmíðlamálið er með lengstu dauðastríðum þingmáls sem sést hefur, að stjórnarskránni undanþeginni. Lilja Alfreðsdóttir náði þó að koma á nýju námslána-kerfi og sagan mun segja til um hve vel þau eldast.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur notið þess að fjárfestingaáttak ríkisstjórnarinnar og viðbót við það vegna faraldursins ýtir hans helstu málum vel á veg, samgöngumálunum. Sameiningaráttak hans fór hins vegar út um þúfur og líka hugmyndir um aukið frjálshæði í leigubílaþjónustu. Hins vegar liggja margir nýir lagabálkar eftir Sigurð Inga Jóhannsson; ný umferðarlög, ný lög um þjóðskrá o.fl.

Ferðamála-, nýsköpunar- og iðnaðarráðherra þykir vinnusöm í sínum málaflokkum þótt engin fyrirferð sé á henni í þinginu. Hún hefur líka látið til sín taka á sviði orkuskipta og nýsköpunar. Hennar



Meðal mála sem trufluðu ríkisstjórnina voru Landsréttarmál, Geirfinnsmál og sóttvarnabrot ráðherra.

helstu vonbrigði hljóta að vera breytingar sem hún hugðist ráðast í á sviði samkeppnismála, en urðu mun rýrari en hún lagði upp með.

Lítið hefur farið fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á kjörtímabilinu, nema í tengslum við Samherjamálið. Í hans starfi hefur borið hæst sú reglugerðahreinsun sem hann og samráðherra hans í atvinnuvegaráðuneytinu hafa staðið fyrir. Bændur hafa verið óánægðir með hann og flestir sem fara fyrir neytendum reyndar líka. Þetta síðasta kjörtímabil Kristjáns Þórs Júlíussonar er sennilega það öftirminnilegasta á hans ferli.

Það fór heldur lítið fyrir utanríkisráðherra, nema þegar merki-lega gesti bar að garði. Hann kom þó tveimur eftirminnilegum málum í gegn, báðum umdeildum. Annars vegar um skipun embættismanna í utanríkisþjónustunni og hins vegar um rekstrarform Íslandsstofu.

Þá er aðeins ótalinn spútníkráðherra kjörtímabilsins; Ásmundur Einar Daðason. Hann hefur sýnt sínar bestu hliðar á stjórnmálaferlinum síðustu fjögur ár. Umbylt barnaverndarkerfinu og fært barnafjölskyldum tólf mánaða fæðingarorlof. Þrátt fyrir að hafa ekki náð þeim árangri í húsnæðismálum sem flestir landsmenn hefðu óskað, verður að segjast að Ásmundur Einar hefur ekki aðeins komið á óvart heldur slegið í gegn. ■



Parket

Parki
INTERIORS

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnspólnu harðparketi og vínyparketi má finna í sýningarsal okkar á **Dalvegi 10-14**.

Komdu við og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf



Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi • 595 0570



Finndu okkur á **Facebook!**
facebook.com/Parki.interiors

Nýr Hyundai KONA EV

Ný hönnun og
enn meiri drægni



FRUMSÝNING
Í DAG FRÁ 12-16

Frábær í borginni og fullkominn í ferðalagið

Með nýrri hönnun, fullkomnari búnaði og meiri drægni er þessi frábæri rafdrifni borgarjeppi orðinn enn meira aðlaðandi. Komdu og reynsluaktu nýjum og endurbættum Hyundai KONA EV sem nú er einnig á betra verði en áður.

Hyundai KONA EV Style. Verð 5.990.000 kr.
Drægni allt að 484 km*

Skoðaðu nýjan KONA á hyundai.is.



Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is

Stórt verkefni sem gert er ráð fyrir að þrjú ár taki að innleiða

kristinnhaukur@frettabladid.is

FÉLAGSMÁL Fjögur frumvörp Ásmundar Einars Daðasonar félags- og barnamálaráðherra um málefni barna voru samþykkt á Alþingi í gær. Meðal annars verður stofnuð Barna- og fjölskyldustofa sem mun leysa Barnaverndarstofu af hólmi.

„Við erum að búa til nýtt velferðarkerfi fyrir börn,“ segir Ásmundur. „Börn sem þurfa umframþjónustu eiga ekki að falla milli kerfa eins og þau hafa verið að gera. Í nýju kerfi verður gripið fyrir inn í vanda barna og allir aðilar vinna saman að því að leysa hann.“

Mun þetta ná til allrar þjónustu sem fer fram innan skólakerfisins, bæði á vegum ríkis og sveitarfélaga. Það er í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum, fristundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Einnig til heilbrigðisstofnana og stofnana hins félagslega kerfisins.

„Barnaverndarstofa hefur verið að reka þriðja stigs úrræði, þegar barnið hangir fram af bjargbrúnni,“ segir Ásmundur. „Með nýja kerfinu verða tvö stig sett þar fyrir framan og bjöllur hringja, áður en mál þróast yfir í barnaverndarmál eins og við þekkjum það í dag. Það verður hlutverk Barna- og fjöl-



Við erum að búa til nýtt velferðarkerfi fyrir börn.



Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra.

skyldustofu að halda utan um þetta nýja kerfi.

Einnig verða gerðar breytingar á Gæða- og eftirlitsstofnun og Greiningar- og ráðgjafarstöð. Þá var þingsályktunartillaga Ásmundar um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna samþykkt.


Lögin taka gildi 1. janúar á næsta ári, en Ásmundur gerir ráð fyrir að innleiðingar- og reynslutíminn taki þrjú ár. Verkefnið sé það umfangsmikið.

Nokkur hundruð milljónir króna munu fylgja verkefninu á þessu ári og síðan 1,5 til 2 milljarðar á ári í uppbyggingu og utnumhald. Út

frá hagfræðilegri greiningu Björns Brynjólfs Björnssonar og Haraldar Línal Haraldssonar sé hins vegar gert ráð fyrir margfaldrari arðsemi á skömmum tíma.

Í gær greindi Fréttablaðið frá skýrslu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um mikinn kostnað við börn með fjölpættan vanda sem ríkið velti yfir á sveitarfélögin. Ásmundur segir að fundað verði á næstunni með sveitarfélögunum til að leysa það mál.

Hann telur að hið nýja kerfi muni koma í veg fyrir mörg af þeim málum sem valda sveitarfélögunum umtalsverðum kostnaði. ■



Niagara-fossarnir eru í New York-ríki.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bandaríkjamenn telja Niagara-fossa vera hér á landi

benediktboas@frettabladid.is

BANDARÍKIN Í skoðanakönnun sem um tvö þúsund Bandaríkjamenn tóku þátt í um helstu náttúruundur Bandaríkjanna og staðsetningu þeirra, kom í ljós að 22 prósent halda að Niagara-fossarnir séu á Íslandi. Aðeins rétt rúmlega helmingur veit að Grand Canyon er í Arizona.

Um 64 prósent telja sig samt vita hvar helstu áfangastaðir Bandaríkjanna eru, en helmingurinn vissi hvar Kaliforníu Redwood-skógurinn er. Þá töldu átján prósent Shawnee-skóginn vera á Írlandi, en hann er í Illinois. ■



AGS haldi Íslandi fyrir efnahags- og sóttvarnaáðgerðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

AGS lofar aðgerðir gegn faraldrinum

kristinnhaukur@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Framkvæmdastjórn Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins hrósaði íslenskum stjórnvöldum í nýrri úttekt á stöðu Íslands. Væru mótvægisáðgerðirnar vel útfærðar og öflugar og hefðu þær minnkað áhrif faraldursins á bæði fyrirtæki og heimili. Þá hefðu sóttvarnaáðgerðir verið öflugar og fljótár og bólusetningarætlanir staðist.

Sjóðurinn gerir ráð fyrir hægum efnahagsbata á þessu ári og að árið 2022 verði verg landsframleiðsla orðin sú sama og fyrir faraldurinn, árið 2019. Áftur á móti telur sjóðurinn að aukning ferðamannastraums verði almennt hæg og því verði landsframleiðslan almennt minni en fyrir faraldurinn næstu fimm árin. ■

Vitarnir varða gönguleið á Suðurlandi

Ný ferðaleið um Suðurland liggur á milli þriggja víta og er ætluð íslenskum sem erlendum ferðalöngum.

arnartomas@frettabladid.is

SUÐURLAND Vitaleiðin er ný leið á Suðurlandi sem verður formlega opnuð í dag. Leiðin teygir sig um suðurströndina í gegnum Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Stokkseyri og hana má fara gangandi, hlaupandi, ríðandi eða hjólandi.

Nafngiftin er tilkomin vegna vitanna Selvogsvita og Knarrarósvita, sem marka upphaf og enda leiðarinnar, en að auki er þriðji vitinn á leiðinni Hafnarnesviti í Þorlákshöfn.


„Við vildum skoða hvort hægt væri að vinna með einhverjar nýjar þemaleiðir, og þá kom hugmyndin upp um vitana,“ segir Laufey Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Markaðsstofu Suðurlands. „Vitarnir hafa lengi vísað sjófarendum til lands svo okkur datt í hug að nýta þá líka til að leiðbeina ferðamönnum.“

Laufey segir að einnig hafi verið horft til þéttbýla á svæðinu, Stokkseyrar, Eyrarbakka og Þorlákshafnar, sem hún telur ekki hafa fengið verðskuldaða athygli.

Leiðin er unnin í samstarfi við sveitarfélag Árborgar og Ölfuss, en einnig var kallað til þjónustuaðila á svæðunum á vinnustofur, til að draga saman einkenni hvers svæðis fyrir sig. „Hvert þorp hefur sitt sérkenni þótt ekki sé langt á milli,“ segir Laufey. „Það var gaman að heyra hvað þjónustuaðilar voru gladdir með að láta leiða sig svona saman og sjá endalaus tækifæri skapast með Vitaleiðinni.“

Einn helsti kosturinn við leiðina er að hún er að stórum hluta annaðhvort sandfjara eða malbikaður stígur, svo ekki þurfti að leggja í neina meiri háttar stígagerð.

„Okkar verkefni var að ramma þetta betur inn, sjá hvort það væru



Vitaleiðin er í heild sinni tæplega fimmtíu kílómetra löng en hana má fara í áföngum pyki hún of löng í einu.



Vitarnir hafa lengi vísað sjófarendum til lands svo okkur datt í hug að nýta þá líka til að leiðbeina ferðamönnum.



Laufey Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Markaðsstofu Suðurlands.



Knarrarósviti er einn þriggja víta á leiðinni.

MYND/ÁRBORG

einhverjar hættur og auðvitað að kynna leiðina,“ segir Laufey. „Leiðin er ekki stíkuð svo það er gott að nýta strandlengjuna til að miða við, og ekki verra að dýfa tånun í Atlantshafið.“

Vonir eru bundnar við að bæði erlendir og íslenskir sæki ferðina og segir Laufey að auðvelt sé að skipta henni í tvennt, eða jafnvel þrennt, vilji fólk fara hana fótgangandi. „Þetta er tiltölulega auðveld ganga og í góðu veðri ætti þetta að vera á flestra færi,“ segir hún.

Leiðin verður vígð klukkan 13 á Stað á Eyrarbakka í dag. Fulltrúar Árborgar og Ölfuss klippa á borða, auk þess sem boðið verður upp á tónlistaratriði og fleira. Í Knarrarósvita flytur tónlistarkonan Kira Kira tónlist og í Hafnarnesvita verður boðið upp á listasmíðju fyrir börn.

„Ég vona að fólk mæti til að kynna sér þá frábæru upplifun í náttúru, menningu, sögu, afþreyingu og mat sem svæðið hefur upp á að bjóða,“ segir Laufey. ■

Flækingsfuglinn grákráka hélt til í Svarfaðardal

linda@frettabladid.is

NÁTTÚRA Sjaldséð grákráka sást norður í Svarfaðardal fyrir skömmu, en grákrákur sjást af og til hér á landi sem flækingsar. Þorfinnur Sigurgeirsson náði ljósmyndum af fuglinum, en um mánaðamótin varð Gunnsteinn Þorgilsson, bóndi á Sökku í Svarfaðardal, krákkunar var.

„Ég var bara á traktornum á leið heimreiðina þegar ég sá fugl sem ég hafði aldrei séð áður og flaug eitt-hvað skringilega. Hún sveif bara svona til og frá á milli trjáa en svo fór hún að reyna að komast að bænnum, í garðinn hjá okkur þar sem við erum með lifrænan úrgang,“ segir Gunnsteinn.

„Hún var að krunka mikið uppi í stóru tré í garðinum og alltaf að koma að fá sér smá snakk, svona fjórum til fimm sinnum á dag. Hundinum fannst hún mjög spennandi en það var held ég ekki gagnkvæmt,“ segir Gunnsteinn. Hann segir hana ekki hafa látid sjá sig nú í nokkra daga, en hún var ein á ferð.

Grákrákan er af ætt hröfnunga, en hrafnninn er sá eini þeirrar ættar sem verpir hér. Varp kráka hefur ekki tekist sem skyldi hér á landi. Á Vísindavef Háskóla Íslands segir að það gæti skýrst af því að krákur og hrafnar kjósi sömu vist og ekki sé pláss fyrir þau bæði hér á landi, eða þá að Ísland liggji fyrir norðan útbreiðslumörk helstu krákatagunda. ■



Grár litur er einkennandi fyrir grákrákuna.

MYND/ÞORFINNUR SIGURGEIRSSON

Straumurinn er í Öskju!



Yfir 30 gerðir rafmagnaðra bíla

Askja býður glæsilegt úrval 100% rafbílanna, tvinn- og tengiltvinnbílanna frá Mercedes-Benz, Kia og Honda. Við erum sérfræðingar í rafbíllum og svörum öllum þínum spurningum um allt sem þeim tengist.

**Komdu í reynsluakstur, við tökum vel á móti þér.
Opð í dag frá kl. 12–16.**

Fimmtíu ár frá birtingu Pentagon-skjalanna

Með birtingu skjalanna fékk almenningur loks upplýsingar um afskipti Bandaríkjanna af Víetnam og leitt var í ljós að forsetar Bandaríkjanna höfðu sagt ósatt.

thorvardur@frettabladid.is

BANDARÍKIN Á sunnudag er liðin hálf öld síðan New York Times birti fyrstu brotin af Pentagon-skjölunum svokölluðu sem vörpuðu ljósi á afskipti Bandaríkjanna af Víetnam, bæði á sviði stjórn mála og hernaðar, frá 1945 til 1967.

Gögnunum var lekið af Daniel Ellsberg, sem starfaði hjá bandaríska varnarmálaráðuneytinu og vann að rannsókn á sögu bandarískrar ihlutunar í Víetnam gegn kommúnistum. Hann hafði ítrekað reynt að vekja athygli stjórnmalámmanna á skjölunum án árangurs og ákvað því að fara með þau í fjölmiðla.

Almenningur fékk loksins upplýsingar um ástandið í Víetnam og markmið Bandaríkjanna með stríðsrekstrinum þar. Forsetar, allt frá Harry Truman til Lyndon B. Johnson, höfðu sagt ósatt um aðkomu Bandaríkjanna og haldið upplýsingum frá bæði almenningi og þingheimi.

Á endanum fór svo að Bandaríkin töpuðu stríðinu og var það í fyrsta sinn í sögu landsins sem það gerðist. Bandaríkjamenn neyddust til að flýja frá Víetnam með skottið á milli lappanna árið 1975. Kostnaðurinn var gríðarlegur, bæði í mannlífum og peningum auk þess sem mynd Bandaríkjanna var mjög löskuð og ástandið heima fyrir varð gríðarlega eldfimt. Eftir 20 ár af átökum voru um tvær milljónir Víetnama fallnar og um 60 þúsund Bandaríkjamenn.

Birting skjalanna átti eftir að hafa mikil áhrif á bandarísk stjórnmal. Ríkisstjórn Richards Nixon, sem var við völd við lekann, barðist hatramlega gegn birtingu þeirra og fór þess á leit við New York Times að bláðið birti ekki fréttir um þau. Ellsberg var kærður fyrir brot á lögum um njósnir, en dómari ómerkti réttarhóldin þar sem stjórn Nixons hafði látið hlera síma Ellsberg og brjótast inn á skrifstofu sálfræðings hans.


Nixon sagði af sér embætti forseta árið 1973 eftir Watergate-hneykslið, en Pentagon-skjölun voru eitt af því sem svæti ímynd hans í aðdraganda hneykslisins og veiktu stöðu hans í embætti. Þau höfðu sýnt svart á hvítu að stjórnvöldum var ekki treystandi til að segja sannleikann og forsetar, sem áður voru álitnir svo gott sem óskeikulir, voru líka færir um að gera mistök.

Traust Bandaríkjamanna á stjórnkerfinu laskaðist mjög við lek-



Uppljóstrarinn Daniel Ellsberg og eiginkona hans, Patricia Marx, voru kampakát eftir að máli gegn honum var vísað frá dómi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY.



Ellsberg ljósritaði um sjö þúsund blaðsíður af rannsókn bandaríska varnarmálaráðuneytisins um Víetnam og kom til fjölmiðla. Hann var einn þeirra sem unnu að rannsókninni, sem varpaði ljósi á lygar stjórnvalda og mun umfangsmeiri hernaðaraðkomu Bandaríkjanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ann og fram undir lok 8. áratugarins stóð þingið fyrir umfangsmiklum úttektum á leyniþjónustustofnunum þar sem í ljós komu tilraunir á mannfólki, morð á þjóðarleiðtogum og skipulagðar hreinsanir í Víetnam þar sem tæplega 30 þúsund manns voru myrtir vegna meintra tengsla við uppreisnarhópa kommúnista. Auk þess voru síðareglur og lög um aðgang almennings og fjölmiðla bætt.

Uppljóstrarar hafa þrátt fyrir

þetta verið skotmörk bandarískra stjórnvalda allt fram á þennan dag. Stjórn George Bush yngri fangelsaði blaðamanninn Judith Miller fyrir að neita að gefa upp heimildarmann og Barack Obama setti áður óþekktan kraft í að lögsækja uppljóstrara. Joe Biden forseti hefur ákveðið að snúa af þessari vegferð. Auk þess kallaði hann eftir bættum síðareglum fyrir hið opinbera í kosningabaráttunni í fyrra en hefur ekki gripið til aðgerða í þeim efnum enn. ■



Lögmenn stórblaðsins New York Times gengu frá Hæstarétti Bandaríkjanna eftir að hafa varist lögbannskröfu Pentagon.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Heimildarmenn blaðamanna og gögn að baki fjölmiðlaumfjöllun njóta ríkrar verndar á Íslandi

adalheidur@frettabladid.is

Nokkur dæmi eru um fréttamál sem eiga uppruna sinn í stórum gagnaleikum. Í nokkrum tilvikum hafa þau ratað til dómstóla þar sem heimildaverndin hefur ávallt haft betur.

Lánabók Kaupþings

Þann 1. ágúst 2009 hugðist fréttastofa RÚV flytja fréttir byggðar á gögnum úr lánabók Kaupþings, en skilanefnd Kaupþings fékk lögbann á birtinguna skömmu áður en kvöldfréttatíminn fór í loftið. Mörgum er eflaust í fersku minni þegar Bogi Ágústsson hóf fréttatímann á frásögn af því að ekki mætti segja fyrstu frétt fréttatímans. Lögbannið tók einungis til RÚV og næstu daga fluttu aðrir miðlar margar fréttir byggðar á gögnum.

Skilanefndin höfðaði þó ekki staðfestingarmál um lögbannið og því reyndi ekki á það fyrir dómstólum.

Lekamálið

Vorið 2014 fór af stað atburðarás sem lauk með afsögn þáverandi dómsmálaráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur. Fjölmiðlar komust yfir óformlegt minnisblað sem unnið var í dómsmálaráðuneytinu um tvo hælisleitendur. Hafði minnisblaðið að geyma fordómafullar fullyrðingar um annan þeirra og um það fjölluðu fjölmiðlar. Lögreglan óskaði eftir að dómari úrskurðaði um skyldu fréttastjóra mbl.is til að svara fyrir hver skrifaði frétt vefsins um málið og hvort mbl.is hefði óformlegt minnisblað innanríkisráðuneytisins undir höndum. Þá vildi lögreglan fá að vita með hvaða hætti mbl.is hefði komist yfir minnisblaðið og frá hverjum það barst.

Dómstólar höfnuðu beiðni lögreglunnar og töldu hana ekki hafa sýnt fram á að hagsmunir blaðamanns af því að halda trúnað við heimildarmann sinn ættu að vikja fyrir hagsmunum af því að það mál sem til rannsóknar var upplýstist að fullu.

Lögbannsmálið

Stuttu fyrir kosningarnar 2016 hóf Stundin að flytja fréttir úr gögnum sem lekið hafði verið úr protabúí Glitnis, þar á meðal var fjallað ítarlega um viðskipti Bjarna Benediktssonar, þáverandi forsætisráðherra, við Glitni rétt fyrir hrun. Eignarhaldsfélagið Glitni HoldCo fékk lögbann á umfjöllunina og við tók langt ferli fyrir dómstólum til staðfestingar á lögbanninu.

Málið fór alla leið til Hæstaréttar sem sló því föstu að heimildaverndin nái ekki eingöngu til þess að upplýsa ekki nákvæmlega hver heimildarmaðurinn sé, heldur felist einnig í verndinni að blaðamanni verði ekki gert skylt að veita upplýsingar sem geti leitt til þess að kennsl verði borin á heimildarmanninn. Um kröfu Glitni HoldCo þess efnis að blaðamönnum verði gert að svara spurningum um gögnin, sagði Hæstiréttur að útilokað væri að tryggja að svör við slíkum spurningum veiti ekki vísbendingar um frá hverjum umrædd gögn stafa. ■



Jón Bjarki og Jóhann Páll, þá blaðamenn DV, fengu blaðamannaverðlaun fyrir lekamálið.



Jón Trausti Reynisson, ritstjóri Stundarinnar, mætti í Hæstarétt vegna lögbannsmálsins.

Rafmögnuð

SUMARHÁTÍÐ



Í dag hjá HEKLU verður blásið í lúðrana og haldin sannkölluð rafmögnuð bílaveisla. Fjór hjóladrifinn Volkswagen ID.4 GTX verður frumsýndur en ID.4 var nýlega valinn Bíll ársins. Í dag hefst líka forsala á fjór hjóladrifnum Skoda Enyaq. Á boðstólum verða gómsætar pylsur frá Bæjarins bestu og rjúkandi kaffi frá Kaffitár. Veltibíllinn sívinsæli tekur gesti hring eftir hring á meðan Blaðarinn töfrar upp listaverkum. Komdu í heimsókn til okkar í dag og skoðaðu fjölbreytt úrval raf- og tengiltvinnbíla. **Sjáumst hress!**




HEKLU

LAUGARDAGUR 12. JÚNÍ
FRÁ 12:00-16:00



Audi Q4 e-tron



Audi e-tron



Forsala á fjór hjóladrifnum hefst!

Skoda Enyaq iV



Volkswagen ID.4



Volkswagen ID.3



Audi Q7 TFSI e



Volkswagen Arteon Shooting Brake eHybrid



Mitsubishi Eclipse Cross Phev



Volkswagen Touareg eHybrid

Tengiltvinnbílar (Plug in Hybrid)



www.hekla.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000

Fylgdu okkur!



@HEKLA

Forðast ábyrgð



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Hér á landi þurfa byggingar að standast áraun jarðskjálfta og óblíðra veðra og þær þurfa að mæta ítarlegum kröfum sem gerðar eru til þeirra í lögum og aðskiljanlegum reglugerðum.

Reglulega koma upp mál þar sem mygla hefur tekið byggingar slíkum tókum að þær teljast ógna heilsu þeirra sem þangað koma. Listi þeirra bygginga er langur og fjöldi opinberra bygginga áberandi. Velferðarráðuneyti hraktist úr Hafnarhúsinu. Tryggingastofnun flutti af Laugavegi í Kópavog. Landspítalinn er illa leikinn af leka og myglu. Kársnesskóla var ekki talið viðbjargandi og húsið jafnað við jörðu. Að ónefndu Orkuveituhúsinu.

Undanfarin misseri hefur linnulitill fréttalutningur verið af málefnum barna í Fossvogsskóla. Í upphafi stigu foreldrar fram og kröfðust þess að fram færi rannsókn á því hvort húsnæði skólans væri lekt og sýkt af myglu. Ekki verður með góðu móti sagt að sú rökstudda krafa hafi fengið jákvæðar undirtektir hjá eiganda húsnæðisins, Reykjavíkurborg.

Þar kom að fyrir lá að mygla væri í húsinu og börnunum ekið daglega á annan stað svo þau gætu fengið lögboðna kennslu við aðstæður sem ekki ógnuðu heilsu þeirra. Eftir var til endurbóta sem þegar upp var staðið kostuðu útsvarsgreiðendur í borginni á sjötta hundrað milljóna.

Þá átti allt að vera komið í gott horf og myglunni verið úthýst. Ekki leið á löngu þar til kvartanir foreldra um myglu tóku að berast á ný. Enn voru borgaryfirvöld seinþreytt til viðbragða.

Niðurstaðan varð á sama veg, skólanum lokað og enn voru börnin keyrð fram og til baka. Líklegt er að þeim á sjötta hundrað milljónum sem varið var til hrákasmíðanna við viðgerðina á skólanum hafi verið sóað til einskis.

Það er plagsiður stjórnvalda hér á landi að hlusta ekki nægjanlega á kvartanir og ábendingar fólks. Pukrið í kringum Fossvogsskólamálið dregur það ljóslega fram.

Fréttablaðið komst nýlega yfir tölvupóstsamskipti þar sem aðstoðarmaður borgarstjóra lýsir áhyggjum sínum af því að umræðan um skólann gæti orðið „hysterísk“ í framhaldi af því að fyrirsurnir fjölmiðla um leka í skólanum í janúar 2020 tóku að berast borginni. Í pósti aðstoðarmannsins til sex borgarstarfsmanna var lagt á ráðin um hvernig viðbrögðum skyldi háttað. Þar lýsti hann þeirri von sinni að borginni tækist að „halda lokinu á þessu“. Í frétt sem flutt var hér í blaðinu nýlega skýrði aðstoðarmaðurinn orðaval sitt út. Þær eftir-áskýringar eru ekki sérlega trúverðugar.

Þvert á móti blasir við að borgaryfirvöld töldu að kvartanir foreldra um að börn þeirra yrðu að hirsti í heilsuspillandi húsnæði væri móðursýki og mikilvægt að bæla niður alla umræðu um ástand skólans.

Varla er um að ræða annað en að ástand skólans og hinna myglubygginganna sé afleiðing áratuga vanrækslu viðhalds. Á því bera borgaryfirvöld í gegnum tíðina ábyrgð. En á viðbragðsleysinu í máli Fossvogsskóla ber borgarstjóri ábyrgð. Það hefur fremur verið hans still að forðast óþægileg mál og tefla öðrum fram þegar þau ber á góma.

Svo er einnig nú. ■

■ Gunnar



■ Mín skoðun

Opinbert leyndarmál



Sif Sigmarsdóttir

Það er júní 2020. Breskt samfélag hefur verið í sóttkví í þrjú mánuði vegna kórónaveirufaraldursins. Verslanir, skólar, skrifstofur; öllu hefur verið lokað. En nú horfir til betri vegar. Fjöldi nýrra smita er óverulegur og Boris Johnson forsætisráðherra hefur fyrirskipað kröftuga enduroppun samfélagsins. Ráðgáta varpar hins vegar skugga á gleðina. Eithvað undarlegt er á seydi í Leicester. Þrátt fyrir að í borginni gildi sömu sóttvarnareglur og annars staðar fjólgar smitunum á ógnarhraða. Hvað veldur?

Átta árum fyrr, í Banglades, á sér stað atburður sem við fyrstu sýn virðist ekki eiga neitt sameiginlegt með óvæntri Covid-hópsýkingu í Leicester.

Það er 24. apríl 2013. Mörg þúsund starfsmenn fataverksmiðju í útjaðri höfuðborgarinnar Dhaka mæta til vinnu. Stór sprunga hefur myndast í átta hæða Rana Plaza byggingunni. Starfsfólk biðst undan því að fara inn í verksmiðjuna þar sem fatnaður er framleiddur fyrir alþjóðlegar tiskuvörudejgur. En í heimi síbreytilegrar tisku er hraði fyrir öllu. Yfirmennirnir hóta því að þeir sem ekki mæti verði hýrudregnir um heil mánaðarlaun.

Rétt fyrir klukkan níu hrynur byggingin. Mahmudul Hridoy starfar á sjöundu hæð. Hann hafði gift sig þrem dögum fyrr og átti von á sínu fyrsta barni. Hann opnar augun fastur í braki hússins. Honum til furðu blasir við honum besti vinur hans, Faisal, sem starfar á annarri hæð. Hann er dáinn; einn af 1.134 sem létust í einu mesta iðnaðarslysi sögunnar. „Ég mun aldrei geta fyrirgefið það hvernig höfuðkúpa hans opnaðist fyrir augunum á mér,“ sagði Hridoy.

Rana Plaza harmleikurinn markaði tímamót. Ógerlegt var lengur að lita fram hjá þeim mannlega fórnarkostnaði sem hlýst af ásælni okkar í ódýran tiskufatnað.

En hvað hefur iðnaðarslys í Banglades að gera með Covid-smit í Leicester?

Leicester átti sér opinbert leyndarmál. Í

borginni eru starfræktar á bilinu þúsund til fimmtán hundruð fatagerðir. Í mörgum þeirra voru starfsskilyrði ekki mikið betri en í Banglades. Samkvæmt rannsókn blaðamanns Financial Times hafði fataiðnaðurinn í borginni „fjarlægst“ vinnulöggjöf og starfaði í eigin neðanjarðarhagkerfi þar sem litíð var framhjá svírðilegri misnotkun á vinnuafli í hálfgerðum þrælubúðum. Þegar heimsfaraldurinn brast á var starfsfólki fatagerðanna gert að halda áfram vinnu eins og ekkert hefði í skorist. Úr varð hópsýking sem leiddi til þess að 360.000 manna borg var skellt í lás á sama tíma og aðrir landshlutar risu úr Covid-dvala.

Þá vindur sögunni hingað heim: Það er febrúar 2018. Lögregla rannsakar þjófnad við Smiðshöfða. Í ljós kemur að í iðnaðarhúsnæði við götuna búa á þriðja tug erlendra verkamanna við hættulegar aðstæður. Búið er að smíða utan um þá svefnkassa úr spónaplötum, engar brunavarnir eða flóttaleiðir eru til staðar og eldhætta er mikil.

Í vikunni var eigandi starfsmannaleigunnar sem hafði umrædda verkamenn á sínum snærum dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að stofna lífi þeirra í bráða hættu.

Skýr skilaboð

Sannleikurinn um raunverulegt verð ódýrs vinnuafli blasti við veröldinni fyrir átta árum í Banglades. Ásókn okkar í skynditísku minnkaði þó ekki heldur jókst hún svo mjög að þrælubúðir blómstruðu fyrir allra augum í Leicester. Það var ekki fyrr en starfsemin olli kaupendum sjálfum ónæði í Covid-faraldrinum að gripið var í taumana.

Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri fagnaði dómnum yfir eiganda starfsmannaleigunnar og sagði hann hafa fælingarmátt. „Barna eru mjög skýr skilaboð.“

En í málinu felast önnur skilaboð, skilaboð til okkar allra: Þótt við teljum okkur gera góð kaup er alltaf einhver sem borgar brúsann. ■

FRÉTTABLAÐIÐ 20 ÁRA

NÁÐU TIL FJÖLDANS!

44% **68%**

18-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali* 55-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

Sími: 550 5050 – soludeild@frettabladid.is

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

KRÓNAN

Mmm ...

Meðlæti með læti gott á grillið!




Grænn aspas í bunti

799 kr. pk.



Maísstönglar m/smjöri 4 stk.

599 kr. pk.



Sætar kartöflur 400 g

998 kr. pk.



Kartöflusmálki 400 g

859 kr. pk.



Jacked Potatoes 400 g

1389 kr. pk.



Nóatúns rjómasósa 420 ml

569 kr. stk.



Sashi rib-eye steikur 500 g

3998 kr. pk.



Sashi entrecote steikur 500 g

3998 kr. pk.

KVEIKJUM Á SUMRINU



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/það myndabrengl.



ÚTSALA
30%
AFSLÁTTUR

RIA
2ja og 3ja sæta sófar

2ja sæta
69.993 kr. -99.990 kr.

3ja sæta
76.993 kr. -109.990 kr.



ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

VENICE
2ja og 3ja sæta leðursófar

2ja sæta
167.992 kr. -209.990 kr.

3ja sæta
215.992 kr. -269.990 kr.



ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

BRISTOL
Hægindastóll
63.992 kr. -79.990 kr.



ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

PETRI
3ja og 2,5 sæta sófar

2,5 sæta
171.992 kr. -214.990 kr.

3ja sæta
183.993 kr. -229.990 kr.



ÚTSALA
30%
AFSLÁTTUR

JOY
Hægindastóll
úr rauðu
gæðaleðri
195.993 kr. -279.990 kr.



ÚTSALA
30%
AFSLÁTTUR

FIERCE
Borðstofustóll
25.193 kr. -35.990 kr.



ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

EMBRACE
Borðstofustóll
26.392 kr. -32.990 kr.



ÚTSALA
40%
AFSLÁTTUR

MAIDSTONE
Borðstofuborð
59.994 kr. -99.990 kr.

160 x 80 x 75 cm



ÚTSALA
40%
AFSLÁTTUR

HEAVEN
Sófaborð
47.994 kr. -79.990 kr.

130 x 70 x 46 cm



ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

HEAVEN
3ja sæta sófi

251.992 kr. -314.990 kr.



ÚTSALA
30%
AFSLÁTTUR

SAINTES
Glerskápur/svart birki
153.993 kr. -219.990 kr.



MOTTUR OG TEPPI

ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR



ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

ALLIR PÚÐAR



VALDAR LUKTIR

ÚTSALA
50%
AFSLÁTTUR



ÚTSALA
50%
AFSLÁTTUR

EIGHT MOOD
Ilmkerti
3.995 kr. -7.990 kr.



ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

ALLIR SPEGLAR

Reykjavík 11 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.
Yfirstríkað verð sýnir fullt verð vöru. Verð gildir til 11. júlí 2021,
eða á meðan birgðir endast.

SUMAR ÚTSALA

Allt að **50%** afsláttur



SCOTT

Hornsófi úr mjög sterku bonded leðri (leðurblöndu). Litur Kentucky Stone. Fæst með hægra eða vinstra horni (ekki færánlegt).

223.992 kr. ~~279.990 kr.~~

STOCKHOLM Garðhúsgagnalínan frá Brafab kemur í tveimur litum, natur og svörtu. Álgrind, handofinn úr sérlega endingargóðu fléttuefni. Fyrsta flokks

svampur í sessum og bakpullum. Endingargott Olefin áklæði. Fáanlegir hornsófar, 3ja sæta sófar, stólar, sólbekkir, sófaborð og hnallar.



STOCKHOLM
20%
KYNNINGAR
AFSLÁTTUR

STOCKHOLM

Hornsófi 2H2. Stærð: 252 x 252 x 80 cm **215.992 kr.** ~~269.990 kr.~~



STOCKHOLM

Hægindastóll

47.992 kr. ~~59.990 kr.~~



MEDUSA
Kampavínglas **1.692 kr.** ~~1.990 kr.~~

*Fallegur borðbúnaður
- tilvalinn í útileguna
eða út á pallinn!*

MEDUSA
15%
KYNNINGAR
AFSLÁTTUR



MEDUSA
Skál 14,5 cm **1.267 kr.** ~~1.490 kr.~~



Senegalinn Mane er í guðatölu í heimalandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Mane fundaði með forsetanum

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Knattspyrnumaðurinn Sadio Mane, sem leikur með landsliði Senegal og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni, fundaði í vikunni með forseta Senegal til að kynna hugmyndir sínar um spítala sem hann vill reisa í heimabæ sínum. Um leið ræddu Mane og Macky Sall, forseti Senegal, undankeppni HM 2022 og áform Senegal í næstu Afrikukeppni.



Mane er næstmarkahæsti leikmaður Senegal frá upphafi með 23 mörk í 75 leikjum.

Mane skoraði í báðum leikjum senegalska landsliðsins en að leikjunum loknum fór hann til fundar með Sall. Þar kynnti hann hugmyndir sínar um spítalabyggingu í Bambali, þorpinnu sem Mane ólst upp í. Það var enginn spítali á svæðinu þegar Mane ólst upp og hefur Mane minnst á að það hefði verið hægt að bjarga lífi hans með spítala. ■

Hefur sýnt ótrúlegan andlegan styrk

Jóhanna Lea Lúðvíksdóttir leikur í dag til úrslita á einu virtasta áhugakylfingamóti heims. Það er til mikils að vinna eftir 36 holar dagsins.

kristinnpall@frettabladid.is

GOLF. „Ég er ofboðslega stolt af þeirri staðreynd að vera fyrst Íslendinga að leika á þessu stigi mótsins. Ég hef fengið nóg af hamingjuskilaboðum að heiman frá fjölskyldu og vinum og vonandi verða margir að fylgjast með úrslitaevinginu,“ sagði Jóhanna Lea Lúðvíksdóttir í samtali við Oliviu McMillan, fjölmiðlafulltrúa Opna breska áhugamótsins í golfi, í gær eftir að Jóhanna komst í úrslitin fyrst Íslendinga. Um er að ræða eitt elsta og virtasta áhugakylfingamót heims, sem fór fyrst fram árið 1893.

Jóhanna Lea mætir hinni skosku Louise Duncan í 36 holu úrslitaleik í Skotlandi í dag. Keppt er í holukeppni og er því langur dagur fram undan fyrir Jóhönnu, en sigur tryggir henni þátttökurétt á þremur risamótum og Opna bandaríska áhugamótinu í golfi á Augusta-velli í Georgíu.

Í undanúrslitunum í gær var Jóhanna þremur holum eftir á þegar fimm holar voru eftir, en hún gafst ekki upp og náði að kreista fram bráðabana þar sem hún hafði betur á fyrstu holu.

„Það kom tímakafla þegar ég var þremur holum undir þar sem ég var orðin frekar pirruð á spilamennskunni, en þá vissi ég að ég gæti ekki breytt því sem búið væri. Ég reyndi bara að einbeita mér að mínum leik og tókst að snúa leiknum mér í hag.“

Síðustu dagar hafa verið langir en þrátt fyrir það er engan bilbug að finna á Jóhönnu.

„Ég get ekki sagt að ég finni fyrir þreytu. Ég nýt góðs af því að hafa pabba með mér, sem sér til þess að ég borði á réttum tíma en ég á von á að reyna að safna orku í kvöld.“



Jóhanna Lea náði að snúa leiknum sér í hag á lokaholunum og koma leiknum í bráðabana. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Fyrir hönd golfhreyfingarinnar erum við ofboðslega stolt og hlökkum til að fylgjast með henni á lokahringnum.

Ólafur Björn Loftsson

Jóhanna Lea er í 944. sæti á heimslista áhugakylfinga þessa dagana, en von er á stóru stökki á næstunni með frammistöðunni í Skotlandi.

„Þetta er alveg stórkostlegt og afrek í sögu golfþróttarinnar á Íslandi. Hún er búin að keppa á móti þremur af bestu áhugakylfingum

heims og sló út sigurvegara mótsins frá árinu 2019. Það sem vekur líka athygli er að þetta eru allt jafnir leikir, þar sem hún nær að snúa leiknum sér í hag á lokaholunum. Hún hefur náð að sýna ótrúlegan andlegan styrk þegar leikirnir eru undir,“ segir Ólafur Björn Loftsson, afreksstjóri GSÍ, aðspurður út í afrek Jóhönnu.

„Fyrir hönd golfhreyfingarinnar erum við ofboðslega stolt og hlökkum til að fylgjast með henni á lokahringnum.“

Ólafur tók undir að með því að vinna slíkt mót gætu opnast ýmsir gluggar á risamótunum.

„Algjörlega. Sviðið gerist ekki stærra en þetta í áhugamannagolfi, þetta er stærsta mót heimsins í þeim flokki. Verðlaunin fyrir að vinna mótíð sýna hvað þetta er stórt mót á heimsvisu. Fyrir vikið erum við

gríðarlega stolt af henni og öllum þremur keppendum okkar á þessu móti. Ragnhildur Kristinsdóttir vinnur högggleikinn og Hulda Clara Gestsdóttir kemst líka áfram í holukeppnina.“

Ólafur hrósaði Jóhönnu fyrir þrautseigjuna en hún mun leika sama völlinn í tviðgang þriðja daginn í röð á morgun og áttunda og niunda skiptið á sex dögum.

„Þetta eru orðnar ansi margar holar og undir gríðarlegu andlegu álagi. Kannski er það ekki enn búið að síast inn hvað þetta er stórt tækifæri. Hún er með hausinn vel stilltan,“ segir Ólafur, um álagið og leikfyrirkomulagið á móttinu.

„Þetta er aðeins öðruvísi fyrirkomulag en um leið mjög skemmtilegt. Það verður rosalega mikið undir á morgun í sama fyrirkomulagi en með fleiri holur.“ ■



FRAMTÍÐ LÍFEYRISKERFISINS

KYNNINGARFUNDUR

Fulltrúaráðsfundur Birtu lífeyrissjóðs verður haldinn **þriðjudaginn 15. júní kl. 17:00** á Grand hóteli, Reykjavík.

Á fundinum mun Benedikt Jóhannesson gera grein fyrir úttekt Talnakönnunar hf. á tryggingarvernd sjóðfélaga Birtu í víðu samhengi.

Við leyfum okkur að horfa 50 ár fram í tímann þar sem hugað er að:

- Nægjanleika lífeyris
- Áhrifum séreignar á lífeyri og ráðstöfun hennar til húsnæðiskaupa
- Samspili við almannatryggingakerfið
- Breytingum á grunnforsendum lífeyris

Auk kjörinna fulltrúa eru allir sjóðfélagar velkomnir á fundinn á meðan að húsrúm leyfir.

Fundinum verður streymt á vef Birtu, www.birta.is



Stelpurnar okkar fagna einu af mörkum fyrri hálfleiksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kaflaskipt í sigri stelpnanna okkar

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið skoraði þrjú mörk snemma leiks í 3-2 sigri á Írlandi í æfingaleik á Laugardalsvelli í gær. Íslenska liðið komst þremur mörkum yfir snemma leiks en Írum tókst að laga stöðuna í seinni hálfleik með tveimur mörkum.

Þetta var fyrri æfingaleikur liðanna af tveimur, en þau mætast á ný á þriðjudaginn í síðasta æfingaleik kvennalandsliðsins fyrir undankeppni HM sem hefst í haust. Ísland hefur nú leikið sex leiki gegn Írlandi, unnið þrjá þeirra og enn ekki tapað leik.

Þetta var fyrsti heimaleikur kvennalandsliðsins í tæpa tíu mánuði og um leið fyrsti leikur liðsins undir stjórn Þorsteins Halldórssonar. Þorsteinn tefldi fram sóknjörfu liði og lék liðið við hvurn sinn fingur í fyrri hálfleik. Agla María Albertsdóttir og Dagný Brynjarsdóttir sáu um að skora mörkin fyrir Ísland í fyrri hálfleik en mörkin hefðu hæglega getað orðið fleiri.

Spilamennskan náði ekki sama flugi í seinni hálfleik og tókst Írum tvisvar að hleypa spennu í leikinn á ný en gestunum gafst ekki tími til að jafna metin á lokamínútum leiksins. ■

N1 Vegabréf

Fylltu

SUMARIÐ

af fjöri



1 Lay's
snakkpoki
Sour Cream & Onion
eða Salted 27,5 g

2 Coca Cola
án sykurs
0,5 lítra

3 Nóa Krisp
Rjómasúkkulaði
með krispkúlum
25 g

4 Sumar Kristall
330 ml dósi

5 Bubs
hlauppoki
20 g

6 Extra Sweet Mint
tyggjópakki

#vegabréf21

Taktu fjörið alla leið!

Ferðalagið verður leikandi létt með N1 í sumar. Safnaðu stimplum í Vegabréfið þitt á N1 stöðvum vítt og breitt um landið. Skemmtilegur glaðningur fylgir hverjum stimpli. Í ferðalok skilar þú Vegabréfinu fullstimpluðu inn á næstu N1 stöð og getur unnið glæsilega vinninga.

Komdu með okkur alla leið og fylltu sumarið af fjöri!

N1 ALLA LEIÐ

Fjallalækarnir og félagarnir Tómas Guðbjartsson og Ólafur Már Björnsson hafa ferðast um Ísland í fjölda ára og kynnst mörgum perlunum sem þeir deila nú með heiminum á nýstofnaðri vefsíðu sinni, fokusahjartalsins.is.

Tómas og Ólafur fóru báðir í sérfræðinám í útlöndum en á námsárinum var ekki mikið ferðast um Ísland. „Ég var í ellefu ár í sérnámi, bæði í Svíþjóð og Bandaríkjunum, og þegar ég kom heim árið 2005 var áhuginn á fjallamennsku sprottinn upp hér á landi sem aldrei fyrr,“ segir Tómas sem starfað hafði sem fjallaleiðsögu- maður áður en hann fór utan.

„Við Ólafur kynntumst fljótlega eftir heimkomu en ég hafði séð myndirnar hans.“ Ólafur hefur lengi haft mikinn áhuga á ljósmyndun og tekið tilkomumiklar myndirnar sem birst hafa með greinum þeirra félaga. „Ég hef verið að mynda frá því ég var sjö ára og pabbi gaf mér myndavél en þegar stafræna bylt- ingin fór á skrið jókst áhugi minn enn frekar.“

Tómas kynntist hálandinu snemma enda faðir hans jarð- fræðingur. Hann hafði því gaman af því að kynna augnlækinn Ólaf, nýkominn frá sérnámi í Noregi, fyrir hverri perlunni á eftir annarri.

„Við fundum tóninn og höfum farið ansi víða saman,“ segir Ólafur og Tómas bendir á að þeir hafi orðið virkir félagar í FÍFL, Félagi íslenskra fjallalækna, þar sem flestir voru læknar en eina skilyrðið til þátttöku var að hafa einhvern tímann farið til læknis. Eftir að Tómas tók sæti í stjórn Ferðafélags Íslands hafa þeir beint kröftum sínum meira þar og í vaxandi mæli að náttúruvernd.

Enginn svaka áróður

„Við fórum að birta myndir af náttúruperlum sem fólk hafði ekki séð og stóð jafnvel til að fórna fyrir virkjanir. Við ákváðum að vera ekkert með neinn svaka áróður heldur reyna að gefa þessum perlum andlit á samfélagsmiðlum,“ segir Tómas.

Þeir félagar hafa notað ýmsar leiðir til að vekja athygli á verndun náttúrunnar og ein leiðin var að gefa út Fossadagatal og Fossabækling með myndum af fossunum upp af Ófeigsfirði á Ströndum sem stóð til að virkja með Hvalárvirkjun. Útgáfan var á eigin kostnað. „Svo stóðum við bara niðri í bæ fyrir ein jólin og seldum. Fyrsta upplagið rokseldist svo við þurftum að prenta annað enn stærra, sem líka rauk út.“

Þeir ákváðu strax að veita fjölmiðlum og einkaaðilum aðgang að myndum sínum til að bera út fagnaðarerindið og fengu einmitt Jarðarberið, fjölmiðlaverðlaun umhverfisráðuneytisins, árið 2018. Félagasamtök eins og Ferða- félag Íslands hafa einnig getað nýtt myndirnar óspart.

Fókusinn og hjartað


Í dag fer svo í loftið glæný og glæsileg heimasíða þeirra félaga, fokusahjartalsins.is. „Heimasíðan er í raun framhald af því sem við höfum verið að gera,“ segir Tómas en eftir þá hafa birst greinar í fimmtudags- blöðum Fréttablaðsins í þrjú ár og segir Tómas nafnið hafa komið af sjálfu sér.

„Fókusinn er vísun í augnlækinn sem jafnframt á flestar myndirnar og svo skrifa ég, hjartalækinninn, greinarnar frá hjartanu. Það var svo dóttir mín, Guðbjörg Tómasdóttir, sem hannaði lógóid,“ segir Tómas og Ólafur bætir við: „Ég segi nú alltaf að við verðum að hafa sjónina í lagi því heimurinn er svo fallegur.“ – „En maður sér nú ekki mikið ef hjartað dælir ekki,“ bætir Tómas spöskur við.

Greinar þeirra félaga hafa verið



Þeir félagar hafa gengið víða um óbyggðir og myndað bæði á hefðbundinn hátt og úr dróna. Hér er gengið á Efri-Dyrhamar í Öræfajökli. MYND/ÓLAFUR MÁR



Á vefsíðunni fokusahjartalsins.is má finna greinar og ljósmyndir.



Fögrufjöll við Langsjó, séð ofan af Sveinstindi. MYND/ÓLAFUR MÁR



Björk Eidsdóttir bjork @frettabladid.is

Hálendið þeirra hjartans mál

vinsælar og eiga þeir sér dygga lesendur í hverri viku. „Sjúklingar mínir, sumir yfir áttætt, hafa verið að klippa greinarnar út og safna þeim,“ segir Ólafur og Tómas segir fólk jafnvel stoppa sig út í búð og þakka fyrir sig. „Þetta er fólk á öllum aldri en sumir segjast ekki treysta sér lengur í langar gönguferðir og ferðast því með okkur á þennan hátt á fimmtudögum.“

Greinarnar telja nú vel á annað hundraðið og segjast þeir enn ekki uppiskroppa með staði og hugmyndir. „Þegar við ferðumst erum við með þetta í huga. Ég er til að mynda örugglega búinn að koma fimmtíu sinnum í Kverkfjöll en það er alltaf hægt að finna nýja vinkla á slíkum stöðum til að fjalla um,“ segir Tómas og bætir við að greinarnar virki hvetjandi á þá að finna fleiri staði sem þeir hafi ekki komið á nú þegar. „Það er alltaf smá grúsk í kringum hverja færslu og tekur sex til átta klukkustundir að setja textann saman. Við köfum í heimildir og árbækur og reynum yfirleitt að fá heimamenn til að lesa yfir varðandi örnefni og annað slíkt.“

Ólafur rifjar upp sögu frá síðasta sumri þar sem þeir voru fyrir austan, í Stafafelli í Lóni. „Okkur fannst við tjalda frekar nálægt hvor öðrum en þegar við svo komum til baka úr göngu Sáum við að búid var að koma



En þá kom út úr vagninum ung kona, sigri hrósandi með bunka af úrklippum af greinum okkar í Fréttablaðinu.

tjaldvagni fyrir á milli tjaldanna okkar, og vorum ekki sérlega sáttir við það. En þá kom út úr vagninum ung kona, sigri hrósandi með bunka af úrklippum af greinum okkar í Fréttablaðinu. Hún hafði þá keyrt alla þessa leið til að skoða það sem við höfðum skrifað um Lón og þetta tjaldstæði, og ómeðvitað tjaldað á milli okkar höfundanna,“ rifjar hann upp og hlær.

Vildu koma öllu á einn stað

Ólafur bendir á að myndataka hafi breyst mikið með tilkomu dróna og hann þannig farið að taka upp fleiri myndbönd. Þá langaði að koma öllum greinum sínum og þessu mikla myndefni saman á einn stað og hafa því varið ómældum tíma sl. ár í að útbúa glæsilega heimasíðu.



Á heimasíðunni er einnig hægt að nálgast allar fimmtudagsfærslurnar í Fréttablaðinu og þar eru kort og GPS-hnit sem sýna hvar á landinu staðirnir eru. Fólk getur því farið á heimasíðuna til að fá hugmyndir fyrir ferðalög í sumarfríinu, og það eftir landshlutum.

„Við erum að gera þetta af hugsjón í frítíma okkar og það er gaman að halda þessu öllu saman á einum stað,“ segja þeir að lokum um leið og þeir skora á sem flesta að kíkja á fokusahjartalsins.is sem er öllum opin. ■

Tómas og Ólafur gengu auðvitað upp að gosinu í Geldingadöllum.

Guli miðinn VÍTAMÍN

Bætir, viðheldur og ver
heilsu fjölskyldunnar.

Fæst í apótekum
og stórmörkuðum
um allt land.

SÉRÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Sérhönnuð vítamín fyrir
okkur sem búum
á norðlægum slóðum

STRANGAR GÆÐAKRÖFUR

Alþjóðleg GMP gæðavottun,
framleitt í samvinnu
við alþjóðlega framleiðendur
sem starfa samkvæmt
ströngustu gæðakröfum

gulimidinn.is



ÁN ÓÆSKILEGRA AUKAEFNA

Eins og litarefna og
sætuefnanna aspartam
og súkralósa

ENDURVINNANLEGAR UMBÚÐIR

Allar umbúðirnar mega
fara í endurvinnslu

VARÐVEITUM GÆÐIN

Brúna glerglasið varðveitir
gæði vítamínsins og ver það
fyrir fyrir sólarljósi sem og
mengun frá plastumbúðum

gæði á góðu verði



Tónlistarkonan Unnur Birna Björnsdóttir þjáist af tókófóbíu, sjúklegri hræðslu við meðgöngu og fæðingu. Hún hélt því að hún yrði aldrei móðir en örlögin gripu í taumana.

Unnur Birna býr nú í snotru einbýlishúsi í Hveragerði ásamt sambýlismanni sínum og barnsföður, Sigurgeiri Skafta Flosasyni, og sex mánaða gamalli dóttur þeirra. Unnur sleit barnsskónum á Laugum í Suðurbíngjarsýslu en þegar hún stálpaðist flutti fjölskyldan inn til Akureyrar. Það var þó listin sem dró Unni svo til Reykjavíkur en hún lærði ung að leika á bæði fiðlu og píanó. „Árið 2007 fékk ég hlutverk í uppsetningu Borgarleikhússins á Jesus Christ Superstar og flutti þá suður, sem var erfitt því ég er mikil pabba- og mömmustelpan.“

Það sannaði sig enn frekar þegar foreldrar Unnar tóku ákvörðun um að flytja austur fyrir fjall árið 2014 og Unnur fylgdi eftir ári síðar. „Ég ætlaði ekkert að flytja í Hveragerði en mygla kom upp í íbúðinni sem ég leigði í Vesturbænum og var farin að hafa slæm áhrif á rödd mína. Ég var þá að fara út að spila með Ian Anderson og varð bara að flytja út,“ segir Unnur Birna, en fyrir þá sem ekki vita er téður Ian söngvari sveitarinnar Jethro Tull.

„Svo sá ég þetta hús til sölu á 17,9 milljónir og við fyrrverandi eiginn maður minn ákváðum að bjóða í það og hugsuðum með okkur að ef tilboðið yrði samþykkt ættum við að flytja.“ Svo fór að tilboðinu var tekið og þau fluttu í Hveragerði. Þegar þau svo skildu nokkrum árum síðar keypti Unnur Birna fyrrverandi eiginnmanninn út. „Og hér er ég enn,“ segir hún, sátta á sínum stað.

„Þetta er að verða aftur listamannabær og minnir mig svolítið á Szentendre, rétt fyrir utan Búdapest, sem við amma heimsóttum einu sinni til að skoða gallerí og annað. Ég fæ svolítið þessa tilfinningu fyrir Hveragerði og það mætti markaðssetja bæinn þannig.“

Unnur Birna og Skafti kenna bæði við Tónlistarskóla Rangæinga. „En gígginn eru úti um allt og við erum því miðsvæðis upp á það að gera. „Hvergerðingar eru opnir fyrir nýju fólki og nýjungum og menningarfulltrúinn hefur tekið mjög vel á móti okkur öllum,“ segir Unnur en faðir hennar, Björn Þórarinnsson, betur þekktur sem Bassi í Mánum, hefur meðal annars staðið fyrir Harmónikkahátíð í bænum. „Hann getur ekki hætt og er 77 ára enn að kenna tónlist í bílskúrnum hjá sér.“

Ákváðu að opna hjónabandið

Hljómsveit Unnar Birnu og Bjössa Thor hefur haslað sér völl í djasssenunni hér á landi undanfarið ár en sveitin er auk Unnar skipuð Birni Thoroddsen gítarleikara, Skúla Gíslasyni, mági Unnar, á trommum og Skafta, sambýlismanni hennar, á bassa. „Þetta er mjög fjölskylduvænt,“ segir Unnur og hlær en sveitin mun í sumar leika bæði á Suðurlandi og í Reykjavík.

Unnur og Skafti kynntust fyrst í Tónlistarskóla FÍH. „Hann segist þá hafa orðið skotinn í mér en ég leit auðvitað ekki við honum enda var hann bara 18 ára,“ segir Unnur, sem er fjórum árum eldri, í léttum tón. „Við hittumst svo löngu síðar í gegnum tónlistina og urðum góðir vinir.“ Unnur var þá enn í hjónabandi en segir að farið hafi verið að fjara undan því. „Hjónabandið var í raun búið, ástríðan horfin en við vorum enn bestu vinir. Við tókum því ákvörðun um að opna samband okkar, sem varð svo til þess að ég varð ástfangin af Skafta og var hrein-skilin um það við þáverandi eiginnmann minn.

Ég myndi aldrei vera í opnu sambandi í dag, þetta er í raun það fáránlegasta sem mér hefur dottið í hug að



Björk Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Karlar myndu aldrei gera þetta

gera. En ég fann það snemma í kringum Skafta að hann væri maðurinn minn.“ Ákvörðunin um skilnað kom í beinu framhaldi og segir Unnur hana hafa verið í fullri sátta. „Hann kemur hingað í heimsókn og meira að segja hjálpaði okkur aðeins með pallinn,“ segir Unnur sem er nýbúin að sýna blaðamanni forláta pall sem prýðir garðinn. „Ef allir skilnaðir gætu bara verið svona.“

Sjúkleg hræðsla við fæðingar

Unnur er eins og fyrr segir haldin tókófóbíu, sjúklegri hræðslu við meðgöngu og fæðingu. „Fyrir mér var hugmyndin um að ganga með og fæða barn álika spennandi og fyrir þér er að fara út í garð og kveikja í þér. Ég skildi ekki hvernig nokkur kona gat viljað gera þetta.“ Unnur segist hafa bælt niður löngun um barneignir. „Ég man þó eftir að hafa haldið á litlu frænku minni, grátið og hugsað með mér: „Af hverju vil ég þetta ekki? Af hverju get ég ekki gert þetta?““

Eftir að Unnur og Skafti fóru að rugla saman reyttum árið 2017 segist Unnur hafa farið að leiða hugann

að því að það væri gaman að eiga barn saman. „En ég bægi þessum hugsunum jafnóðum frá mér því ég vissi að ég gæti hreinlega ekki farið í gegnum þessa reynslu,“ útskýrir Unnur. „Konur með þessa fóbíu eiga oft mjög erfitt með að fæða barn og lenda þær því oft í bráðakeisara enda streitist líkaminn á móti.“

Hræðslan er að sögn Unnar í hennar tilfelli bæði tengd meðgöngu og fæðingu. „Ég get ekki einu sinni horft á kálf fæðast. Ég man þegar ég var í grunnskóla og við vorum látin horfa á fæðingu í tíma. Það endaði með því að kennarinn leyfði mér að fara út enda var að líða yfir mig, snjöhvítu og kaldsveitta.“

Hefði aldrei fætt um fæðingarveg

Unnur segist hafa fundið alþjóðlegan Facebook-hóp með konum höldnum sömu fóbíu og þangað hafi hún sótt styrk. „Það skiptir máli fyrir okkur að vita að við erum ekki einar, þetta er bara eitt af því sem fyrirfinnst í heiminum.“ Unnur fór í framhaldi að opna sig um reynslu sína á Instagram-reikningi sínum og fékk mikil viðbrögð frá íslenskum

Áráttu- og þráhyggjuröskun og tókófóbía hafa stjórnað lífi Unnar Birnu.
FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

„Ég myndi aldrei vera í opnu sambandi í dag, þetta er í raun það fáránlegasta sem mér hefur dottið í hug að gera.“



Fyrir mér var hugmyndin um að ganga með og fæða barn álika spennandi og fyrir þér er að fara út í garð og kveikja í þér.

konum í svipaðri stöðu. „Fyrst ég fór í gegnum þetta og lifði þetta af þá geta þær mögulega hugsað sér að eignast barn í dag.“

Stærsta baráttumálið í huga Unnar er að konur fái sjálfar að velja hvernig þær komi barni í heiminn. „Ef við viljum, af hverju megum við ekki velja keisara? Ég hefði aldrei farið í gegnum þessa meðgöngu hefði ég þurft að fæða barnið um fæðingarveg. Aldrei nokkurn tíma!“ Unnur segist hafa rætt málið við kvensjúkdómalækni fyrir nokkrum árum. „Ég á mjög erfitt með að fara til kvensjúkdómalæknis og í fyrsta skiptið óskraði ég af hræðslu þegar ég sá græjurnar, svo hrædd var ég.“

Unnur ræddi við kvensjúkdómalækninn um að framkvæma á henni ófrjósemisaðgerð sem hún hafði fyrst íhugað við 18 ára aldur. „Hún benti mér þá á að ég væri haldin þessari fóbíu og til væru leiðir fyrir konur eins og mig. Hún lofaði mér því að ef ég yrði einhvern tímann ólétt gæti ég fengið að fara í keisaraskurð.“ Það var léttir en í huga Unnar var meðganga og fæðing enn útilokuð.

„Þetta plantaði þó einhverju fræi um að ég gæti átt barn. Við ræddum þetta, við Skafti, og ég var í rosa-legu limbó þar sem ég sveiflaðist á milli þess að vilja og þora ekki. Við megum fara í brjóstastækkun og magaminnkun. Það eru aðgerðir og þeim fylgir áhætta. Af hverju megum við velja um slíkt en ekki um þetta? Við fáum ekki að velja og ef við fáum það af læknisfræðilegum ástæðum þá er okkur látið líða illa með það. Keisaraskurður er stærsta kvíðarholsaðgerð sem gerð er. Það er ekkert auðvelda leiðin,“ segir hún ákveðin um leið og hún veltir upp spurningunni um hvernig þessu væri háttáð ef karlar gengju með og fæddu börnin.

Varð óvænt barnshafandi

Unnur hætti að taka getnaðarvarnarpilluna vegna hættunnar á blóðtappamyndun eftir langa notkun. „Ég notaði þá bara frábært app, Flo, til að fylgjast með tíðahringnum.“ En eitthvað fylgdist hún ekki nægilega vel með og komst að því að hún væri með barni og fylgdi því mikill ótti. „Mér fannst tilhugsunin um fóstureyðingu líka hræðileg og fannst ég því föst.“

Næstu tveir mánuðir einkenndust af hræðslu og vaknaði Unnur Birna oft á nóttu í hræðslukasti. „Ég grenjaði í baði hvert kvöld og hljóp upp á fjall þar sem ég reyndi að hoppa þetta úr mér.“

Unni leið þó vel líkamlega og ákvað að halda barninu. „Ég hafði samband við lækinn minn, tók einn dag í einu og notaði jóga mikið. Ég fékk góðan stuðning frá heilbrigðisstarfsfólki fyrir utan eina ljósmóður sem vildi setja mig á gedyfið Sertral til að ég myndi treysta mér í fæðingu. Ég hef aldrei tekið lyf og fannst það útilokað á fimmta mánuði meðgöngu.“

Unnur segist hafa verið dugleg að minnka kvíðann á meðgöngunni með jóga og eins hafi heilbrigðisstarfsfólk sýnt henni ríkan skilning enda hafi hún oftast en einu sinni fengið kvíðaköst í mæðraskoðun. „Það að ég skyldi verða ólétt var jafn líklegt og að köttur yrði forseti. En að heilbrigðiskerfið hafi staðið með mér og boðið mér upp á keis-

Ferðadagar BL

Lokadagur í dag!

300.000 kr.
aukahlutir að eigin vali*

Ferðadögum BL lýkur í dag! Komdu á Sævarhöfða ogaktu út í sumarið á nýjum bíl með veglegum aukahlutum sem passa við áhugamálin þín og lífsstíl.



Magnaður leiðtogi í tíu ár

Nissan LEAF

Verð frá 4.490.000 kr.

100% rafmagn



Rafmagnað ár hjá Renault
5 ára ábyrgð

Renault Captur E-Tech

Verð frá 4.490.000 kr.

Plug-in Hybrid

Renault Megane E-Tech

Verð frá 4.790.000 kr.

Plug-in Hybrid



Nissan Navara Fjór hjóladrífinn
Verð frá 7.190.000 kr.



Gormafjöðrun að aftan.
3.500 kg dráttargeta

Tæknileg fullkomnun
4 ára ábyrgð



BMW X3

Fjór hjóladrífinn

Verð 8.490.000 kr.

Plug-in Hybrid



MINI Cooper SE

Verð 5.190.000 kr.

100% rafmagn



100% rafdrífinn MINI Cooper
4 ára ábyrgð

Hannaður fyrir íslenskar aðstæður



SUBARU XV e-BOXER Fjór hjóladrífinn

Verð frá 6.490.000 kr.



Ný vefverslun BL

Aukahlutir á frábæru verði!

Við bjóðum fjölda spennandi aukahluta sem fullkomna bílinn þinn og gera áhugamál fjölskyldunnar ennþá skemmtilegri. Skoðaðu úrvalið á www.bl.is/vefverslun

*fylgir völdum bílum BL, sjá nánar á www.bl.is



Þakbogar
Fyrir fyrir alla bíla

15% afsláttur!
Verð frá: 39.000 kr.



Hjólafesting á topp
Fyrir 1 hjól

Ferðadagaverð: 23.990 kr.
Fullt verð: 28.990 kr.



Farangursbox
Stærð: 400l

Ferðadagaverð: 45.000 kr.
Fullt verð: 49.000 kr.

Opið í dag frá 12-16

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



araskurð gerði mig að hamingju-sömustu manneskju í heimi og nú er þetta dásamlega barn komið í heiminn," segir hún glöð.

Fékk hriðastoppandi sprautu

Settur dagur var 6. desember og því var ákveðið að hún færi í valkeisara þann fyrsta þess mánaðar. „Það var svo 26. nóvember sem ég fór að finna fyrir verkjum," rifjar Unnur upp en margir höfðu spurt hana hvað myndi gerast ef hún færi sjálfkrafa af stað í fæðingu en hún alltaf bægt þeim möguleika frá sér.

Hún segist hafa orðið hrædd og haft samband við sjúkrahúsið á Selfossi þar sem starfsmenn vissu hvernig ætti að taka á hennar málum. „Ég var sett í múnitor og þar sem tíu mínútur voru á milli hriða var tekin ákvörðun um að senda mig í bæinn í keisara og mér gefnar hriðastoppandi sprautur.“

Unnur segist þrátt fyrir allt hafa haldið ró sinni enda sannfærð um að hún yrði ekki látin fæða barnið óðruvísi en með keisara. „Ég held að hún sé svona róleg og góð því allt var svo rólegt þegar hún kom í heiminn," segir hún, sannfærð um að það hafi áhrif. „Því finnst mér að það ætti að gera allt til að láta konu líða vel á meðgöngu og í fæðingu.“

Áráttur og þráhyggjur

Unnur var greind með áráttu-þráhyggjuröskun, OCD, aðeins sex ára gömul. „Þetta byrjaði sakleysislega, eða með því að ég þurfti alltaf að segja „stopp“ á eftir hverri setningu. Ég sagði mömmu frá þessu og man að hún sagði: „Æ, ert þú svona líka?“ enda sjálf með röskunina. „Ég fór svo að fá hræðsluköst og eitt skiptið upplifði ég svo mikla oföndun og hröðun á hjartslætti að mamma fór með mig á spítala. Ég lá inni í nokkra daga og var send í hjartalínurit og blóðprufur en endaði svo bara hjá sálfræðingnum," segir Unnur, sem var greind með ofsakviðakast.

„Þar var nú ekki meira gert en að benda mér á að ræða málið við mömmu sem skildi mig. En þarna hefði verið hægt að hjálpa mér," segir hún, sem hefur þurft að taka á fjölmörgum þráhyggjum í framhaldi. Oftast snúast þær um að afstýra heilsubresti eða hamförmum.

„Ég fór eitt sinn til sálfræðings sem sagði að fólk með þessa röskun væri gott fólk því það væri alltaf að reyna að bjarga heiminum," segir hún brosandí. „Þetta er kvíði sem lýsir sér þannig að maður býr til hegðun til að koma í veg fyrir að eitthvað hræðilegt gerist. Ég sannfæri mig til dæmis um að ef ég segi: „Heilbrigður, langlífur, frísk!“ þá verði allt í lagi með alla," segir Unnur og þylur orðin endurtekið í lágum hljóðum.

„Algennt er að fara með einhvers konar múntrur og bænir og sjálf þarf ég daglega að þylja upp nöfn allra sem mér þykir vænt um – þar með töldum kisanna og blessa alla. Ég hef lesið Nýja testamentið frá því ég var tíu ára og það er orðin þráhyggja. Ég tel mér trú um að ef ég les ekki í því daglega gerist eitthvað hræðilegt.“

Þráhyggjurnar eru eins og fyrr segir margvíslegar. „Ég hef átt erfitt með að komast niður stiga. Ég er kannski búin að labba niður nokkrar tröppur þegar ég átta mig á að ég hugsaði vitlausa hugsun og þarf þá að snúa við, stundum margofit. Allir vinir mínir vita að ef ég festist svona, eins og í miðjum tröppunum, þurfa þeir að hrópa: Frísk! Þeir eru svo dásamlegir við mig en eru þó auðvitað að taka þátt í þessu með mér.“

Ein áráttan var að þurfa að signa alla mánuði í dagatölum sem urðu á vegi hennar. „Það eru því engin dagatöl hér inni," segir hún. „Ein snerist um að allur fatnaður sem ég klæddist þurfti að strjúka höku mína áður en ég klæddi mig í hann. Þetta var ákveðið vandamál þegar ég lék í leiksýningunni Spamalot í Þjóðleikhúsinu þar sem mikið var



Unnur gæti ekki verið ánægðari með Náttól Viktoríu, sex mánaða gamla dótturina sem hún ætlaði ekki að þora að eignast en fékk nafn sigurvegarans.



Þriggja manna fjölskyldan unir hag sínum vel í snotru einbýli í Hveragerði.



Það er ekki annað að sjá en að unga daman hafi erfitt tónlistarhæfileikana.

um hraðaskiptingar en mér tókst alltaf að gera þetta við hverja flík," segir Unnur og getur varla annað en hlegið. „Ég er með ælufóbiu og ef ég geri þetta þá ælir enginn.“

Hræðslan við að valda skaða

Unnur segir alla slík hegðun þó hafa minnkað eftir að dóttirin kom í heiminn. „Ég vil ekki að hún fái neitt svona og legg mig því fram við að minnka þetta. Ég er að reyna að segja mér að ef það verður slys þá er það ekki af því ég fór í aðra skálmína á ákveðinn hátt. Það sé ekki mér að kenna. Þessi hræðsla við að valda einhverju slæmu getur verið mjög hamlandi því þó innst inni viti ég að ég geri engan skaða með hegðun minni tek ég ekki sénsinn.“

Unnur fékk að heyra að mögulega gæti kvíðinn versnað með tilkomu

barns. „Ég svaf ekkert fyrstu fimm sólarhringana og tek enn púlsinn á henni þegar hún sefur. Þetta hefur þó skánað og ég held að það hvernig ég tæklaði meðgönguna og fæðinguna hafi styrkt mig. Hún heitir Viktoría því mér finnst ég hafa sigrað heiminn með því að komast í gegnum þetta," segir Unnur sem hefur mikið notað öndun og jóga til að hjálpa sér. „Svo snýst þetta líka um að treysta einhverju, hvort sem það er guð eða eitthvað annað. Það hefur hjálpað mér, að vita að það er ekki ég sem ber ábyrgðina á öllu," segir Unnur Birna sem er augljóslega enn á bleiku skýi eftir tilkomu dóttur sinnar.

„Mér finnst við allar sem höfum gengið með börn og fætt börn vera ofurhetjur. Karlar myndu aldrei gera þetta," segir hún að lokum. ■

Konum ráðlagt að fæða um leggöng

Við ræddum við ljósmæðurnar Emmu Marie Swift og Ingu María Hliðar Thorsteinson um hugtakið fæðingaróttá. Þær segja mikilvægt að komast að því hvers eðlis ótta barnshafandi konu er.

„Það er mjög eðlilegt að kona sem verður barnshafandi í fyrsta sinn finni fyrir einhverjum kvíða eða ótta fyrir því sem fram undan er. Í einstaka tilfellum er óttinn þó þess eðlis að hann hefur mikil áhrif á hvernig konunni líður, jafnvel þannig að hún finni fyrir miklum kvíða eða ótta fyrir fæðingunni og þurfi meiri aðstoð til að vinna með óttann. Við höfum ekki tölur yfir þetta á Íslandi, enda mælum við ekki sérstaklega fæðingaróttá á meðgöngu.

Þegar kona finnur fyrir ótta er mikilvægt að finna hvers eðlis óttinn er og að hverju hann beinist. Það er algengur misskilningur að allar konur sem finna fyrir fæðingaróttá vilji fæða með keisaraskurði – þó svo að slíkt þekkist. Ef kona hefur áhyggjur af sársauka í fæðingu er eðlilegt að mæla með deyfingu snemma í ferlinu. Ef kona hefur helst áhyggjur af því að hún þekki ekki það starfsfólk sem muni sinna henni, er eðlilegt að ráðleggja henni að velja fæðingarstað þar sem boðið er upp á samfellda þjónustu þar sem konan getur myndað gott og traust samband við þá ljósmóður sem mun sinna henni í fæðingu. Ef kona hefur áhyggjur af því að fæðing geti verið skaðleg fyrir barnið, er eðlilegt að fá að ræða við fæðingarlækni eða barnalækni sem getur gefið henni upplýsingar um að fæðing um leggöng er í langflestum tilfellum mjög öruggur fæðingarmáti bæði fyrir konuna og barnið.

Geta konur sem greindar eru með fæðingaróttá valið að fæða með keisaraskurði?

Konum sem finna fyrir miklum ótta á meðgöngu er boðið að ræða bæði við ljósmóður og lækni. Í samtalinu er unnið að því að finna leiðir sem auka öryggi konunnar og finna bjargráð sem hún getur nýtt sér í fæðingu. Upplýsingar sem konur hafa um fæðingarferlið eru oft mjög bjagaðar.

Einnig er konum yfirleitt mjög mikilvægt að hafa stjórn á fæðingarferlinu – og þótt sumum konum finnst þær hafa mesta stjórn á ferlinu með því að fara í keisaraskurð, þá er það alls ekki algengt.

Þessi stjórn getur nefnilega komið með því að velja sér fæðingarstað þar sem konan þekkir þá ljósmóður sem mun sinna henni, eða velja sér fæðingarstað sem konan getur heimsótt fyrir fæðingu og fengið svör við öllum sínum spurningum. Stundum getur þessi stjórn einnig falist í því að velja sér inngrip í fæðingunni, eins og til dæmis mænurótardeyfingu snemma í ferlinu. Í einstaka tilfellum vilja konur fæða barn sitt með keisaraskurði, en þetta er mjög sjaldgæft enda er keisaraskurður stór aðgerð og mikið inngrip sem hefur bæði þær afleiðingar að konan er lengur að jafna sig eftir fæðingu en einnig afleiðingar fyrir næstu þungun og fæðingu. Konum er því ráðlagt eindregið að fæða barn sitt um leggöng, þó það þekkist að fæðing með keisaraskurði sé ákveðin sem besti möguleiki í ákveðnum aðstæðum. ■



Emma Marie Swift ljósmóðir.

MYND/ADSEND



Inga María Hliðar Thorsteinson ljósmóðir.

MYND/ADSEND

Við erum með lausnina



Við búum yfir viðtækri reynslu og þekkingu og bjóðum sérsniðnar lausnir sem leysa allar helstu þarfir sveitarfélaga.

wise.is





Jón Arnór Stefánsson getur nú varið mun meiri tíma á heimahögunum í faðmi fjölskyldunnar en hann hefur bundið endahnút á glæsilegan körfuboltaferil sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Skórnir komnir lengst upp í hillu



Hjörvar Ólafsson
hjórvaro
@frettabladid.is

Jón Arnór Stefánsson lék á dögnum sinn síðasta körfuboltaleik en þar með lauk löngum og glæsilegum ferli hans. Ferill hans hófst í Laugarnesinu en færði sig fljótlega yfir í Vesturbæinn.

Á körfuboltaferli sínum, sem lauk á dögnum, settist Jón Arnór Stefánsson meðal annars að í Kaliforníu, Dallas, Pétursborg, Napolí, Róm, Malaga, Valencia og Zaragoza.

Síðasti leikurinn var svo með Val að Hlíðarenda. Þar þurfti Jón Arnór að setta sig við tap gegn uppeldisfélagi sínu, KR, en þar voru andstæðingar hans til að mynda æskuvinirnir Helgi Már Magnússon og Jakob Örn Sigurdarson.

„Þetta byrjaði allt saman í Laugarnesinu. Þar voru körfur úti um allt þegar ég var að alast upp. Finnur Vilhjálmsson, Steinar Kaldal og fleiri góðir menn ruddu brautina í hverfinu og smituðu okkur ungu pjakkana af körfuboltaáhuga.“

Svo var NBA-körfuboltaæðið í hæstu hæðum og Michael Jordan var átrúnaðargóðið. Við vorum þarna gengi í Laugarnesinu, ég, Helgi Már, Andri Fannar Ottósson, Hjalti Kristinsson, Björgvin Halldór Björnsson og fleiri sem vorum helteknir af körfunni. Það var ekkert í gangi í Laugarnesinu hvað körfubolta varð þannig að við tókum strætóinn í Vesturbæinn og byrjuðum að æfa með KR,“ segir Jón Arnór um upphaf körfuboltaferils síns.

Á Benedikt mikið að þakka

„Fljótlega eftir að við byrjum að æfa þar tekur Benedikt Guðmundsson okkur undir sinn verndarvæng. Við verðum óstöðvandi undir hans



Við systkinin fengum svo líka mjög gott uppeldi að heiman en þar var mikill stuðningur við það sem við vorum að gera án þess að ég fyndi nokkurn tímann fyrir þrýstingi.

Jón Arnór Stefánsson.

stjórn. Við vinnum nánast allt sem hægt er að vinna hér heima og vinnum einnig Scania Cup. Ég á Benedikt mikið að þakka og hann á stóran þátt í velgengni minni í körfuboltanum. Við erum mjög góðir vinir enn í dag,“ segir hann um uppvaxtarárin í körfunni.

Ljúfar minningar úr Laugarnesi

„Við systkinin fengum mjög gott uppeldi að heiman. Þar var mikill stuðningur við því sem við vorum að gera án þess að ég fyndi nokkurn tímann fyrir einhvers konar þrýstingi frá foreldrum mínum.“

Þau mættu bara á öll mót, studdu mig og vissu upp á háir hvenær ég þyrfti á hvatningu að halda og hvenær ég þyrfti smá aðhald. Mig langar að lýsa hérna þakklæti mínu til þeirra fyrir ómælanlegan stuðning í gegnum ævina. Það var gríðarlega dýrmætt og var stór þáttur í því að ég náði jafn langt og raun bar vitni.

Eggert bróðir og Stefanía systir eru næst mér í aldri og ég á góðar minningar af því að vera að spila fótbolta við þau í Laugarnesinu.



Jón Arnór Stefánsson var orðinn þreyttur á því lífi sem fylgir því að vera atvinnumaður árið 2009 og ákvað þá að flytja heim og spila í Vesturbænum með KR á nýjan leik.

Það var mikil samkeppni inni á vellinum en á sama tíma ekkert nema kærleikur þegar leikjunum lauk. Við vorum bara stolt af hvert öðru. Þarna var Óli bróðir stundum líka og pabbi tók þátt einnig þátt sem var fallett. Mamma mín er svo höfuðið í fjölskyldunni og sér til þess að binda fjölskylduna saman.

Íris, elsta systir mín, var minna í íþróttum sjálf en hefur stutt vel við bakið á okkur öllum. Keppnisskapið í henni kom svo vel fram á áhorfendapöllum,“ segir hann.

Ólafur dýpkaði huga minn

„Ég leit mikið upp til Óla sem íþróttamanns. Ég fékk oft góð ráð hjá honum og fylgdist vel með því sem hann hafði að segja í fjölmiðlum. Hann veitti mér mikinn innblástur og gerir enn í dag.“

Á ákveðnum tímum á ferlinum varð ég síðan mjög móttækilegur fyrir nálgun á íþróttir. Þá kenndi hann mér að stækka sjóndeildarhringinn og dýpka valið á því sem ég væri að lesa og pæla í. Ég er ekki mjög djúpur að eðlisfari en fór að pæla í heimspeki út af honum,“ segir hann um Ólaf Indriða Stefánsson.

„Við erum í raun öll þannig systkinin að við þörfumst þess ekki að vera í daglegum samskiptum. Það geta alveg liðið mánuðir án þess að við höfum samband en svo þegar síminn er tekin upp þá er bara eins og við höfum spjallað í gær. Það er mikil vinátta og góð samskipti okkar á milli,“ segir hann.

„Þegar ég var að hefja ferilinn sem atvinnumaður saknaði ég þess miklu meira að hafa ekki foreldrana í kringum mig og ég fékk reglulega heimþrá. Þá var bara slegið á þráðinn heim og tekin löng simtöl og þá var allt í góðu. Á tíma menntaskólans voru bara bréfaskriftir í boði því að það var rándýrt að hringja milli Bandaríkjanna og Íslands. Það var besta tilfinning í heimi að fá bréf sent frá fjölskyldu eða vinum.“

Pabbi fór með mér út til Kalforníu þegar ég var á leið í menntaskóla að skoða aðstæður og við áttum góðar stundir þar saman. Mamma og pabbi voru svo dugleg að heimsækja mig þegar ég spilaði erlendis í atvinnumennsku,“ segir Jón Arnór.

Fékk leið á atvinnumennskunni

„Árið 2009 fékk ég svo leiða á því

harki sem er í kringum körfuboltann og þræði að flytja heim. Mér leið eins og ég væri tíu árum eldri en ég var. Skrokkurinn var allur lurkum laminn og ég var andlega þreyttur. Það var mjög gott að koma heim í KR og vera nær fjölskyldu og vinum.

Sú ákvörðun lengdi klárlega ferilinn og ég varð ferskur á nýjan leik. Við hefðum getað hugsað okkur að setjast að í Valencia þegar ég samdi þar því okkur fjölskyldunni leið mjög vel þar. Planið var hins vegar alltaf að flytja heim þegar elsta barnið byrjaði í skóla.

Eftir síðasta leikinn núna með Val er ég kominn með algjörlega nóg af körfubolta og ætla ekki að snerta körfubolta næstu árin. Ég er ekki týpan sem fer í bumbubolta og ég er líklegri til þess að húa saman hóp í innifótbolta eða fara í tennis. Ég hef líka mjög gaman af því að fara í golf,“ segir Jón Arnór sem lék upp yngri flokka Fram í fótbolta.

Hefur áhuga á viðskiptum

„Ég hef starfað sem ráðgjafi og umboðsmaður körfuboltamanna. Sú vinna fullnægir mér hvað körfuboltann varðar. Svo getur vel verið að ég muni smitast af þjálfarabakteríu. Mér finnst líklegast að það verði einkaþjálfun eða afreksþjálfun á smærri hópum. Þannig myndi ég sjá um einstaklingsþjálfun, ráðgjöf ungra og efnilegra leikmanna og aðstoða þá við að komast á samning í atvinnumennsku,“ segir hann.

„Ég mun hefja MBA-nám í Háskólanum í Reykjavík í haust. Ég er mjög spenntur fyrir því. Það er mikið frelsi og léttir sem fylgir því að hafa sett körfuboltaskóna á hilluna þó að ég muni klárlega sakna klefastemningarinnar og spennunnar sem fylgir því að vera í liði sem er að keppa að einhverju.

Langtímamarkmiðið er svo að vinna eitthvað tengt viðskiptum og fjármálum. Ég hef mikla trú á því að körfuboltaferillinn muni nýtast mér mjög vel í að taka þátt í fyrirtækjarekstri og verkefnastjórnun í viðskiptaheiminum.

Næst á dagskrá er hins vegar að eiga gott sumar með fjölskyldunni. Það hefur lent á konunni minni hingað til að halda heimilinu gangandi meðan ég hef fengið að einbeita mér að körfunni. Sá stuðningur er ómetanlegur og ég hlakka til að eyða meiri tíma með þeim.

Ég man sjálfur vel eftir kvöldmáls tímanum sem ég ólst upp við, þar sem öll fjölskyldan sat saman og átti góða stund. Það er dýrmætt en hefur oft verið erfitt að njóta saman þegar ég er að æfa eða keppa á sama tíma. Nú stendur til að bæta úr því og það er komið að mér að leggja meira í þúkkið á heimilinu.

Konan mín hefur verið kletturinn í fjölskyldunni og séð um að heimilislífið gangi smurt. Hún er algjör gullmóli og ég er ofboðslega heppinn að eiga hana að.

Það er frábært að fylgjast með börnunum mínum vaxa og dafna. Það sem er sorglegt þegar ég er að fylgjast með íþróttaiðkun eldri barnanna minna er að það hefur nánast ekkert breyst í aðstöðumálum í Laugarnesinu. Sem gerir það að verkum að strákurinn æfir körfubolta hjá KR.

Við keyptum okkur hús á æskulóðum mínum og aðstaðan hjá Þrótti og Ármanni er eiginlega alveg eins og þegar ég var að byrja minn feril. Það er lélegt og borgaryfirvöld og ríkið þurfa að spýta rækilega í lófana hvað það varðar,“ segir hann.

Frábær tími í Berlín og Finnlandi

Aspurður um hápunkta á ferlinum nefnir Jón Arnór fyrst til sögunnar þátttöku íslenska landsliðsins á Euro Basket 2015 og 2017.

„Það var algerlega magnað að fara á þetta stóra svið með félögum manns sem maður hafði verið að spila mörgum hverjum með upp öll yngri landsliðin. Eftir að hafa verið að selja klósettpappír til þess að geta tekið þátt í mótum með yngri

landsliðunum vorum við komnir á eitt af stærstu sviðunum.

Við vorum smá stjórnustjafir fyrst þegar við mættum og kannski meira samherjarnir sem voru ekki vanir að vera í kringum þessar stóru stjórnur. Við stóðum okkur svo frábærlega og þetta var mikil lyftistöng fyrir íslenskan körfubolta. Þetta var eitthvað sem við gátum ekki látið okkur dreyma um framán af landsliðsferlinum mínum.

Það var líka frábært að sjá félagamann, fjölskyldu og vini úr körfuboltasamfélaginu mæta til Berlínar og Finnlands og taka þátt í þessu aflífi og sál með okkur,“ segir landsliðsmaðurinn fyrrverandi stoltur. ■



Jón Arnór er hér að kveðja stuðningsmenn íslenska landsliðsins í sínum síðasta leik fyrir íslenska liðið. Hann segir þátttöku liðsins á Euro Basket ógleymanlega. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



SIGRÍÐUR ÁRMANN

3. SÆTI

í Kraganum

„Það er atvinnulífsins að leiða vöxt á vinnumarkaði og skapa ný störf.“

„Ég vil styðja við atvinnulífið með lágum sköttum, minnka umsvif í rekstri hins opinbera og útvista verkefnum.“

„Ég vil valfrelsi og nýsköpun í heilbrigðis- og menntamálum.“

„Ég styð frelsi eldri borgara til að ákvarða sjálfir eigin getu og vilja til atvinnuþátttöku.“

RÖDD ATVINNULÍFSINS Á ALÞINGI

Öflugt atvinnulíf leggur grunninn að góðu velferðarkerfi, framþróun og hagsæld.

Það er því hagur okkar allra að efla atvinnulífið.

Ég óska eftir þínum stuðningi í 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins.

Sigríður Ármann

NÁNARI UPPLÝSINGAR
WWW.SIGTHRUDUR.IS

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS
Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI Í DAG FRÁ KL. 9 - 18

Næsta Instagram-ferðamannastjarna landsins



Benedikt Bóas
Hinriksson
benediktboas
@frettabladid.is

Stuðlagil varð Instagram-stjarna Íslendinga ferðasumarið 2020. Nú þegar flestir eru byrjaðir að huga að ferðalögum sumarsins er ekki úr vegi að skoða hvaða staðir geta tekið við af Stuðlagili sem stjarna sumarsins.

1. Stuðlagil

Það vantaði ekki myndir frá Stuðlagili á Instagram á síðasta ári. Sagði landeigandinn að dreifing myndanna minnti helst á einhvers konar faraldur. Landeigandinn fékk engar tekjur af fjöldanum sem kíkti í gilið.

2. Hvítserkur

Á fjöru er hægt að ná rosailegum Instagram-myndum. Áhrifavaldar með filtera gætu dottið í lukkupott læksins og fengið alþjóðleg like með fallegri mynd af þessum sérstæða kletti og jafnvel horft dreymandi til vinstri í forgrunni.

3. Hljóðaklettur

Húsavík gæti orðið heitasti staður sumarsins. Skammt frá eru Hljóðaklettur, eitt sérstæða listaverk náttúrunnar. Þar þarf engan filter því þar á bara að njóta álfa og trölla sem kunna að birtast.

4. Gljúfrabúi

Vissulega kom litli bróðir Seljalandsfoss inn á radar Instagram síðasta sumar en álitsgjafar blaðsins eru sammála um að hann sé líklegur til að slá enn frekar í gegn í sumar. Örstutt ganga og paradís biður.

5. Múlagljúfur

Talandi um að horfa dreymandi til vinstri í forgrunni með einhvern ótrúlegasta bakgrunn landsins. Það er nánast gefið að heimurinn muni ýta á like. Ríki Vatnajökuls gæti orðið sjóðheitt í sumar á Instagram enda margt að sjá.

6. Dimmuborgir

Mývatnssveitin er auðvitað stútfull af ævintýrum en ætli tröllamyndir frá Dimmuborgum séu ekki vænlegar til árangurs, enda eru borgirnar heill heimur út af fyrir sig og auðveldar yfirferðar.



7. Hellarnir við Helli

Ævintýraheimur útaf fyrir sig í aðeins klukkutíma fjarlægð frá borginni. Ákveðin dulúð svifur yfir þeim enda ekki alveg vitað hvenær þeir voru gerðir. Lýsingin er góð og ætti því að nást góð mynd.



8. Seljavallalaug

Ein klassísk sem hefur verið á vitordi Íslendinga lengi. Það er eitt hvað við að dýfa sér ofan í þessa friðuðu laug sem var hreinsuð af ösku fyrir um áratug. Flestir símar eru líka vatnsheldir og því lítil hætta á að eyðileggja þá.



9. Hjörleifshöfði

Star Wars var tekið þarna upp og þekktist hellirinn í höfðanum sem Yoda-hellirinn. Það er nánast gefið að sé sett myllumerkið Star Wars með fallegri mynd þá tekur samfélag kvikmyndanna við sér og ýtir á like.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Ákveðin dulúð er yfir Gljúfrabúa þar sem hann fellur ofan í djúpa gjá.



Hjörleifshöfði er móbergshöfði á Mýrdalsandi, alls 221 metra hár.

SPENNAN MAGNAST



AÐEINS

3.990 kr./mán



stod2.is

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 12. júní 2021



Ólafía þurfti að taka inn verkjalyf daglega til að draga úr sársauka í hnjám en hefur nú endurheimt liðleika vegna Active Joints.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

D400iu – munnúði fyrir börn

Meira magn
- Miklu betra verð!Fæst í völdum apótekum,
Hagkaup og FjarðarkaupGóður liðsfélagi
í dagsins önn

EYLÍF

Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is

Líður undurvel á líkama og sál

Ólafía Ingólfssdóttir var á leið í hnjáskiptaaðgerð þegar hún komst á snoðir um bætiefnið Active Joints frá Eylíf. Á örskömmum tíma var hún farin að hreyfa sig sem aldrei fyrr. **2**



Bætiefnalnan frá Eylif samanstendur af Happier Guts, Active Joints, Stronger Bones og Smoother Skin & Hair.



Ólafía finnur víðtækan mun á sér til hins betra eftir að hún fór að taka inn Active Joints og er nú farin að stunda jóga og hreyfa sig sem aldrei fyrr.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ólafía Ingólfssdóttir er 69 ára og starfadi sem rekstrarstjóri á N1 á Hvolsvelli. „Ég vann langar vaktir, var mikið á ferðinni og var orðin svo slæm í hnenu að ég tók stundum hátt í tíu verkjatöflur á dag og svaf mjög slitrótt vegna verkja,“ útskýrir Ólafía.

Það var svo í fyrirasumar sem Ólafía var á leið í hnjalidaskipti að hún sá auglýsingu um Active Joints frá Eylif.

„Ég hugsaði með mér að ég hefði engu að tapa og ákvað að prófa að taka það inn. Árangurinn lét ekki á sér standa, hann kom fram innan þriggja vikna og í september var ég farin að sofa betur og orðin það góð að ég þurfti ekki lengur að taka verkjatöflur dagana langa,“ upplýsir Ólafía, alsæl með góðan árangur Active Joints á heilsu sína.

„Ég finn líka mikinn mun á meltingunni og mér líður almennt mikið betur líkamlega og andlega. Núna fer ég í jóga og get gert allar æfingar sem ég gat aldrei áður gert. Mér finnst orðið svo auðvelt að hreyfa mig og núna get ég gengið um allt án vandræða, sem ég gat ekki áður,“ segir Ólafía. „Svo er gaman að segja frá því að í kringum mig eru tíu manns sem eru einnig að taka inn Active Joints og finna sömuleiðis mikinn mun á sér líkamlega til hins betra.“

Árangurinn lét ekki á sér standa, hann kom fram innan þriggja vikna, ég farin að sofa betur og orðin það góð að ég þurfti ekki lengur að taka verkjatöflur.

Ólafía mælir svo sannarlega með Active Joints frá Eylif.

„Það er það allra besta bætiefni sem ég hef tekið inn. Ég finn svo mikinn mun á mér, mér líður svo mikið betur og hef miklu meiri liðleika, sem eru mikil lífsgæði fyrir mig. Ég er einnig byrjuð að taka inn Smoother Skin & Hair frá Eylif og finn strax mun á húðinni, nöglunum og hárinu því ég hafði glímt við hárlos. Ég mæli því 100 prósent með vörunum frá Eylif.“

Heilsan er dýrmætust
Vörulínan Eylif býður upp á fjórar frábærar heilsuvörur sem reynst hafa fólki vel. Þær eru Active Joints, Stronger Bones, Smoother Skin & Hair og nýjasta varan Happier Guts. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi úr hreinum, íslenskum hráefnum og engum aukaeftum er bætt við. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi Eylif.

Loksins hreyfing án mikillar fyrirhafnar

Guðlaugur Sigurðsson segir að eftir að hann kynntist Active Joints frá Eylif hafi lífsgæði hans breyst til batnaðar. Hann getur staðið upp án fyrirhafnar og gengið óstuddur upp og niður tröppur. Lífsgæðin hafa því batnað.

Guðlaugur Sigurðsson lenti í alvarlegu vinnuslysi þegar hann var til sjós árið 2010. Hann slasast svo illa að hann var óvinnufær á eftir. Afleiðingarnar voru slæmir stoðverkir víðs vegar um líkamann. „Ég var heppinn að fá spelku frá Össuri þannig að ég gat sinnt daglegum athöfnum. Spelkan var eins konar lífsbjörg fyrir mig á þeim tíma. Eftir slysið var ég stöðugt með verki og átti erfitt með svefn vegna verkjanna,“ útskýrir Guðlaugur. Það var eiginkona hans sem sá auglýsingu um Active Joints frá Eylif. „Hún ákvað að kaupa fyrir mig þetta fæðubótarefni í haust og ég verð að viðurkenna að eftir aðeins viku var ég farinn að finna mun á líkamlegri getu. Það var í raun alveg ótrúlegt og mér finnst gaman að segja frá þessari bættu líðan minni,“ segir hann.

Guðlaugur segist stundum gleyma að setja á sig spelkuna



Guðlaugur segist stundum gleyma spelkunni eftir að hann byrjaði að taka inn Active Joints. MYND/ADSEND

þegar hann fer út í göngutúr. „Ég get orðið gengið upp og niður stiga án þess að styðja mig við handriðið eða þegar ég stend upp frá borði eða úr sófanum. Ég myndi segja að það væri kraftaverk frá því sem áður var. Frá því ég kynntist Active Joints frá Eylif hef ég tekið þrjú hylki á dag. Ég dreifi inntökunni yfir daginn með máltíðum. Þótt fötlun mín eftir slysið hafi ekki horfið þá er ég engu að síður gangandi um glaður í bragði. Mér líður betur og það er góð upplifun. Ég get því alveg mælt heilshugar með Active Joints,“ segir hann.

„Hugmyndin að vörulínunni kom til vegna þess að mig langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem framleidd eru á Íslandi á sjálfbærar hátt úr íslenskum, náttúrulegum auðlindum og auka þannig aðgengi fólks að þessum hráefnum,“ upplýsir Ólöf. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.

„Vinsælasta varan okkar er Active Joints sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og sýna margra ára rannsóknir fram á jákvæð áhrif þeirra,“ segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka, sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi, og notum hreina, íslenska náttúruafurð og hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum.“
Hráefni sem notuð eru í bætiefninu frá Eylif eru ekki erfða-



Þórdís S. Hannesdóttir er mjög ánægð með Happier GUTS.

Lifið nú annað og betra en áður

„Ég mæli eindregið með Happier Guts frá Eylif því það hefur reynst mér mjög vel,“ segir Þórdís S. Hannesdóttir, sem hefur af því frábæra reynslu. „Ég var svo heppin að kynna Happier Guts eftir ábendingu um að bætiefnið virkaði vel fyrir meltinguna. Ég hef alltaf verið með lata þarmastarfsemi og prófað ýmislegt í gegnum tíðina til að laga meltinguna, en var hreinlega hætt að gera mér vonir um betri líðan því ekkert kom að gagni. Ég var því farin að setta mig við að vera bara svona og lítið við því að gera,“ segir Þórdís sem hafði verið í langri hvíld frá bætiefnum þegar hún ákvað að prófa Happier Guts.

„Ég sé svo sannarlega ekki eftir því, því eftir aðeins tveggja mánaða notkun á Happier Guts fann ég gríðarlegan mun á mér og lífið varð allt annað og betra en áður. Óþægindi frá meltingarvegi hurfu og þarmastarfsemi er komin í gott lag. Ég fann líka hvernig almenn líðan varð mjög góð, bæði andleg og líkamleg, og mér líður svo miklum mun betur.“

Þórdís mælir eindregið með Happier Guts fyrir alla sem eiga við meltingarþægindi að stríða. „Ég mun svo sannarlega halda áfram að taka inn þetta frábæra bætiefni sem er unnið úr íslenskum gæðahráefnum og framleitt hér á Íslandi. Það hefur hjálpað mér mjög mikið.“

FULL BÚÐ AF NÝJUM SUMARVÖRUM

Stærðir frá 14-30 eða 42-58

Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is

Eða komdu í verslun Curvy í Hreyfilshúsinu við Grensásveg

Opið alla virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16



FRÍ HEIMSENDING
EF AÐ VÆRSLAÐ ER FYRIR
5000 KR EÐA MEIRA

Curvy 



Kjöll
5.990 kr
Stærðir 42-56



Léttar Buxur
5.990 kr
Stærðir 42-58



Toppur
6.590 kr
Stærðir 42-58



Stuttur kjöll
8.990 kr
Stærðir 42-60



Gallabuxur
7.990 kr
Stærðir 42-54



Túnika
9.990 kr
Stærðir 42-58

Afreksstúlkur fá verðlaun fyrir hugvekjandi verk

Grunnskóli Drangsness er einn af minnstu grunnskólum landsins og á dögnum hlutu nemendur úr skólanum fyrstu verðlaun í hugverkasamkeppni JAKÍ (Jafnréttisnefnd Kennarasambands Íslands) í sínum aldursflokki.

Stúlkurnar sem sigruðu í keppninni heita Guðbjörg Ósk, Kristjana Kría og Sara Lind og eru í sjöunda og áttunda bekk Grunnskóla Drangsness. Þetta er ekki eina afrekstelpnanna en Kristjana Kría varð einnig í fyrsta sæti í Stóru upp-lestrarkeppninni og Guðbjörg Ósk hreppti þriðja sætið í sömu keppni. Svo fékk Sara Lind viðurkenningu í Handritasamkeppni Stofnunar Árna Magnússonar – í tilefni 50 ára frá heimkomu fyrstu handritanna. Sara valdi þá brot úr ljóði Björns Guðmundssonar frá Bæ og skrifaði upp á næfurkollu ásamt því að mála mynd af Grímsey.

Guðný Rúnarsdóttir hefur gegnt starfi skólustjóra hjá Grunnskóla Drangsness og kennt myndmennt undanfarinn vetur og segir það hafa verið lærdómsríkt og skemmtilegt að kynnast svæðinu.

„Grunnskóli Drangsness er einn af minnstu skólum landsins ásamt til dæmis Grunnskóla Borgarfjarðar eystra og Hríseyjarskóla. Nemendur í skólanum voru átta á undanfögnu skólaári og svo er hefð fyrir því að skólinn taki á móti gestanemendum, sem voru tólf talsins í ár. Þetta eru nemendur sem flytjast ýmist tímabundið á Drangsness með foreldrum sínum vegna vinnu eða tengjast einhverjum á svæðinu. Það lífgar alltaf mjög upp á starfið þegar við fáum gestanemendur.“

Skólinn leggur einnig metnað í að tengja skólann við samfélagið og förum við til dæmis árlega í sauðburð. Einnig fáum við gestakennara til að koma og kenna krökkunum. Í vetur kom til dæmis Judith Scott, heimamaður og sérfræðingur í hvöllum, í heimsókn og spjallaði við nemendur um hvali. Þá fengu nemendur að nefna fimm hvali sem eru fastagestir hér í Steingrímsfirðinum. Annað dæmi um tengingu við samfélagið er þegar nemendur heimsóttu fornleifauppgröftinn í Sandvík og eftir það héldum við fornleifasmíðju.“



Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is



Guðný afhendir Kristjónu Kriu, Guðbjörgu Ósk og Söru Lind verðlaunin fyrir fyrsta sæti í Hugverkasamkeppni JAKÍ.

MYND/ADSEND

Stolt af stelpunum

Sara, Kristjana og Guðbjörg unnu verkefnið undir handleiðslu Estherar Aspar Valdimarsdóttur, kennara á Hólavík, og Guðnýjar, sem kennir myndmennt á Drangsnesi. „Esther hélt utan um þetta og sat vikulega Zoom-fundi með stelpunum yfir veturinn og var með jafnréttis- og kynheilbrigðisfræðslu fyrir þær. Við erum mjög ánægð með samstarfið við Hólavík og stefnum á að halda því áfram. Þær unnu svo í verkefninu í myndmenntartímum hjá mér. Ég er mjög stolt af stelpunum og því góða samstarfi sem var þeirra á milli en þær tóku allar jafnan þátt og lögðu til sína styrkleika.“

Keppnin var haldin á landsvísu og máttu nemendur ýmist taka þátt sem einstaklingar eða hópur. JAKÍ lagði til hugtakalista sem mátti velja úr til að vinna verk út frá og sem dæmi voru hugtök eins og staðalímyndir, drusluskömm, hins-egin og líkamsvirðing. Hugtökin sem unnið var með eru hugtök sem hafa verið mikið í umræðunni og



Orðið „hins-egin“ fannst stelpunum vera neikvætt og benda til þess að hinsegin einstaklingur væri öðruvísi á einhvern hátt. Verkið sýnir manneskju sem horfir í spegil, en það er ósamræmi á milli þess sem sést og þess sem er.

77 Ein þeirra er mjög gagnrýnin í hugsun og kom reglulega með sprengjur í samtalið sem mynduðu skemmtilegar umræður. Þær hjálpuðust vel að og þetta kom rosalega vel út hjá þeim.

Guðný Rúnarsdóttir

jafnvel fullorðin fólk virðist oft eiga í vandræðum með að ná utan um.

Hvernig gekk þetta hjá nemendum í 7. og 8. bekk?

„Stúlkurnar völdu orðið „hins-egin“. Það var áhugavert að fylgjast með þeim vinna en krökkum á þeirra aldri er það edlislegt að hugsa um þessi málefni. Það er þeim hjartans mál að hlutirnir séu sanngjarnir. Mörg börn á þessum aldri eru oft að ræða þessi mál og hugsa um þau, en það er líka gott fyrir þau að fá tækifæri til að kjarna hugsanir sínar í svona verkefni.“

Það spruttu upp mjög áhuga-verðar umræður og pælingar hjá

stelpunum varðandi hugtakið en þeim fannst orðið hinsegin svolítið skrítið og frekar neikvætt. Þeim fannst það lýsa einhverjum sem væri „öðruvísi“ en sjálfum fannst þeim það röng lýsing. Þær í raun gagnrýndu orðið og leiddréttu þannig skipuleggjendur keppinnar. Þetta sýnir bara að tungumálið er í stöðugri þróun meðfram því sem er í gangi. Það hvernig við tölum um hlutina breytist stöðugt. Það er mjög mikilvægt að koma þessari jafnréttisumræðu út í samfélagið og að unga fólk þyrji snemma að pæla í þessu.“

Sterkt verk

„Verkið er einfalt en ótrúlega sterkt. Það sýnir manneskju sem horfir í spegil sem sýnir annað kyn. Það er mjög erfitt að koma hugtakinu í eina mynd en þeim tókst það frábærlega. Þær byrjuðu fyrst á að skissa andlit sem var skipt í miðju, karl öðrum megin og kona hinum megin, en svo fengu þær hugmyndina um spegilinn, og að láta spegilinn sýna innri hugsanir og tilfinningalíf manneskjunnar.“

Í rökstuðningi dómnefndar segir: „... Í verkinu kemur skýrt fram að einstaklingurinn sér ekki samhljóm hjá sjálfum sér og birtingarmynd sinni. Þannig tekst verkinu að draga kjarnyrnt fram hvernig trans einstaklingur getur þurft að takast á við sjálfsmýnd sína.“

Myndin er opin fyrir túlkun, þrátt fyrir einfalda framsetningu. Verkið tekur afstöðu til hugtakanotkunar og jafnarsetningu einstakra hópa, þetta er gert í fylgitegla þar sem tekin er afstaða til hugtaksins hinsegin. Dómarar völdu verkið byggt á þessum rökstuðningi en jafnframt þótti það áhugavert og vel unnið.“

Gjöfult samstarf

Guðný segir að samstarfið á milli stúlkanna hafi gengið frábærlega. „Mér fannst gaman að sjá hvað þær unnu vel saman þrátt fyrir að vera ólíkar. Ein þeirra segist til dæmis ekki vera listræn en hún er frábær í að miðla hugmyndum sínum. Svo er hún góð í samstarfi, bæði drifandi og jákvæð og fær flottar hugmyndir. Svo er ein mjög góð í að teikna og önnur sterk í lita- og formfræði. Ein þeirra er mjög gagnrýnin í hugsun og kom reglulega með sprengjur í samtalið sem mynduðu skemmtilegar umræður. Þær hjálpuðust vel að og þetta kom rosalega vel út hjá þeim. Þær græddu allar á samstarfinu og lærðu hver af annarri. Þeim fannst líka hvetjandi að þetta var keppni og þær voru mjög ánægðar með verðlaunin sem var spjaldtölva.“

Hægt er að fylgjast með spennandi skólustarfi Grunnskóla Drangsness á Instagram: Grunnskóli Drangsness. ■

GUITAR

Nú er málið að fá sér kassagítar
Kassagítarar á tilboðil

Gítarinn – Stórhöfða 27 – S: 5522125 – Email: gitarinn@gitarinn.is – www.gitarinn.is

FRÍHÖFNIN

Fríhöfnin rekur fjórar verslanir á Keflavíkurflugvelli, þrjár fyrir brottfararþega og eina fyrir komufarþega. Verslanirnar eru opnar þegar áætlunarflug er um flugvöllinn.

Fríhöfnin leggur áherslu á fjölbreytt úrval innlendra og alþjóðlegra vörumerkja á hagstæðu verði. Fastir starfsmenn eru um 150. Fríhöfnin er jafnlaunavottað fyrirtæki og í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi. Fríhöfnin er dótturfélag Isavia ohf.

Vertu með okkur í ferðalaginu sem er framundan

Vegna aukinna umsvifa á komandi misserum leitar **Fríhöfnin** að kraftmiklum einstaklingum sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni og skemmtilegar áskoranir.

Rekstrarstjóri verslunarsviðs

Rekstrarstjóri verslunarsviðs stýrir daglegum rekstri verslana Fríhafnarinnar, starfsmannamálum, birgðastjórnun og þjónustu. Viðkomandi ber rekstrarlega ábyrgð á öllum sviðum verslunarinnar og leiðir sviðið í samræmi við stefnu fyrirtækisins með það að leiðarljósi að hámarka sölu, arðsemi og árangur. Viðkomandi situr í framkvæmdastjórn Fríhafnarinnar.

Helstu verkefni:

- Yfirumsjón með daglegum rekstri verslana.
- Ábyrgð á að hámarka sölu hvernar verslunar á hverjum tíma.
- Eftirfylgni og þróun helstu árangursmælikvarða.
- Þátttaka í gerð sölu- og rekstraráætlana.
- Ábyrgð á þjónustustefnu Fríhafnarinnar.
- Ábyrgð á gæða-, eftirlits- og öryggisstöðlum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framhaldsnám á háskólastigi sem nýtist í starfi.
- Haldgóð þekking og reynsla af rekstri smásöluverslana.
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum.
- Reynsla af áætlanagerð.
- Góð færni í tölfræði og greiningu gagna.
- Góð hæfni í að aðlagast og koma auga á tækifæri í síbreytilegu starfsumhverfi.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Árangursdrifni og metnaður.
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli ásamt góðri tölvukunnáttu.

Þjónustu-, upplifunar- og markaðsstjóri

Sviðsstjóri þjónustu-, upplifunar og markaðsmála hefur yfirumsjón með mótun stefnu og stýrir þjónustu og upplifun viðskiptavina, útliti og hönnun verslana, markaðs- og kynningarmálum og þróun stafrænna lausna. Viðkomandi vinnur náið með rekstrarstjóra verslunarsviðs og öðrum stjórnendum með það að markmiði að hámarka arðsemi félagsins. Viðkomandi situr í framkvæmdastjórn Fríhafnarinnar.

Helstu verkefni:

- Framþróun verslana og viðskiptavina.
- Þjónustustefna og vegferð viðskiptavina.
- Mótun stefnu og yfirumsjón með markaðsmálum, kynningum og samfélagsmiðlum.
- Mótun stefnu og þróun stafrænna lausna.
- Yfirumsjón með hönnun og útliti verslana.
- Yfirumsjón með kynningarefni í verslunum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framhaldsnám á háskólastigi sem nýtist í starfi.
- Haldgóð þekking og reynsla af rekstri smásöluverslana.
- A.m.k. 3ja ára reynsla af stjórnun og mannaforráðum.
- Reynsla af áætlanagerð og góð færni í tölfræði og greiningu gagna.
- Góð hæfni í að aðlagast og koma auga á tækifæri í síbreytilegu starfsumhverfi.
- Næmt auga fyrir nýjungum, straumum og stefnu í sölu og þjónustu.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Viðkomandi þarf að vera árangursdrifinn og metnaðarfullur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli ásamt góðri tölvukunnáttu.

Nánari upplýsingar um störfín er að finna á: www.vinnvinn.is.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 22. júní nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.vinnvinn.is.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.



Aðstoðarleikskólastjóri í leikskólann Núp

Leikskólinn Núpur er 5 deilda leikskóli sem staðsettur er í Núpaland 3. Einkunnarorð Núps eru sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði. Lögð er áhersla á fjölgreindir í leikskólastarfi og að hin siðferðislegu gildi samfélagsins endurspeglast í öllu leikskólastarfinu, s.s. virðing fyrir einstaklingnum, samábyrgð, umhyggja, sáttfýsi og tjáningarfrelsi allra.

Leitað er að stjórnanda sem hefur góða hæfni í mannlegum samskiptum, er skipulagður og umbótadrifinn og hefur metnað til að ná árangri í starfi. Viðkomandi þarf að vera leiðtogi í sínum skóla, veita faglega forystu og búa yfir hæfni og frumkvæði til að skipuleggja skapandi leikskólastarf í samvinnu við starfsmenn, foreldra/forráðamenn og leikskóladeild.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf kennara
- Framhaldsnám sem nýtist í starfi æskilegt
- Reynsla af starfi og stjórnun leikskóla
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Fagleg forysta, sýn og vilji til nýbreytni og þróunar í leikskólastarfi
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku, kunnátta og geta til að tjá sig í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar 2021.

Allar nánari upplýsingar um starfið má finna á vef Kópavogsbæjar undir auglýst störf.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Seltjarnarnesbær Ungbarnadeild - rekstraraðili

Fjölskyldusvið Seltjarnarnesbæjar auglýsir eftir rekstraraðila ungbarnadeildar, sem hefja skal starfsemi frá komandi hausti.

Deildinni er ætlað að þjóna sérstöðu yngstu leikskólabarnanna út frá kröfum til fagmennsku og starfshátta fyrir aldurshópinn, samtvinnað umhyggju og námi. Seltjarnarnesbær leggur til húsnæði, sér um rekstur þess og viðhald, auk þess að sjá um stofnbúnað fyrir starfseminna.

- Leitað er eftir aðilum með sterka fagþekkingu og reynslu á sviði leikskólastarfs.
- Útfærsla starfseminnar skal unnin í samstarfi fjölskyldusviðs og rekstraraðila.

Peir sem óska nánari upplýsinga um fyrirhugaða starfsemi er bent á að senda fyrirspurnir á netfangið baldur@seltjarnarnes.is

Umsóknarfrestur er til 21. júní næstkomandi.



SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Verkefnastjóri í gæða-, umhverfis- og öryggismálum

Vegna aukins fjölda umhverfisvottaðra framkvæmda óskum við eftir að ráða verkefnastjóra til að sinna gæða-, umhverfis- og öryggismálum.

Helstu verkefni:

- Umsjón með umhverfisvottunum í framkvæmdaverkefnum, s.s. Svansvottun og BREEAM
- Gögn um umhverfismál fyrirtækisins, kolefnisspor, losun o.fl.
- Þátttaka í rekstri og stýringu gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfis fyrirtækisins

Starfsstöð er á skrifstofum fyrirtækisins í Kópavogi.

Hæfniskröfur:

- BSc eða MSc í verkfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð hæfni í rituðu og töluðu máli
- Frumkvæði, áráðni og metnaður
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir sendist á javerk@javerk.is fyrir 25. júní. Fullum trúnaði heitið.

JÁVERK er 28 ára öflugt, áreiðanlegt og metnaðarfullt verktaka-fyrirtæki. Starfsmenn eru um 120 í dag og verkefnastaða fyrirtækisins er traust næstu árin. **JÁVERK** leggur áherslu á umhverfis-, öryggis- og gæðamál ásamt samstarfshæfni. **JÁVERK** er eina verktaka-fyrirtækið í flokki stórra fyrirtækja sem hefur fengið viðurkenningu **Creditinfo** sem **Framúrskarandi fyrirtæki** á hverju ári frá 2014. Gæðakerfi fyrirtækisins var vottað skv. **ISO 9001** staðlinum árið 2019.

Starfsmannastefna fyrirtækisins gerir ráð fyrir að aðbúnaður og starfsumhverfi séu með því besta sem þekkist. Starfsandi er frábær og dugmikið starfsmannafélag stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum. Starfsmannavelta er mjög lítil. **JÁVERK** leggur áherslu á að ráða kraftmikið og metnaðarfullt fólk sem sýnir frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

JÁVERK
Gagnheiði 28
800 Selfoss
Sími 480 1700
javerk@javerk.is
www.javerk.is

JÁVERK



LEIÐTOGI HEILBRIGÐISLAUSNA

Við leitum að forstöðumanni fyrir heilbrigðislausnir Origo til að leiða áframhaldandi uppbyggingu og vöxt deildarinnar.

Forstöðumaður Heilbrigðislausna leiðir hóp 60 sérfræðinga sem eru í stöðugri vöruþróun. Hér er tækifæri til að setja mark sitt á heilbrigðistækni hér heima og erlendis, gegna lykilhlutverki í nýsköpun og stuðla að skilvirkari og betri heilbrigðisþjónustu.

Á meðal lausna eru Saga sjúkraskrá, Heilsuvera, smáfforritin Smásaga, Hekla, Medicor, fjölmargar miðlægar sjúkrarskrártengdar lausnir auk lausna fyrir sýnatöku, bólusetningar og ýmis önnur Covid tengd verkefni.

Við veitum starfsfólki sveigjanleika í starfi og stuðlum að jafnvægi vinnu og einkalífs.

Starfssvið

- Leiða stefnu, framtíðarsýn og vöruþróun heilbrigðislausna
- Leiða öflugan hóp starfsmanna í framþróun lausna fyrir heilbrigðisþjónustu
- Daglegur rekstur, skipulag og umsjón með starfsemi sviðsins
- Greina og fylgja eftir spennandi tækifærum innanlands og utan

Menntunar- og hæfniskröfur

- Dekking á og reynsla af stjórnun í hugbúnaðarþróun
- Leiðtoga- og samskiptahæfni
- Metnaður, frumkvæði og drifkraftur
- Reynsla af heilbrigðisþjónustu eða heilbrigðistækni er kostur

Sótt er um starfið á origo.is/atvinna. **Umsóknarfrestur er til og með 21. júní 2021.**

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað. Nánari upplýsingar veita sérfræðingar á mannauðssviði Origo (mannaudur@origo.is).



Viltu vita meira um starfið?

Skannaðu kóðann og fáðu allar upplýsingar um starf forstöðumanns heilbrigðislausna hjá Origo.



JAFÍLAHÁHVIOTTUN
2019 - 2022

origo.



Sölumaður óskast í bílasöludeild Suzuki

Leitum að vinnusömum, jákvæðum og metnaðarfullum einstakling í bílasöludeild Suzuki.


Hæfniskröfur:

Reynsla í sölu á notuðum og nýjum bílum.

Um er að ræða fullt starf og óskað er eftir því að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá fyrir 16. júní á netfangið umsokn@suzuki.is

Suzuki bílar • Skeifunni 17 • 108 Reykjavík • 568 5100



Laugargerðisskóli á Snæfellsnesi auglýsir eftir starfsfólki.

Við leitum eftir umsækjendum í eftirfarandi stöður fyrir skólaárið 2021-2022

- Íþróttakennara í 30% stöðu.
- Almenna kennslu 70%
- Umsjónarkennara yngsta stigi 100%
- Stuðningsfulltrúum
- Skólaliða
- Matráð

Laugargerðisskóli er sveitaskóli með 10 nemendum í 1.-10. bekk

Lögð er áhersla á fjölbreytta, skapandi og sveigjanlega kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám.

Umsóknarfrestur er til 20. júní 2021

Nánari upplýsingar veitir Sigurður, skólastjóri í síma: 897 3605 eða tölvupóst siggi@laugargerðisskoli.is

Sérfræðingur í ökunámi



Samgöngustofa auglýsir lausa til umsóknar stöðu sérfræðings í ökunámi í deild leyfisveitinga og ökunáms á sviði umferðar og þjónustu hjá stofnuninni. Deildin er ný og því er þróun og uppbygging verkefna fram undan, m.a. tengt einföldun á stjórnsýslu og rafvæðingu ferla. Við leitum að einstaklingi með áhuga á ökunámi, umferðaröryggismálum, stöðugum umbótum og er góður liðsmaður. Starfshlutfall er 100%.

Helstu verkefni

- Umsýsla málefna ökukennslu, ökuþróa og ökuréttinda
- Samskipti við hagsmunaaðila og upplýsingamiðlun
- Umfjöllun um lög og reglugerðir og innleiðing breytinga
- Eftirlit, m.a. með starfsemi ökukennara, ökuskóla og prófdómara
- Námskrágerð
- Samning bóklegra prófa
- Innihald og framkvæmd ökuþróa
- Þátttaka í vegferð um stafrænt ökunám
- Gerð verklagsreglna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Gerð er krafa um BA eða BS gráðu
- Þekking á umferðarmálum áskilin, t.d. ökukennsla
- Reynsla af námskrár- og prófagerð er kostur
- Þekking og reynsla af stjórnunarkerfum, s.s. gæðastjórnunarkerfum, er kostur
- Skipulagshæfni og sterk ferla- og umbótahugsun
- Sjálfstæði, frumkvæði og metnaður í starfi
- Hæfni til að tjá sig í rituðu og mæltu máli
- Mjög góð enskukunnátta



Umsóknarfrestur er til 21. júní 2021

Hægt er að sækja um störfin rafrænt á samgongustofa.is/storf

Upplýsingar um Samgöngustofu má finna á samgongustofa.is

Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.

Við hvetjum öll kyn til að sækja um.

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Flataskóli

- Skólaliði

Sjálundsskóli

- Enskukennari á unglingastig
- Íslenskukennari á unglingastig
- Kennari á yngsta stig
- Samfélagsfræði- og náttúrufræðikennari á unglingastig
- Sérkennari á unglingastig

Urriðaholtsskóli

- Atferlisþjálfar
- Leikskólakennarar

Leikskólinn Akrar

- Aðstoðarleikskólastjóri
- Deildarstjóri
- Leikskólakennari

Leikskólinn Bæjarból

- Leikskólakennari
- Leikskólasérkennari

Leikskólinn Holtakot

- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar

Leikskólinn Mánahvoll

- Aðstoðarleikskólastjóri
- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar

Krókamýri - heimili fatlaðs fólks

- Starfsmenn

Fjölskyldusvið

- Félagsráðgjafi í barnavernd

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>





Join us on our digital journey

Marel is rolling out a hybrid cloud software platform where we use the latest Azure technology to manage software in thousands of food processing plants and in our Marel cloud environment

We are developing new technical platforms to become the digital partner of choice for food processors who aim to maximize value creation

Senior Software Engineer

We are looking for an experienced senior software engineer with a proven track-record of deployment management and software delivery at scale

Software Engineer

We are looking for a software engineer with strong coding skills, experience using big data technology as well as building applications on the Azure cloud platform

Front End Engineer

We are looking for an experienced web developer who enjoys developing applications and building them from the ground up

QA Engineer

We are looking for a QA engineer with experience and passion for testing, automation and quality in general

DevOps Infrastructure Engineer

We are looking for an infrastructure engineer who is passionate about automation, security and clean code

For more information about these positions please visit our website marel.com/jobs
Please submit your application no later than 27 June 2021.

Marel is an international technology company with about 7,000 employees. Marel is the leading global provider of advanced processing systems and services to the poultry, meat and fish industries. We place a rich emphasis on innovation and advancement in everything we do. That is why we want to employ strong people who are driven by new challenges every day. We offer a great working environment, effective training, flexible work hours, a fantastic canteen, facilities for exercise and good employee morale.





Nú bætum við í hópinn

Við leitum að góðu fólki í spennandi störf

Komdu í hóp okkar frábæru leiðsögumanna. Við leitum að metnaðarfullu fólki í leiðsögn á jökli, vélsleðum og fjórhjóllum.

Einnig leitum við að framsæknu fólki til starfa á söluskrifstofum okkar í stórbrotnu umhverfi í Skaftafelli, við Sólheimajökul og Mýrdalsjökul.

Að lokum leitum við að matráði eða kokki í nýtt starf og þróun á glæsilegu eldhúsi okkar við Mýrdalsjökul. Frábært tækifæri fyrir alla sem hafa brennandi áhuga á matargerð.

Verið velkomin í hóp okkar frábæra starfsfólks með ástríðu og fagmennsku að leiðarljósi.

Fjallaleidsogumenn.is • 587 9999 • info@fjallaleidsogumenn.is



FREKARI UPPLÝSINGAR Á
FJALLALEIDSOGUMENN.IS/STORF



LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA AUGLÝSIR EFTIR FRAMKVÆMDASTJÓRA

Landssamband veiðifélaga óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Leitað er að öflugum einstaklingi í starf þar sem reynir m.a. á samskiptahæfni og frumkvæði. Um er að ræða 75% starf. Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2021.

Starfssvið:

- Dagleg stjórnun og rekstur skrifstofu
- Hagsmunagæsla fyrir veiðifélög
- Umsjón með skipulagi málefna- og kynningarstarfs
- Eftirfylgni með stefnu og ákvörðunum stjórnar og samþykktum aðalfunda
- Ábyrgð á fjármálum
- Samskipti við fjölmiðla

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun
- Þekking á lagaumhverfi lax- og silungsveiða er kostur
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Góð enskukunnátta

Landssamband veiðifélaga

Mönnum er skylt að hafa með sér félagsskap um veiði í hverju fiskihverfi, sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Þessi félagsskapur kallast veiðifélög. Landssamband veiðifélaga er landssamtök allra veiðifélaga á Íslandi og starfar á grundvelli 5. mgr. 4. gr. framangreindra laga.

Landssamband veiðifélaga var stofnað árið 1958 og hlutverk þess er að gæta sameiginlegra hagsmuna veiðifélaga á Íslandi. Hlutverk þess er einnig að koma fram fyrir hönd þeirra gagnvart hinu opinbera, efla starfsemi veiðifélaga og auka samstarf þeirra, stuðla að bættri stjórn veiðimála og auka þekkingu á málefnum veiðifélaga.

Vinsamlegast sendið umsóknir á Jón Helga Björnsson formann Landssambands veiðifélaga. Netfang hans er jonhelgi@angling.is. Hann veitir jafnframt allar nánari upplýsingar en einnig er hægt að ná í hann í síma 893-3778.

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

VILTU TAKA ÞÁTT Í ÞRÓUN NÁMS FYRIR YNGSTU BÖRN LEIKSKÓLANS? MÁNAHVOLL NÝR UNGBARNALEIKSKÓLI Í GARÐABÆ

Leikskólinn Mánavoll verður 6 deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 12 - 24 mánaða. Starfsemin byggir m.a. á þróunarverkefni sem unnið hefur verið að undanfarin 3 ár með Háskóla Íslands um nám yngstu barna leikskólans. Markmið þess verkefnis er m.a. að skapa sérþekkingu á samskipta- og tjáningarmáta barna og móta áherslur námsumhverfisins í samræmi við það í samstarfi við foreldra. Dagskipulagið er byggt í kringum þarfir barnanna og leiðum til að tryggja vellíðan þeirra sem best.

Áhugasömum gefst tækifæri á að starfa í lærdómssamfélagi þar sem sjónum er beint að faglegri þróun.

Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar:

- Aðstoðarleikskólalastjóri
- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar

Umsóknarfrestur er til og með 21. júní 2021. Nánari upplýsingar um störfin veitir Kristín Sigurðardóttir leikskólalastjóri í síma 695 -1652 eða með því að senda tölvupóst á kristinsigu@leikskolarnir.is


Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>





Sérfræðingar



VIÐ BYGGJUM SAMFÉLÖG

VERKÍS veitir trausta ráðgjöf sem styður við uppbyggingu sjálfbærra samfélaga. Við höfum mikla þekkingu á sviði vistvænnar hönnunar og erum leiðandi á heimsvísu þegar kemur að grænni orkuvinnslu og nýtingu jarðvarma. Við byggjum upp sjálfbær samfélög víða um heim með því að hafa sjálfbærni alltaf í huga við ákvarðanatöku – allt frá fyrstu hugmynd til förgunar.



JAFNLAUNAVOTTUN
2018 - 2021



Framfarir
2020



VR
FYRIRMYNDR
2022



Vegna aukinna verkefna erum við að leita eftir öflugum og góðu fólki í hópinn okkar. Við höfum áhuga á jákvæðum einstaklingum með góða samskipta- og skipulagshæfileika sem sýna metnað, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

VERKEFNASTJÓRI Á SVIÐI VEITNA OG OFANVATNSLAUSNA

Starfið felur í sér verkefnastjórn verkefna á sviði byggðataekni með áherslu á vatns- og fráveituhönnun, s.s. lagnahönnun, hönnun veitumannvirkja, samræmingarhönnun veitustofnanna, ræsaönnun og hönnun blágrænna ofanvatnslausna.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í umhverfisverkfræði, byggingarverkfræði/-tæknifræði eða vélaverkfræði/-tæknifræði
- Reynsla á sviði verkefnastjórnunar
- Reynsla á sviði veituhönnunar er æskileg
- Reynsla í notkun helstu teikni- og hönnunarforrita, s.s. AutoCAD og Civil 3D er æskileg
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli

HÖNNUÐUR VEGA, GATNA OG STÍGA

Starfið felur í sér verkefni tengd hönnun samgöngumannvirkja, s.s. vega, gatna, göngu- og hjólastíga.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í samgönguverkfræði eða byggingarverkfræði/-tæknifræði
- Reynsla í notkun helstu teikni- og hönnunarforrita, s.s. AutoCAD, Civil 3D og Nova Point
- Þekking á íslenskum og norskum reglum, stöðlum og handbókum er kostur
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli

LAGNA- OG LOFTRÆSIHÖNNUÐUR

Starfið felur í sér hönnun lagna og loftræsikerfa í margskonar byggingum s.s. skólabyggingum, íþróttahúsum, flugstöðvarbyggingum, íbúðarhúsnæði, virkjunum og iðnaðarhúsnæði.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í vélaverkfræði/-tæknifræði eða byggingarverkfræði/-tæknifræði
- Minnst fimm ára starfsreynsla við hönnun lagna- og loftræsikerfa
- Þekking á BIM aðferðafræðinni og notkun líkana við hönnun er kostur
- Reynsla í notkun hönnunar- og teikniforritsins Revit MEP er kostur
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli

EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMDUM

Starfið felur í sér eftirlit með fjölbreyttum framkvæmdaverkefnum s.s. húsbýggingum, samgöngumannvirkjum og veitum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í byggingarverkfræði/-tæknifræði eða byggingafræði
- Reynsla af framkvæmdaefirliti
- Reynsla af stjórnun verkefna er æskileg
- Gott vald á íslensku

Nánari upplýsingar veita:

Elín Greta Stefánsdóttir mannauðsstjóri, egs@verkis.is

Áslaug Ósk Alfreðsdóttir, sérfræðingur í mannauðsmálum, aoa@verkis.is

Umsóknarfrestur er til og með 21 júní. Sótt er um á umsokn.verkis.is

Rafmagns verk- eða tæknifræðingur

Mannverk óskar eftir að ráða öflugan starfsmann í verkefna- og framkvæmdastjórnun sem tilbúinn er að takast á við krefjandi verkefni á raforkusviði og skemmtilegar áskoranir með góðri líðsheit.

Helstu verkefni

- Verkefna- og framkvæmdastjórnun á sviði há- og lágspennu
- Samræming hönnunar og á tæknilegum útfærslum
- Undirbúningur verkefna
- Innkaup, áætlanagerð og eftirfylgni
- Kostnaðar-, gæða- og framvinduettirlit

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði rafmagnstækni eða -verkfræði
- Farsæl starfsreynsla
- Menntun í rafíðn er kostur
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnað til að ná árangri í starfi
- Góð kunnátta í ensku

Umsóknarfrestur er til og með 22. júní 2021.

Umsókn óskast send á jmg@mannverk.is. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf.



Mannverk ehf. var stofnað á vordögum 2012. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróunarverkefnum, stýriverktöku, verkefna-, hönnunar- og byggingarstjórnun ásamt almennri framkvæmdarás-gjöf. Mannverk er ábyrgt og framsækið fyrirtæki og leggur áherslu á öfluga líðsheit. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.mannverk.is

Okkur vantar starfsmann í 50-70% starf í húsgagnadeild.



Hefur þú brennandi áhuga á hönnun og ert með ríka þjónustulund?

Við leitum að fagurkera með reynslu af solumennsku, hæfni í mannlegum samskiptum, er skipulagður, sjálfstæður og metnaðarfullur í vinnubrögðum, til starfa í húsgagnadeild okkar:

- Húsgögn / ljós
- Rúm
- Gluggatjöld

Áhugi á hönnun er skilyrði og menntun í hönnun er kostur.

Um er að ræða 50-70% starfshlutfall og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir með starfsferilsskrá óskast sendar fyrir 20. júní, á netfangið: elisabet@epal.is
Nánari upplýsingar veitir Elísabet Guðmundsdóttir í síma 568 7733.



Talmeinafræðingur við leikskóla Kópavogsbæjar

Kópavogsbær óskar eftir talmeinafræðingi í verktöku við leikskóla bæjarins.

Í Kópavogi eru starfræktir 21 leikskólar og þar ríkir metnaður í skólastarfi. Í nýrri stefnu bæjarins um skólabjónustu og stuðning við nemendur er rík áhersla lögð á snemmtækt mat á stöðu barna, auknið upplýsingaflæði milli skólastiga, virka samvinnu foreldra, starfsfólks skóla og annarra sérfræðinga skólabjónustu. Skólabjónustan leggur einnig áherslu á fræðslu og ráðgjöf til foreldra og starfsfólks skóla.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Löggilding til að starfa sem talmeinafræðingur eða vera á löggildingartímabilinu.
- Þekking á þroska og þroskafrávikum barna.
- Reynsla af greiningum og ráðgjöf vegna barna æskileg.
- Leikni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæði og frumkvæði.

Umsóknarfrestur er til og með 21. júní 2021.

Ráðið verður í stöðuna frá 9. ágúst 2021 eða eftir nánara samkomulagi.

Um er að ræða 50% starf í verktöku.

Allar nánari upplýsingar um starfið má finna á vef Kópavogsbæjar undir auglýst störf.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is



Víðistaðakirkja í Hafnarfirði auglýsir eftir organista/kórstjóra.

Starfsvið: Orgel- og hljóðfæraleikur við helgihald kirkjunnar, stjórn og þjálfun kirkjukórs, umsjón með hljóðfærum, skipulag tónlistarstarfs í kirkjunni og ráðgjöf þar að lútandi. Um er að ræða 85% starfshlutfall. Einnig kemur til álitu 100% starf með viðbótarskyldum gagnvart Barnakór kirkjunnar ef um semst.

Hæfniskröfur: Góð menntun, færni og reynsla á sviði kirkju-tónlistar og kórstjórnunar, skipulagshæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum.

Umsóknir merktar „Starfsumsókn“ sendist til:

Víðistaðakirkja, Pósthólf 351, 220 Hfj. - og rafrænt á srbragi@vidistadakirkja.is

Umsóknarfrestur er til 25. júní 2021.

Öllum umsóknum verður svarað.

Viðkomandi hefið þurft að geta hafið störf í ágúst/september.

Nánari upplýsingar veita

Hjörleifur Þórarinnsson formaður sóknarnefndar (sími 660 3707) og séra Bragi J. Ingibergsson sóknarprestur (sími 894 7173).

VILT ÞÚ SLÁST Í HÓPINN?



Sjálandsskóli óskar eftir að ráða öflugt starfsfólk í ýmis störf. Sjálandsskóli er opinn skóli þar sem áhersla er lögð á teymisvinnu. Boðið er upp á góða starfsaðstöðu í einstöku umhverfi. Í skólanum ríkir góður starfsandi þar sem allir starfsmenn vinna saman af því að byggja upp skólastarf sem einkennist af vilja og virðingu sem einnig eru einkunnarorð skólans.

Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar:

- Kennari á yngsta stig
- Enskukennari á unglíngastig
- Íslenskukennari á unglíngastig
- Samfélagsfræði- og náttúrufræðikennari á unglíngastig
- Sérkennara á unglíngastig

Umsóknarfrestur er til og með 21. júní 2021.

Nánari upplýsingar um störfin veita Sesselja Þóra Gunnarsdóttir skólastjóri, sesseljag@sjalandsskoli.is og í síma 5903101 / 6171506 eða Ósk Auðunsdóttir aðstoðarskólastjóri, oska@sjalandsskoli.is og í síma 5903102 / 6171510.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>





REKSTRARAÐILI FYRIR MÖTUNEYTI SKÓLANS Á HVANNEYRI

Landbúnaðarháskóli Íslands auglýsir eftir rekstraraðila fyrir mötuneyti skólans á Hvanneyri frá og með 1. ágúst 2021.

Eldhús mötuneytisins er vel búð, með góðri vinnu- aðstöðu og matsalur rúmar 200 gesti. Meginverkefni mötuneytisins er morgunverðar- og hádegisverðar- þjónusta fyrir starfsmenn og nemendur auk þjónustu við fámenn fyrirtæki á staðnum.

Mötuneyti Lbhí sinnir jafnframt þjónustu við hópa sem heimsækja staðinn sem og fundi og námskeið á vegum skólans. Mötuneytið gæti einnig í samstarfi við ferða- þjónustuaðila eða aðra vikað út starfsemi sína eftir atvikum svo lengi sem starfsemin stangast ekki á við hagsmuni og þarfir skólans.

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Umsóknir tilgreini reynslu og menntun á sviði matreiðslu og mötuneytisrekstrar, ásamt hugmyndum að útfærslu rekstursins og sendist til Guðmundu Smáradóttur, mannauðs- og gæðastjóra (guðmunda@lbhi.is).

Nánari upplýsingar veitir Theodóra Ragnarsdóttir rekstrarstjóri í síma 433 5000

UMSÓKNARFRESTUR

- » 27. júlí 2021
- » www.lbhi.is/storf

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS LBHI.IS | 433 5000

Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Leikskólinn Sjónarhóll á Höfn í Hornafirði auglýsir eftir leikskólakennurum og leikskólaleiðbeinendum með M.Ed eða B.Ed í leikskólakennarafræðum eða öðrum uppeldisfræðigreinum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara eða leiðbeinanda þ.m.t. að taka þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfi.


Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur sambærileg uppeldismenntun.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Laun eru greidd samkvæmt samningum launanefndar Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 29. júní næstkomandi.

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Maríönnu Jónsdóttur leikskólastjóra á netfangið mariannaj@hornafjordur.is.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

WANT TO BE PART OF A PLEASANT JOURNEY?



BIM SPECIALIST

We are looking to hire a driven and proactive BIM specialist who would be responsible for developing and implementing a strategic BIM plan for Assets and Infrastructure at Keflavík Airport. The specialist is responsible for managing BIM models in operation as well as the development of Asset- and Operational data information requirements.

Further information is on our website; isavia.is/atvinna or contact Maren Lind Másdóttir, Director of Assets and Infrastructure, at maren.masdottir@isavia.is.

Qualifications

- Relevant Bachelors degree and/or a minimum 5 years experience with BIM
- Experience with managing BIM models
- Experience with Autodesk Suite
- Ability to read and understand construction drawings and specifications
- Knowledge and understanding of the ISO 19650 standard



At Isavia, a capable and diverse group of people works towards improving the everyday commuting experience of travelers visiting Isavia's airports and Icelandic airspace.

LOCATION:
KEFLAVÍK

APPLICATION DEADLINE:
JUNE 27

APPLICATION:
ISAVIA.IS/ATVINNA



ISAVIA



Byggingafélag námsmanna á og leigir út til námsmanna um 500 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Félagið er með yfir 150 íbúðir í byggingu og áformar að byggja um 150 íbúðir til viðbótar á næstu 5 árum. Ennfremur sér félagið um rekstur stúdentagarða Háskólans í Reykjavík þar sem eru yfir 250 íbúðir. Störfín henta bæði konum og körlum og eru bæði kyn hvött til að sækja um.

Byggingafélag námsmanna auglýsir eftir starfsfólki í viðhaldsteymi og á skrifstofu félagsins.

Vegna aukinna umsvifa og fjölgunar íbúða leitar Byggingafélag námsmanna eftir tveimur starfsmönnum í viðhaldsteymi félagsins auk starfsmanns í bókhald í 50% starf. Umsóknarfrestur er til **25. júní** og skal öllum umsóknum skilað með rafrænum hætti í tölvupósti á netfangið bodvar@bn.is. Tilgreina skal helstu persónuupplýsingar ásamt ferilskrá og menntun. Öllum umsóknum verður svarað.

Málari/umsjónarmaður fasteigna

Helstu verkefni :

- Málun íbúða félagsins, bæði heilmálun og viðgerðir
- Eftirlit með íbúðum og fasteignum
- Samskipti við leigutaka og úttektir íbúða við skil
- Þrif og frágangur íbúða til afhendingar fyrir nýja leigjendur.

Kröfur :

- Menntun og reynsla á sviði húsamálunar
- Jákvætt hugarfar og góðir samskiptahæfileikar
- Rík þjónustulund
- Haldgóð íslenskukunnátta
- Hreint sakavottorð

Starfsmaður í þrif

Helstu verkefni :

- Þrif á íbúðum félagsins og frágangur íbúða til afhendingar fyrir nýja leigjendur
- Samskipti við leigutaka og úttektir íbúða við skil
- Eftirlit með íbúðum og fasteignum

Kröfur :

- Reynsla af þrifum
- Jákvætt hugarfar og góðir samskiptahæfileikar
- Rík þjónustulund
- Haldgóð íslenskukunnátta
- Hreint sakavottorð

Bókhald/skrifstofa (50% starf)

Helstu verkefni :

- Færsla bókhalds og afstemmingar
- Símsvörun
- Þjónusta við viðskiptamenn
- Almenn skrifstofustörf

Kröfur :

- Reynsla og þekking af færslu bókhalds
- Menntun og/eða haldbær reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af bókhaldskerfinu DK er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Haldgóð íslenskukunnátta
- Rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Hreint sakavottorð

Ertu klár í innkaupum?

Staða innkaupafulltrúa á veitingasviði er laus til umsóknar.

Á veitingasviðinu starfar samheldinn hópur starfsfólks sem sinnir fjölbreyttum verkefnum tengdum framleiðslu og vöruþróun á mat fyrir viðskiptavinum fyrirtækisins. Starfsfólk sviðsins er í samskiptum við samstarfsfólk innan fyrirtækisins, birgja og erlenda samstarfsaðila.

Helstu verkefna- og ábyrgðasvið:

- Tryggja sem best vöruflæði á veitingasviði IKEA með utanumhaldi og umsjón með skilvirku pantanakerfi á matvælum og öðrum vörum fyrir sviðið
- Vörutalning og gæðaeftirlit
- Tryggja að réttar forsendur séu fyrir pöntunum og eftirlit með pöntunum
- Samskipti við birgja og upplýsingagjöf um birgðamál innan samstarfshóps sviðsins
- Vörumóttaka, skipulagning og umsjón með vörulager veitinga
- Ýmis önnur verkefni tengd birgðautanumhaldi, vöruflæði og innkaupastýringu fyrir sviðið
- Umsjón rafræns gæðakerfis (eSmiley)
- Skýrslugerð og utanumhald vegna erlendra/innlendra úttekta

Kröfur um reynslu og hæfni:

- Reynsla úr veitinga-/matvælageiranum er kostur
- Þekking á HACCP kostur
- Góð tölvukunnátta er skilyrði
- Talnagleggni og nákvæmni
- Áhugi á birgðastýringu
- Góð enskukunnátta er skilyrði
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur
- Jákvæðni og góð samskiptafærni



Áhugasamir geta fengið nánari upplýsingar um starfið hjá Veitingastjóra IKEA, Jóni Inga Einarssyni (jon.einarsson@ikea.is)



Um fullt starf er að ræða og vinnutími er alla jafna frá 9-17 virka daga og ein helgi í mánuði við vaktarumsjón. Umsóknarfrestur er til og með 21. júní 2021.



Sérfræðingar óskast

Viltu hafa áhrif á nýsköpun og vistvæna mannvirkjagerð í okkar samfélagi?

SÉRFRÆÐINGUR Í VISTVÆNNI MANNVIRKJAGERÐ

Hæfnikröfur

- Háskólapróf í verkfræði, tæknifræði, skipulagsfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Haldbær reynsla af lykilorðum vistvænnar mannvirkjagerðar, meðal annars í tengslum við lífsferilsgreiningar, umhverfsvottanir og umhverfisstaðla.
- Reynsla í verkefnastjórnun.
- Brennandi áhugi á umhverfismálum.
- Mjög gott vald á ensku, gott vald á norðurlandamáli er kostur.
- Frumkvæði, drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð.
- Samskiptahæfileikar og geta til að vinna í teymi og leiða samstarfshópa.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Reynsla í norrænu samstarfi er kostur.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Umsjón með framkvæmd einstakra aðgerða í verkefninu Byggjum grænni framtíð, aðgerðaáætlun um vistvæna mannvirkjagerð 2030.
- Þróun samstarfs við hagaðila byggingariðnaðarins til að tryggja árangursríka innleiðingu aðgerða í samstarfsverkefninu Byggjum grænni framtíð.
- Fræðslu- og kynningarverkefni tengd vistvænni mannvirkjagerð og umhverfismálum.
- Norrænt samstarf og samskipti á sviði vistvænnar mannvirkjagerðar.

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Um framtíðarstarf er að ræða og fullt starf.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir skulu berast í gegnum Starfatorg.
Umsóknnum skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf.**

Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarféлага. Í ráðningarferlinu verður óskað eftir að umsækjendur skili sakavottorði. Hafi umsækjandi verið fundinn sekur um refsiverða háttsemi getur það orðið til þess að viðkomandi telst ekki hæfur til að gegna starfinu.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hvetur alla hæfa einstaklinga til að sækja um starfið, óháð kyni.

Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.
Umsóknarfrestur er til og með 5. júlí 2021.

Nánari upplýsingar veitir **Þóra Margrét Þorgeirsdóttir**, sérfræðingur á nýsköpunarsviði Skrifstofu forstjóra thora.thorgeirsdottir@hms.is S: 440 6400

VERKEFNASTJÓRI STAFRÆNNA LAUSNA / HUGBÚNAÐARLAUSNA

Hæfnikröfur

- Háskólanám sem nýtist í starfi s.s. á sviði verkfræði, tölvunarfræði eða viðskiptafræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun hugbúnaðarverkefna
- Þekking og/eða reynsla af vinnu með hugbúnað við gerð stafrænna ferla
- Færni í greiningu flókinnar verkefna með notendur og aðra hagsmunaaðila í forgrunni
- Umbótahugsun, reynsla af greiningu ferla og bætingu þeirra
- Færni til að tjá sig, í ræðu og riti, á íslensku og ensku
- Samskiptafærni og hæfni til að leiða teymi í átt að markmiðum verkefna

Helstu verkefni

- Ferlagreiningar, greiningar á umbótataækifærum, greiningar á hagsmunaaðilum
- Áætlana- og kostnaðargreining verkefna
- Verkefnastjórnun stafrænna verkefna
- Leiða saman hagaðila við úrlausn verkefna

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Um framtíðarstarf er að ræða og fullt starf.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir skulu senda inn í gegnum Starfatorg.
Umsóknnum skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf.**

Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarféлага. Í ráðningarferlinu verður óskað eftir að umsækjendur skili sakavottorði. Hafi umsækjandi verið fundinn sekur um refsiverða háttsemi getur það orðið til þess að viðkomandi telst ekki hæfur til að gegna starfinu.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hvetur alla hæfa einstaklinga til að sækja um starfið, óháð kyni.

Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.
Umsóknarfrestur er til og með 25. júní 2021.

Nánari upplýsingar veitir **Þorsteinn Arnalds** thorsteinn.arnalds@hms.is S. 440 6400



ORKU
húsið

Urðarhvarf 8
203 Kópavogur
orkuhusid.is

Störf í boði hjá Orkuhúsinu

Hjúkrunarfræðingur

Við hjá Læknastöðinni í Orkuhúsinu leitum að röskum hjúkrunarfræðingi. Starfið felst aðallega í því að standa aðgerðir á skurðstofum, frágangi og meðhöndlun á verkfærum og umönnun sjúklinga. Starfið er mjög fjölbreytt í hröðu umhverfi og fer fram á dagvinnutíma alla virka daga. Starfshlutfall er frá 80% til 90%.

Menntunar- og hæfniskröfur

- BS-próf í hjúkrunarfræði, framhaldsmenntun í skurðhjúkrun er góður kostur.
- Við leitum að jákvæðum og drifandi einstaklingi með góða nærveru.
- Starfsumhverfið hentar vel fyrir þá sem eru skipulagðir og þrífast í hröðu og fjölbreyttu umhverfi.

Um okkur

- Orkuhúsið fluttist með alla starfsemi í nýtt húsnæði árið 2020 og er komið með frábæra aðstöðu að Urðarhvarfi 8 í Kópavogi. Hjá Læknastöðinni í Orkuhúsinu starfa rúmlega 50 manns og sérhæfing okkar er bæklunarlækningar. Árlega leita til okkar rúmlega 20.000 einstaklingar og við gerum um 5.000 aðgerðir á ári. Við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum sem besta þjónustu og bjóðum upp á liflegt og gefandi starfsumhverfi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Dagný Jónsdóttir framkvæmdastjóri í síma 520 0100. Umsóknarfrestur er til og með 25. júní 2021. Umsókn sendist á dagnyj@orkuhusid.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Allar umsóknir eru geymdar í sex mánuði frá því þær berast, og þeim síðan eytt. Haft verður samband við umsækjendur ef fleiri störf losna á tímabilinu.



Canada

INTERNATIONAL BUSINESS DEVELOPMENT
AND
PUBLIC AFFAIRS OFFICER

The Embassy of Canada in Reykjavik seeks to hire an eligible candidate for the designated position as above.

The closing date for applications is **02 July 2021**

Further details:

<https://www.wfca-tpce.com/vacancyView.php?requirementId=4533&>

<https://www.wfca-tpce.com/fr/vacancyView.php?requirementId=4533&>

VERKEFNASTJÓRI ÓSKAST

Myndlistaskólinn í Reykjavík leitar að verkefnastjóra til að hafa yfirumsjón með skráningum á námsframboði skólans og námsferlum nemenda og að stýra innleiðingu Office 365.

Við leitum að einstaklingi með þekkingu á námsumsjónarkerfinu inna.is og skjalastjórnun, gott vald á íslensku og ensku og áhuga á myndlist og hönnun.

Jákvæðni og lipurð í samskiptum, frumkvæði, skipulagshæfileikar og nákvæmni eru nauðsynlegir kostir.

Um er að ræða 60% starf sem er laust frá og með miðjum ágúst.

Umsókn skal fylgja yfirlit yfir starfsferil ásamt greinargerð þar sem fram koma forsendur umsóknar og sýn umsækjanda á starfið.

Umsóknir þurfa að berast á netfangið starfsumsokn@mir.is fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 30. júní.

Öllum umsóknum verður svarað.

M
Í R

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



SVIÐSSTJÓRI SLIPPSINS

Við leitum að metnaðarfullum, öflugum einstakling til að leiða þjónustu- og skipaviðgerðasvið Slippings Akureyri ehf.

Sviðsstjóri er mikilvægur hlekkur í samskiptum fyrirtækisins við viðskiptavini sína og tryggir að þeim sé veitt sú vara og þjónusta sem þeir vænta af félaginu. Sviðsstjóri vinnur að því markmiði að verk séu unnin í samræmi við verkefninga og áætlanir og að ætíð sé valdar hagkvæmustu leiðir við vinnslu verka, jafnframt því að gæðakröfum sé fullnægt í hvívetna.

Sviðsstjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra og er hluti af framkvæmdastjórn félagsins.

Sviðsstjóri ber meðal annars ábyrgð á:

- Skipulag og dagleg stjórnun á þjónustusviði
- Stefnumótandi uppbygging á öflugum tekjusviði
- Að afla verkefna fyrir fyrirtækið
- Að kostnaðarútreikningar vegna tilboða séu raunhæfir og rétt metnir
- Að raunkostnaður verka sé innan marka áætlunar
- Að verk gangi samkvæmt áætlunum
- Að samskipti við viðskiptavini séu með góðum og eðlilegum hætti
- Að full fjárhagsleg yfirsýn sé með öllum verkum
- Að uppgjör séu gerð strax við lok verka
- Að umhverfis-, heilbrigðis-, öryggis- og gæðamál séu tryggð í ferlum þjónustu
- Að gera og framfylgja fjárhagsáætlunum fyrir sviðið
- Verkefnastjórn einstakra verka

Menntun og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Tæknileg þekking/reynsla á sviði véltækni eða skipaiðnaði
- Reynsla af þjónustutengdri stjórnun er kostur
- Leiðtogaþærni, drifkraftur og frumkvæði
- Lausnamiðuð hugsun
- Góð rekstrar- og kostnaðarvitund
- Liðsmaður fram í fingurgóma
- Jákvætt viðmót og góð samskiptaþærni

Eingöngu er tekið við umsóknum á www.slipp.is

Umsóknarfrestur er til og með 17. júní 2021.

Upplýsingar um starfið veitir Kristján Heiðar Kristjánsson í netfangi khk@slipp.is

 **Slippurinn**
A K U R E Y R I

FAGMENNSKA - METNAÐUR - HAGKVÆMNI

Fyrirtæki ársins 2021

Controlant is hiring.

3rd Level Investigator

We are looking for a 3rd Level Investigator to manage and monitor devices in use, troubleshoot, investigate and analyze trends and failures. The 3rd Level Investigator is part of the device operation team and will be a member of 3rd level support, responsible for performing investigations on technical or process problems, finding root causes in initiate improvement projects.

Responsibilities include, but are not limited to:

- Resolve 3rd level technical issues/tickets
- Owner of investigation projects. That includes defining the problem, quantifying it, managing root cause analysis, mapping potential solutions and preparing improvement projects
- Writing investigation reports, failure reports and CAPA reports

Database Administrator (DBA)

We are looking for an experienced Database Administrator to manage our database strategy, work on improvements to ensure scalability and coordinate internal teams to work consistently with our database systems.

Responsibilities include, but are not limited to:

- Ensure the performance and integrity of Controlant's databases
- Maintain guidelines and an overall strategy on database technologies used by internal teams
- Develop database schemas for key data objects

**Magga Sesselja
Kristjánsdóttir,**
Software Developer



"What I like best about working at Controlant are the people. The people at the company are very fun and passionate about what they do—and helpful.

I also really love the offices and our equipment. There's a lot of challenging work, and there's a lot to do. I like to keep busy and learn, so it's a great fit for me."

Device Operation Technician

We have an open position in our Device Operation team. The team's responsibility is to manage and monitor devices in use, troubleshoot, investigate and analyze trends and failures. The Device Operation Technician is responsible for monitoring devices in use and will ensure that the devices are reliable and operational.

Responsibilities include, but are not limited to:

- Monitoring installed base of devices
- Monitoring trends, failures, and issues
- Device firmware process, including risk assessment

DevOps Engineer

We are looking to hire an experienced DevOps Engineer with extensive knowledge of CI/CD technologies and AWS to join and support our growing R&D team. The ideal candidate has a rich and diverse technical background, is self-motivated with a strong service-mindset, and passionate about driving automation and improving the developer experience.

Responsibilities include, but are not limited to:

„Matarhefðir og venjur okkar Bergþórs eru frekar í léttari kantinum á sumrin. Við borðum mikið grænmeti og ávexti og höfum í raun tekið meðvitanda ákvörðun um það. Við erum engir sérstakir grillkarlar, við erum mun meira fyrir hægeldadan mat,“ segir Albert. En þeir eiga það til að skella einhverju góðgæti, til dæmis lambakjöti, í ofninn og baka á vægum hita meðan þeir bregða sér í nokkurra klukkutíma göngu. „Síðan er hækkað í hitanum þegar heim kemur til að taka lokahnykkinn á steikingunni og góðgætið tilbúið eftir stutta stund, eftir fullkomna eldun eftir okkar smekk.“

Eins og Albert nefnir kallar hungrið oft eftir öflugra hreyfingu og þá er gott að koma heim og finna matarilminn. „Eftir góða hreyfingu er ekkert betra en að fá góða máltíð og þá er tekið hraustlega til matarins.“

Vita fátt skemmtilegra en að halda veislur

Veislur eiga líka hug og hjórtu þeirra Alberts og Bergþórs og þeir vita fátt skemmtilegra en að halda veislu og bjóða hópum heim. „Fyrir mörgum árum hafði samband við okkur kona og spurði hvort hún mætti ekki koma með vinnuhópinn sinn til okkar í veislu og við tókum okkur smá umhugsunartíma en létum svo slag standa. Það má í raun segja að svona hafi þetta byrjað, við hreinlega bara lentum í þessu, að halda veislur fyrir hópa,“ segir Albert og bætir því jafnframt við að þetta sé ávallt jafn gaman og gefandi.

„Þessi veisluhöld spurdu út á sínum tíma og síðan hefur þetta undið upp á sig í árána rás.“



Albert Eiríksson hefur einstaklega gaman af því að koma gestum á óvart með góðri veislu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Laxasmáréttir geta verið margvislegir og mjög fallegir.

Albert segir að um sé að ræða alls konar veislur.

„Það er mikið um gæsaveislur, steggjaveislur, afmæli, þemaveislur og alls konar „surprise“-veislur fyrir þá sem vilja koma og gera sér gláðan dag, svo dæmi séu tekin.“

Í veislunum er boðið upp á ýms konar veitingar eftir hvaða tilefni eru og oft er farið í samkvæmisleiki sem ávallt vekja mikla lukku.

Íslenska matarhefðir fyrir ferðamenn

Einnig hafa Albert og Bergþór tekið á móti erlendum ferðamönnum heim og boðið til veislu. „Þá



Lax er svo góður og hægt er að leika sér mikið með hann í matargerðinni. Hann er líka einstaklega góður í kalda rétti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

erum við að taka fyrir íslenskar matarhefðir og síði, sýna þeim og bjóða upp á séríslenskan mat eins sykurbrúnaðar kartöflur, síld, heimalagað rabarbarapæ og sultur úr uppskeru sumarsins svo dæmi séu tekin. Það er ávallt vinsælt hjá ferðamanninum að kynna íslensku matarhefðum.“

Tími smáréttanna á sumrin

Albert hefur sérstaklega gaman af því að dunda sér í eldhúsinu og búa til ýmiss konar smárétti sem tilvalið er að bjóða upp á úti



Laxarúlla á gúrkusneið.

á pallinum eða í garðveislunni yfir sumartímann. Hann velur stundum ákveðið þema og að þessu sinni ákvað Albert að bjóða upp á smárétti með laxaþema. „Lax er svo góður og hægt er að leika sér mikið með hann í matargerðinni. Hann er líka einstaklega góður í kalda rétti í ýmsum formum og hefur skírskotun í íslenskt sumar.“

Það getur verið kostur ef tíminn er takmarkaður að velja veitingar sem hægt er að undirbúa með góðum fyrirvara að mati Alberts. „Rúllur með reyktum eða grófum laxi og rjómaostafyllingu eru dæmi um þetta. Laxarúllurnar er gott að



Laxarúlla á hveitikímökku.

útbúa daginn áður og frysta. Best er að skera þær niður hálfrosnar með heitum hníf, látið heitt vatn renna á hann milli skurða. Rúllur með grófum laxi eru ekki síðri en þær með reyktum laxinum.“

Laxarúlla á gúrkusneið

Leggið filmu á borð. Skerið laxinn í sneiðar, ekki of þunnar. Smyrjið með mjúkum rjómaosti, rúllið upp og frystið.

Lefsusamlokur

Smyrjið lefsur með majónesi eða sýrðum rjóma, raðið laxasneiðum á og leggið aðra lefsu yfir. Skerið niður.

Laxarúlla á hveitikímökku

1 bolli vatn
1 bolli hveitikím
¼ tsk. salt
1 tsk. rúgmjöl

Mótið litlar kökur og bakið við 175 °C í um 30 mín. Látið kólna. Leggið filmu á borð. Skerið reyktan eða grafinn lax í sneiðar (ekki of þunnar). Smyrjið með mjúkum rjómaosti, rúllið upp og frystið.

Gráðaostalaxasalat á gúrkusneið

100 g reyktur lax
½ box rjómaostur
2 msk. gráðaostur að eigin vali

Setjið reyktan lax og rjómaost í matvinnsluvél. Myljið gráðaost saman við, blandið með sleif. Mótið kúlar og setjið ofan á gúrkusneið. ■

KVENRÉTTINDADAGURINN

Laugardaginn 19. júní gefur Fréttablaðið út sérblað tileinkað kvenréttindadeginum.

Fyrir 6 árum héldum við Íslendingar upp á 100 ára afmæli þess að konur fengu hér kosningarétt. En sökum þess að **Kvenréttindadagurinn 2021** kemur upp á afar áhugaverðum tímum í kjölfar Covid19, þá viljum við fjalla um frábærar íslenskar konur, hvað þær eru að gera í sínum störfum og í sínu lífi á þessum dæmalausum tímum.

Einnig viljum við heyrna í fyrirtækjum sem eru með konur í framvarðarsveit sinni.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jóhann Waage, Markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
johannwaage@frettabladid.is eða 550-5656



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbodsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar



Til Sölu nýjir Terhi 400 vatnabátar til afgreiðslu strax. Löngusker umboðsaðili Terhi báta á Íslandi Sími 8214005

VEIDIPORTID
Grandagarður 3 • S: 552-9940
2,5hp 129.000.kr



Gerid verðsamanburð!
www.veidiportid.is

Þjónusta

Garðyrkja

Almenn garðvinna, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Bókhald

*Accountant

Accountant ehf.
Laugavegi 178,
105 Reykjavík
S. 490-0095
info@accountant.is
www.accountant.is

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

RUNARMURARI.IS

Tröppuviðgerðir, Húsviðgerðir, Þakmálning, Málning o.m.fl. runarmur@gmail.com S. 7743800

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flisa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com



Verkefnastjóri

Viðskiptavit ehf býður áhugavert framtíðarstarf og spennandi verkefnastöðu fyrir verkefnastjóra sem hefur stýrt byggingarverkefnum og unnið á verkstað.

Viðkomandi mun vinna náð með eigendum að fjölbreyttum verkefnum.

Helstu verkefni

- Samningagerð við undirverktaka og birgja
- Stjórn innkaupa
- Gerð og eftirfylgni verk- og kostnaðaráætlana
- Reikningagerð og uppgjör verka
- Tilboðsgerð
- Samskipti við opinbera aðila og samstarfsaðila

Starfskröfur og eiginleikar:

- Iðn-/tækni-/verkfræðimenntun og marktæk reynsla á verkstað
- Reynsla í áætlanagerð
- Reynsla af AJOUR kostur
- Stundvísi, sjálfstæði og vinnusemi
- Árangursdrifin og lausnamiðuð nálgun
- Samskiptafærni, frumkvæði og framúrskarandi þjónustulund

Umsóknarfrestur er til 13. júní 2021.

Umsóknir óskast sendar til sigrídur@vvit.is með ferilskrá og nöfnum umsagnaraðila.



VIÐSKIPTAVIT

- VIÐ LÁTUM HLUTINA GERAST -

Viðskiptavit ehf. er framsækið fyrirtæki í byggingariðnaði sem sinnir verktöku ásamt alhliða verkefnastjórnun og ráðgjöf. Viðskiptavit hefur innan sinna raða reynslumikil og hæfileikaríkt starfsfólk á sviði byggingarstarfsemi og verkefnastjórnunar.



ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA



"Hengirúmin" vinsælu komin aftur!
3.900 kr.-

Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í mark hjá ÖLLUM í fjölskyldunni!

Sigurlaug 124.500 kr.	Gvendarlaug 177.000 kr.	Grettislaug 239.000 kr.	Gelslaug 257.000 kr.	Unnarlaug 285.000 kr.	Snorrulaug 278.000 kr.



Íslensk framleiðsla í 39 ár!

OPIÐ 10-14 Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR!

Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is

Önnur þjónusta

STARFSMENN

til fjölbreyttra
starfa um lengri
eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannþjónusta

551 5000
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Keypt
& Selt

Til sölu



TILBOÐ

Fallegur sófi úr Tekk til sölu með
höfuðpúðum og skammel, grár. St.
90X220 og skammel 70X85. Tilboð
óskast S. 663 3313

STIGA
Einstök gæði

Stiga TwinClip 50SQB
Lúxus sláttuvél með drifi
B&S mótör 625EXI, 2,27kW
Tvískiptur hnifur, slær X-smátt
70 ltr. notendavænn graskassi
Frábær sláttuvél

Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

VETRARSÓL

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar
á tilboði

Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



Gæða ungnautakjöt beint frá býli.
Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas,
snitsel og steikur. www.myranaut.is
s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA,
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Kaupi gamla mynt, isl. & erlenda
brons, silfur og gullpening.
Peningaseðla frimerki póstkort.
Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING
á Hringbraut

Skólar &
Námskeið

Námskeið

ICELANDIC, ENGLISH,
NORWEGIAN, DANISH &
SWEDISH F. FOREIGNERS -
ENSKA, NORSKA, DANSKA,
SÆNSKA

Only 2-5 students per course
! Special Icelandic for Thais,
Vietnamese and Chinese.
Sérnámskeið: Íslenska f.
Tælendinga, Vietnama og
Kínverja. Einnig Sérnámskeið fyrir
Heibrigðisstarfsfólk/Also Special
courses for Health Personnel. Enska
fyrir Leiðsögumenn/ Icelandic for
Guides. Start: 21/6, 19/7, 16/8, 6/9,
4/10., 1/11, 29/11. 4 weeks x 5
workdays or Sat/Sun x 10 weeks.
AM & PM. Price: 49.500. Labour
Unions pay back 50-90% of price.
Stéttarfélag endurgreiða 50-90%
námsgjalds. www.iceschool.is - ff@
icetrans. Is - facebook.com/icetrans.
IceSchool-Fullorðinsfræðslan,
Ármúli 5. 108, s. 8981175.

Húsnæði

Húsnæði í boði

ÍBÚÐ Á TENERIFE

3ja herb. íbúð á Tenerife til leigu
í Los Cristianos. Laus júní, júlí og
ágúst. Uppl. í síma 893 3475

Herb. til leigu á svæði 201. Með
aðgangi að eldh., baðherb. og
þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

Til leigu einstaklings. íbúð á sv.
200. LAUS Leiga 155 þús per/mán.
Trygging 2 mán. Uppl. í s. 893 3475

Herb. til leigu á svæði 108. Með
aðgangi að eldh., baðherb. og
þvottavél. Uppl. í síma 892 3341

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

þarftu þitt pláss? Við erum með nóg
af því. Allt að 20% afsláttur. www.
geymslur.is

FRÉTTABLAÐIÐ

NÁÐU TIL FJÖLDANS!

44% 68%

18-80 ára lesa Fréttablaðið
daglega að meðaltali*

55-80 ára lesa Fréttablaðið
daglega að meðaltali*

Sími: 550 5050 – soludeild@frettabladid.is



*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Hafðals hótél við Akureyri



Nýlegt hótél, stór og góð herbergi. fallett útsýni. 7. mín.
aksturssfjarlægð frá miðbæ Akureyrar.

Bókanir á www.hafdals.is
Sími 898 8347



Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Við leiðum
fólk saman

hagvangur.is



HAGVANGUR

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND Belti og undirvagnshlutir
- fyrir smágröfur

Vertu vinkar okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Bílsætaviðgerðir-, mótörhjóla og
snjóleðasæti. Húsbilaklæðningar
og öll almenn bólstrun. Við erum
þekktir fyrir fljóta og góða
þjónustu. Skoðið video af vinnslu
á www.hsbolstrun.is

FYRIR EFTIR

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta
vel í ferðaþjónustuna,
afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is
eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok
og yfirbreiðslur á allar
tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.

www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástal á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl; reisum@simnet.is eða
s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARF ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?


HAFÐU SAMBAND OG VIÐ
GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is


Bræðraborgarstígur 16



Til leigu

Einstakt 760fm skrifstofuhúsnæði til leigu í hjarta Vesturbæjar. Stórt fullbúið eldhús fylgir með.

Allar fyrirspurnir sendast á fasteignir@365.is





Fólkið sem dæmt er til fátæktar



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser@hringbraut.is

Það þráir enginn að vera öryrki. Það ætlar sér enginn að verða öryrki. En það er einfaldlega hlutskipti margra að geta ekki tekið þátt í atvinnulífinu nema að litlu sem engu leyti.

Og af því að sjúkdómur er jafnan ástæða þessara orlaga, svo og fötlun af margvíslegu tagi, er vert að staldra við orðið sjálft, áður en lengra er haldið, en það er dómurinn í enda þess sem vekur mann á stundum til umhugsunar.

Fólk sem telur sig heilbrigt gerir sér alls konar vonir – og að morgni hvers dags skín eftirvæntingin úr andliti þess, enda hugur í því og tilfýsi.

En veikur maður þráir aðeins eitt. Að ná heilsu. Geta tekið fullan þátt í samfélaginu, leyfa sér að upplifa menninguna og stemninguna.

Og talandi um dóm. Á Íslandi er það svo að öryrkjar eru dæmdir til fátæktar. Og það er oft og tíðum lífstíðardómur. Þeim er gert að lifa á greiðslum frá hinu opinbera sem það sjálft, altso ríkið, telur vera langt undir öllum viðurkenndum viðmiðunum um framfærslu.

En þetta er út affyrir sig merkilegt – og sennilega séríslensk ambaga. Kerfið gefur út opinberan verðmiða á lífsbjörgina, samkvæmt samviskusamlegu mati á því hvað það kostar að lifa í landinu, en sama kerfi ætlar svo stórum hluta fólks að hreppa miklu minna úr bótum. Af því að það er öryrkjar.

Þeir sem helst óttast hækkuð örkugreiðslu – og þeir eru allmargir og stundum orðhvassir – segja sem svo að þá myndi bara stórfjölga í hópi fólks sem treystir sér ekki til að starfa úti á vinnu- markaðnum.

En þetta er bábilja. Það þekki ég á tali mínu við hundruð öryrkja, bæði sem fréttamaður, fundarstjóri og faðir fjölfatlaðs barns.

Það ætlar sér enginn að verða öryrki.

Í skrafi mínu við fjölbreyttan og marghæfan hóp öryrkja, bæði fyrr og síðar, í einkasamtölum og upptökuverum, hafa orðaskiptin einatt endað á þá vegu að kerfið sjálft sé óskiljanlegt.

Og öllu heldur, óskiljanlegt og mannfjandsamlegt.

Einn mann ræddi ég við um daginn sem kynntist konuefni sínu á ferðalagi um Filippseyjar, en þar eð hann er öryrki heima á Íslandi, sakir stöðkerfisvanda og annars krankleika, og hefur ekki úr meiru að mæða en strípuðum greiðslunum frá Tryggingastofnun ríkisins, 260 þúsundum fyrir skatta, metur viðeigandi stofnun það svo að hann geti ekki séð fyrir útlenskri konunni sinni hér á norðurhvara, sakir krappa kjara, og því fái frúin ekki landvistarleyfi.

Kona úr hópi öryrkja, með brotið móðurharta, sagði mér frá hvernig hún neyddist til að hafna barni sínu, eldri syninum á heimilinu. Ástædan er einfaldlega sú að þegar börn einstæðra foreldra á örkugreiðslum verða átján ára metur kerfið það svo að þau séu komin í sambúð með foreldri sínu. Þau heiti ekki lengur afkomandi, en miklu heldur maki. Allar tekjur barnsins, í þessu tilviki, koma því til skerðingar á kjörum móðurinnar, fyrir nú utan að húsaleigubætur hennar lækka af því að barnið telst vera fullorðið.

Og hún sagði mér frá því þegar krakkanum bauðst enn meiri vinna en hann hafði fyrir, en þá fylltist hann kvíða og depurð, af því að hann vissi að þá myndi hagar móðurinnar versna til enn frekari muna. Hann væri jú maki hennar, samkvæmt tölvu kerfisins, og tekjur



En veikur maður þráir aðeins eitt. Að ná heilsu. Geta tekið fullan þátt í samfélaginu, leyfa sér að upplifa menninguna og stemninguna.

þeirra því sameiginlegar.

Niðurstaðan var því sú, eftir persónulegt samtal móður og sonar, að hann flytti að heiman, í foreldrahús kærustunnar, en nýja lögskráningin myndi þýða að tekjur stráksins hefðu ekki lengur áhrif á afkomu mömmu gömlu.

Og nú telur þessi sama móðir mánuðina og misserin þar til yngri gaurinn, sem nú er á fimmtánda ári, verði átján ára. Og fari í sambúð með henni.

Önnur kona, sem svipað hagar til, en er þó enn þá í sambúð með 23 ára dóttur sinni, samkvæmt skilningi ríkisins, af því að sú er fötlud og þarf á miklum stuðningi einstæðrar móður sinnar að halda, hefur sagt mér að hún kvíði því helst að missa félagslegt húsnæði fjölskyldunnar þegar sú yngri, fimmtán ára, nái átján ára aldrinum. Þá reidi ríkið til höggs. Enn og aftur.

Og hún sagðist vera löngu hætt því að skammast sín fyrir það að leita á náðir hjálparamtaka upp úr miðjum mánuði, til að brauðfæða sitt lið, ellegar þiggja matarboðin heima hjá föður sínum og móður, sem alltaf væru til í að leggja mæðgunum hjálparhönd. Hún væri búin að margkyngja stoltinu.

Verst þætti henni þó að hafa ekki efni á að taka þátt í samfélaginu, hvetja stelpurnar til að sækja alls kyns námskeið og íþróttir, en hvort tveggja sé alltof dýrt fyrir hana – og svo sakni hún þess mjög að eiga

engan rétt hjá stéttarfélagi og komast þar af leiðandi í sumarbústað á þess vegum, svo dæmi væri tekið.

Og eins var ástatt um enn aðra konu sem hefur verið öryrki allt sitt líf sakir meðfæddrar fötlunar, en komin vel á sextugsaldurinn hafði hún á orði við mig, inni í pinulitlu leiguíbúðinni sinni, að hana hefði alltaf langað svo mikið til að vinna úti, en hún hefði ekki efni á því, það bitnaði svo á örkugreiðslunum hennar, en hver króna sem hún aflaði sér tæki krónu af framlagi ríkisins.

Svo var það karlmaður einn, líklega um fertugt, sem allt frá ungum aldri hefur átt við geðraskanir að stríða, þunglyndi, kvíða og athyglisbrest, en vegna krappa kjara öryrkja í hans stöðu hefði hann ekki efni á að leita sér aðstoðar einkarekinna sálfræðinga. En það væri lífsspursmál í hans tilviki. Opinbera þjónustan sem honum stæði til boða væri svo takmörkuð í tíma að hún dygði fráleitt í hans tilviki. Hann þyrfti meiri aðstoð. En hún væri bara svo dýr.

Og ekki skildi hann þá skömm að samþykkt Alþingis, frá því um árið, þess efnis að veita fólki eins og honum endurgjaldslausan aðgang að sálfræðingum, hefur ekki enn verið fjármögguð. En það væri svo sem eftir öðru.

Fræðimaðurinn Stefán Ólafsson, sem manna gerst hefur rannsakad eðli og áhrif örkugreiðslukerfisins, hefur komist að þeirri niðurstöðu að Ísland eigi heimsmetið í skerðingum á tekjum öryrkja. Hvergi í heiminum rýrni umframtekjurnar jafn hratt og mikið. Ríkið reki í raun og veru eindregna og útsmogna fátæktarstefnu gagnvart þessum hópi.

Og hér tala tölur sínu máli. En raunar fólkið miklu heldur. ■

Höfundur er sjónvarpsstjóri Hringbrautar, sem rekin er af Torgi, sem jafnframt gefur út Fréttablaðið.

PIER



30%
AFSLÁTTUR AF
GJAFNA- OG
SMÁVÖRU*

*Gildir ekki með öðrum tilboðum



†
Elsku faðir okkar,
Gissur Sigurðsson
fréttamaður,

verður jarðsunninn frá Selfoskirkju,
þriðjudaginn 22. júní klukkan 13.

Guðbjörg Gissurardóttir
Helga Auðardóttir
Gissur Páll Gissurarson
Jón Grétar Gissurarson
Hrafnhildur Gissurardóttir



†
Kæru ættingjar og vinir.
Þökkum hlýhug og vinsemd í
okkar garð vegna fráfalls elskulegs
eiginmanns míns, föður okkar,
tengdaföður, afa og langafa,

Jóns Finns Ólafssonar
rafvirkjameistara,
Árbakka 8, Selfossi.

Sérstakar þakkir færum við Sigurði Bööðvarssyni lækni og
starfsfólki HSU Selfossi, fyrir einstaka umönnun.

Þórunn Ingólfssdóttir
Arndís Hildur Jónsdóttir **David Örn Ingvason**
Ingólfur Örn Jónsson **Ása Valdis Árnadóttir**
Ólafur Þór Jónsson **Bjarnfríður L. Guðsteinsdóttir**
Anna Þóra Jónsdóttir **Aðalsteinn Tryggvason**
afabörn og langafabarn.



Ásgeir í Prag. Hann býr ýmist þar eða á Akureyri og vinnur við blaðamennsku og önnur skrif. MYND/HARRI RÖMPÖTTI

Ljóðið lifnar á skjáum landsmanna

Ljóðlist og vídeó verða í önd-
vegi í nýrri sjö þátta sjónvarps-
seríu sem hefur göngu sína á N4
á þriðjudaginn, 15. júní. Ásgeir H.
Ingólfsson er umsjónarmaður.

gun@frettabladid.is

„Mér vitanlega hefur ekki verið mikið
um ljóðabætti með lifandi myndum
í íslensku sjónvarpi,“ segir Ásgeir H.
Ingólfsson, blaðamaður og skáld, sem
er umsjónarmaður nýrrar þáttaraðar á
N4. Hann er Akureyringur en býr líka í
Prag í Tékklandi og er þar þegar þetta
viðtal er tekið.

„Ég var heima á Akureyri í fyrstu
bylgju heimsfaraldursins, þá voru aug-

lýstir Covid-styrkir hjá Bókmennta-
sjóði og við vorum nokkur skáld fyrir
norðan sem sóttum um og bjuggum til
dagskrá þar sem vídeóljóð voru hluti af
heildinni.

Ég fór aftur til Prag um sumarið, svo
átti að keyra á ljóðahátíð með haustu-
inu. Einmitt þegar ég kom heim síð-
sumars og losnaði úr sóttkví var bylgja
númer tvö skollin á og við vorum að
vandræðast þar til við duttum niður á
þá hugmynd að vera með ljóðabætti á
N4.“

Þættirnir eru sjö, þar koma fjórtán
skáld við sögu og sjö leikstjórar, að
sögn Ásgeirs. „Fyrir utan það sem tekið
var hér í Prag var ég í fjarskiptum við
leikstjórana. Gaf þeim öllum nokkurn

vegin sömu leiðbeiningar og það er
gaman að sjá hversu ólíkar leiðir þeir
fóru, sem er bara frábært,“ lýsir hann.

Ásgeir segir ljóðasenu í Prag með
sterkari tengsl við aðrar listgreinar en
tíðkast hér á landi. „Það er sjaldgæft að
lesin séu ljóð hér án þess að tónlistar-
maður spili undir fyrir þá sem vilja. Ég
hef verið að vinna líka með vídeólista-
mönnun og langaði að flytja þá hefð til
Íslands.“

Í lokin forvitnast ég um hvað hann sé
að gera í Prag. „Vinnan mín er langmest
á Íslandi, ég er í blaðamennsku, bæði
fyrir Stundina og Lestina á RÚV, svo er
ég með eigið blogg, Menningarsmygl,
og í alls konar textaverkefnum sem
detta inn, þýðingum og yfirlestri.“ ■

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson



Jóhanna Eiríksdóttir

www.utfarin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Mergættu, hlýja og virðing Við andlát ástvinar



Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is


isleifur@usr.is

Ísleifur Jónsson **Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441 **Þjónusta allan sólarhringinn**



Jón G. Bjarnason útfararstjóri

Guðmundur Baldvinsson útfararstjóri



Magnús Sævar Magnússon útfararstjóri

Sigurður Bjarni Jónsson útfararstjóri

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Garntorgið hjarta hátíðarinnar

Litatilfinningar, Trylltar tölur og
Marglitt klukkuprjón eru dæmi
um heiti námskeiða sem í boði
eru á árlegri Þrjónagleði, sem
haldin er á Blönduósi um helgina.

gun@frettabladid.is

„Hér er mikið um að vera. Hátíðin var
sett í gær og gestir eru komnir víða að,“
segir Svanhildur Pálsdóttir, viðburðs-
stjóri Þrjónagleðinnar á Blönduósi, sem
nú er haldin í fimmta sinn. Hún segir
Garntorgið vera hjarta hátíðarinnar.
„Þar er markaður söluaðila með garn
og alls konar vörur sem tengjast þrjóna-
skap. Himnaríki fyrir alla garnelskend-
ur. Það er í þróttamiðstöðinni og fyrir

utan námskeiðin þá verður mest að
gerast þar.“ Hún lýsir því aðeins nánar:
„Ístex verður til dæmis með sýningu
á peysunum sem voru í síðustu lopa-
bók og einnig er sýning á vestunum 20
sem skiluðu sér í hönnunar- og þrjóna-
samkeppni í aðdraganda hátíðarinnar.
Við erum með kósísæti á staðnum þar
sem fólk getur tyllt sér, þrjónað og
spjallað.“

Dagskráin byrjaði í gærkvöldi með
fyrirlestri, þrjónakaffi og samveru,“ að
sögn Svanhildar. „Eftir jógaátíma morg-
unsins eru námskeið af ýmsu tagi, mörg í
Kvennaskólanum og önnur að þverbraut
1. Svona rúllar þetta áfram,“ segir hún og
bendir á að dagskráin sé á síðunni textil-
midstod.is. ■



Svanhildur heldur utan um alla þræði á
Þrjónagleðinni og klæðist að sjálfsgöðu
viðeigandi peysu. MYND/AÐSEND



†
Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,
Halldór Ingi Andrésen
tónlistarspekingur,

lést á líknardeild Landspítalans
4. júní. Útförin fer fram frá Neskirkju
þriðjudaginn 15. júní klukkan 13.

Hafdis Ósk Kolbeinsdóttir

Guðný Þorsteinsdóttir **Friðrik Magnússon**
Anna María Halldórsdóttir **Ólafur Páll Johnson**
Friðbert Þór Ólafsson **Ólafur Hrafn Johnson**
Kolbeinn Ingi Friðriksson **Halldóra Guðrún Johnson**
Eydís Magnea Friðriksdóttir



†
Hjartans þakkir til allra sem sýndu
okkur samúð og ómetanlegan
stuðning vegna andláts og útfarar
elsku eiginkonu minnar, móður okkar,
tengdamóður og ömmu,

**Guðrúnar Kristínar
Þórsdóttur**

Páll Þorsteinsson

Þór Elfar Helgason **Skúli Sigurðsson**
Pálína Mjöll Pálsdóttir
Guðrún Hulda Pálsdóttir
Brynhildur Nadía, Harpa Rán, Eyvindur Páll,
Sindri Fannar og Kristófer Þór.

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að
senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055.

Klassíkin og rómantíkin mætast hjá Camerartica

gun@frettabladid.is

Tvö tónverk eru á efnisskrá kammerhópsins Camerartica sem spilar í Breiðholtskirkju í dag, laugardag, þeim síðustu í ár í tónleikasýrþunni 15:15 – sem einnig segir til um hvenær tónleikarnir hefjast. Verkin eru frá upphafi 19. aldar, full af birtu og léttleika og eiga vel við nú þegar sól er hæst á lofti, að mati Ármanns Helgasonar, klarinettuleikara í sveitinni.

Fluttur verður kvartett fyrir klarin-

ettu og strengjatrío eftir sænsk-Þinnka tónskáldið Bernhard Crusell. Ármann segir það glæsilega og gáskafulla tónsmíð. Hitt verkið er kvintett fyrir klarinettu, fiðlu, tvær víólur og selló eftir tékkneska tónskáldið Franz Krommer, í því er þéttur kammerhljómur og léttleiki áberandi, að sögn Ármanns. Flytjendur á tónleikunum, auk hans, eru Hildigunnur Halldórsdóttir fiðlu-leikari, Svava Bernharðsdóttir og Guðrún Þórarinsdóttir lágfiðlu-leikarar og Sigurður Halldórsson sellóleikari. ■



Camerartica er metnaðarfull sveit sem hefur starfað í hátt í 30 ár. MYND/ÁÐSEND



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sólberg Jónsson

sparisjóðsstjóri,
Bolungarvík,

lést þriðjudaginn 8. júní.

Útförin fer fram frá Hólaskirkju, laugardaginn 19. júní klukkan 14.

Lucie Einarsson

Ásgeir Sólbergsson

Bjarni Sólbergsson

Elísabet Jóna Sólbergsdóttir

Sólvi Rúnar Sólbergsson

Maria Sólbergsdóttir

Margrét Gunnarsdóttir

Guðjón Jónsson

Birna Guðbjartsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Karólína Bernharðsdóttir

Lindasiðu 2, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð

mánudaginn 7. júní. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju, miðvikudaginn 16. júní klukkan 13. Slóð á streymi er á Facebook-síðunni „Jarðarfarir í Glerárkirkju“. Starfsfólki Hlíðar eru færðar alúðarþakkir fyrir góða umönnun.

Árni Aðalsteinn Bjarman,

börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, stuðning og hlýju vegna andláts og útfarar elskulegs sonar míns og bróður,

Sigursteins Freys Vigfússonar

Boston, Massachusetts.

Sérstakar þakkir viljum við færa æskuvinum Sígga.

Guðrún Sigursteinsdóttir
Inga Brá Vigfúsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Jensia Michala Leo

Ásabraut 3, Keflavík,

lést á heimili sínu, fimmtudaginn 3. júní.

Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, miðvikudaginn 16. júní kl. 14. Athöfninni verður streymt á facebook: Hvítasunnukirkjan í Keflavík.

Gilbert Leo Þórisson

Sjöfn Anna Halldórsdóttir

Steinunn J. Leo Þórisdóttir

Jón Garðar Viðarsson og barnabörn.



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Olgu Ólu Bjarnadóttur

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Hamra í Mosfellsbæ.

Eymundur Sigurðsson

Hanna Birna Sigurðardóttir

Bjarni Gaukur Sigurðsson

Ragnheiður Bragadóttir

Jesper Dalby

Elísabet Jónsdóttir og barnabörn.



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Jónsdóttir

áður Skólabraut 3,

andaðist mánudaginn 7. júní á hjúkrunarheimilinu Seltjörn,

Seltjarnarnesi. Útförin verður auglýst síðar. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hinnar látnu er bent á Barnaspítala Hringingsins.

Ása Jónsdóttir

Óli Hilmar Briem Jónsson

Guðmundur Hannesson

Kristín Salóme Jónsdóttir og fjölskyldur.



Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Örn Einarsson

prentari,
Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu

Sunnuhlíð 3. júní. Útför fer fram frá

Digraneskirkju þann 15. júní klukkan 13.00. Athöfninni verður streymt á <https://youtu.be/yHk6myYdRwo>

Sigríður Sigurðardóttir

Guðmundur Arnarson

Már Arnarson

Anna María Arnardóttir

Mina Johnsen

Ásta Björg Þorbjörnsdóttir

Þorvarður Kristófersson

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkæra og yndislega eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Krístrún Ólafsdóttir

Flúðaseli 14,
Reykjavík,

lést sunnudaginn 6. júní.

Útförin fer fram frá Garðakirkju,

þriðjudaginn 22. júní næstkomandi kl. 15.

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

Sigurður Guðmundsson

Sigríður K. Sigurðardóttir

Guðmundur Ó. Sigurðsson

Maria E. Sigurðardóttir

Ingvar Magnússon

Bryndis Guðnadóttir

Þádraig Ó Diolún og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Katrín Eyjólfsdóttir

Sautjándajúnitorgi 1,
áður Faxatúni 29, Garðabæ,

lést á Hjúkrunarheimilinu Ísafold í

Garðabæ, föstudaginn 4. júní. Útförin fer fram í Vídalinskirkju, miðvikudaginn 16. júní kl. 13.00.

Eyjólfur Reynir Bragason

Auður Soffía Bragadóttir

Oddur Helgi Bragason

barnabörn og barnabarnabörn.

Hrónn Kjærsted



Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengamóður og ömmu

Svanborgar Ólafsdóttur

frá Litla-Laugardal, Tálknafirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Ölduhrauns, Hrafnistu Hafnarfirði, fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Baldur Jóhannsson

Reynir Baldursson

Jóhann Baldursson

Anna Björk Baldursdóttir

Birgitta Baldursdóttir

Brynja Baldursdóttir

Erla Baldursdóttir

Ólafur Jósúa Baldursson

Karítas Jóhannsdóttir

Kristín Reynisdóttir

Sigurjón Andersen

Eliás Ívarsson

Gunnar Óli Pétursson

Gísli Vattnes Bryngeirsson

Ramona Balaciu og fjölskyldur þeirra.



Elsku, hjartans sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

Guðmundur Ringsted

Álfaskeiði 70,
Hafnarfirði,

lést á gjörgæsludeild

Landspítalans föstudaginn 4. júní.

Útför hans fer fram frá Viðistaðakirkju í Hafnarfirði þriðjudaginn 15. júní klukkan 15.

Anna Elin Ringsted

Davíð Guðmundsson

Guðbjörg V. Guðmundsdóttir

Magnús Guðmundsson

Anna Elin Guðmundsdóttir

Hulddís Guðbrandsdóttir

Theódór Skúli Sigurðsson

Julia Bakke

Ole Marselius Lillebo

barnabörn, systkini og fjölskyldur.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Á. Hjörleifsson

rafvirki,

Garðatorgi 17, Garðabæ,

lést á Landspítalanum 10. júní.

Útförin verður auglýst síðar.

Lilja Jónsdóttir

Halldóra Jónsdóttir

Hjörleifur Már Jónsson

Jóna Margrét Jónsdóttir

Guðbjartur Jónsson

Kristbjörg Lilja Jónsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Kolbrún Jónsdóttir

Þóra Hafsteinsdóttir

Viktor Sighvatsson

Erla Einarssdóttir

Helgi Harðarson

Allar sláttuvélar

20%
afsláttur

Sláttuvélar



**NÝTT
BLAÐ!**
husa.is



Gasgrill Graphite 3b
Grillflötur: 56x38 cm, með þremur ryðfríum brennurum og hliðarhellu. 3000390
39.990 kr



Gasgrill Q2200
Grillflötur: 39 x 54 cm, ryðfrír brennari, rafstýrður kveikjurofi. 3000378
58.990 kr



Nytt
14,21 kW
NEXGRILL Gasgrill Classic 4B
Fjögurra brennara, með hliðarbrennara, breidd grills: 118,2 cm. 3002020
79.990 kr

20%

Nilfisk Háprýstidæla

Core 125-5 PC
125 bór, Click and Clean kerfi, 5 m Ultraflex slanga, 5 m rafmagnssnúra. 5254251

21.995 kr
~~27.495 kr~~



20% afsláttur
Nilfisk háprýstidælar



20% afsláttur
Pallaólía, viðarvörn og hreinsiefni



20% afsláttur
Claber slönguhjól



FISKARS 20% afsláttur
Fiskars garðverkfæri

Birt með töluráðgjafi um prentvillur og myndavéxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Stjúpu tilboð



43%

Stjúpur 10 stk.
1.290 kr
~~2.290 kr~~



25%

Sólboði
10210424/10211207
1.490 kr
~~1.990 kr~~



25%

Margarita
10211200
1.690 kr
~~2.290 kr~~

Flott fyrir útskriftina



29%

Sumarvöndur
Blómavals
Margar litasamsetningar í boði.
4.990 kr
~~6.990 kr~~



blómaval HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

Sumarblóm

Gefum ÍS
alla helgina
í Skútuvogi frá kl. 12-16




25%


afsláttur

Öll sumarblóm og garðplöntur

Ótrúlegt úrval - Gerðu góð kaup



LAUSNARORÐ Vísibending f. lausnarorð: Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist mikil og sumarleg garðapryði (12) Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 17. júní næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „12. júní“. ■



Sudoku

		2	8			1	
	8	3			6		5 9
				3			
		8		4		1	
	4		9 7			5	
3	5		6 2			8	4
	9 4				7		5
1	7		3				6
2			4		9 7		

8				5 6			
		6 7 8			2		
		5					
				2		6	
2		4			3		8
				5 4		9	1
	3 8					1	
1	6		4 9				
4			6				9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. ■

Bridge

Ísak Örn Sigurðsson


Landslið Íslands í Opnum flokki náði bestum árangri á NM sem spilað var á netforritinu RealBridge (Corona Nordic Bridge Championships) en Ísland tók þátt í fjórum flokkum. Keppt var með annars í Seniors (eldri spilarar) og spiluðu Aðalsteinn Jörgensen-Haukur Ingason, Björn Eysteinnsson-Guðmundur Sveinn Hermannsson og Jón Þorvarðarson-Þórir Sigursteinsson í liði Íslands. Liðinu gekk ágætlega í byrjun móts, leiddi um tíma, en fljótlega seig á ógæfuhliðina. Ísland endaði í fjórða sæti af sex, en Svíar höfðu sigur, eins og í Opna flokknum. Það sýnir vel hve Svíar eru sterkir sem bridgeþjóð og hve mikla breidd þeir hafa. Í leik Íslands við Dani græddu Íslendingar vel á þessu spili. Vestur var gjafari og AV á hættu: Flestir spilaranna í AV spiluðu þrjú

Norður	♠ 9	♥ D6543	♦ G107	♣ K1073
Vestur	♠ KG105	♥ Á	♦ KD864	♣ D52
Austur	♠ 764	♥ KG92	♦ Á9	♣ ÁG64
Suður	♠ ÁD832	♥ 1087	♦ 532	♣ 98

grönd með 11 slögum. Það gerðu Danirnir á öðru borðanna og fengu 660 í sinn dálk. Hins vegar var annar samningur spilaður á hinu borðinu, þar sem Aðalsteinn og Haukur sátu AV. Haukur í vestur, opnaði á einum tigl. Aðalsteinn sagði eitt hjarta og Dennis Koch Palmund kom inn á einum spaða á suðurhöndina. Hann fékk að sjá eftir því. Haukur passaði og Aðalsteinn gaf úttektardobl. Haukur sat í því og það var lokasamningurinn. Vörnin sló ekki feilnótu. Haukur spilaði hjartaás sem útspili og skipti síðan yfir í lauf. Sagnhafi reyndi kóng sem drepinn var á ás. Spaða var spilað til baka og Haukur átti slaginn á tíuna. Hann spilaði lágu laufi, Aðalsteinn fékk slaginn á gosa og skipti yfir í tígul. Hann tók ás, spilaði meiri tígli og Haukur reyndi drottningu og kóng og Aðalsteinn trompaði þriðja tígulinn. Hann spilaði aftur spaða og sagnhafi fékk bara tvo slagi. Vörnin fékk fjóra slagi á spaða, þrjá á hjarta, tvo á tígul og lauf. Það var 1100 í dálk Íslendinga. ■

Lausnarorð síðustu viku var

ÞROSKAPJÁLFI



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur. ■

LÁRÉTT

- 1 Littu nú í eigin rann, klári Konfúsíus (13)
- 10 Röng dauðsföll samræmast hvorki skrifuðum né óskrifuðum lögum (8)
- 11 Lifnar nautn við lostakoss/ljúfa fegurð vekur (9)
- 12 Heyri rödd er ég keyri að utan, þungt haldinn af pest (8)
- 13 Endalaus ágangur skorts knýr mig til að leita frumþarfur (11)
- 15 Talaði sleitulaust um þann sem borgaði honum (8)
- 16 Hvað ef visdómur hlýpi til og breyttist í bleiil? (11)
- 17 Þvælist um rangala fjórðu viddarinnar og nýt keyrsluskeiðsins (10)
- 21 Fékk ekki réttan fóðurskammt, enda fleira fé en skráð er (9)
- 22 Snöggur af stað og stoppaði jafn snögg (11)
- 25 Maður hjólar ekki í aðalinn nema maður sé kóngurinn á staðnum (12)
- 29 Þórhallur er ekki nafnlaus nóboddí, heldur 40 ára grín og hamborgari (7)
- 30 Þegar skip hafa látið úr höfn hefist leit að þeim (8)
- 31 Sjaldan hef ég hitt jafn langa og ringlaða gaura (5)
- 32 Ala svelt milli sveipa (8)
- 33 Nefndi pinna og stungu hans (8)
- 35 Matis býður samfelld eftirlit (5)
- 37 49 visin en vel skóuð, enda þurfa þau innlegg (7)
- 38 Lesið allt um þennan mann og hungursneyðina sem hann olli (8)
- 39 Þau áttu engan nema fótboltafélagið, sem þau höfðu út af fyrir sig (5)
- 40 Best ég espi stjörnu fyrir góða ræktarbletti (8)
- 41 Bar á höfuð sitt fyrir Línu Langsokk (8)
- 42 Ó mig auman! Hvað

skal gera við svona rýra vísibendingu? (5)
43 Sonur Nóa leitar fjöttra flækingsfugla (8)

LÓDRÉTT

- 1 Svona fúlmenni vinna gjarna í tórnum (15)
- 2 Bið seina dónann að biðja þá austrænu forláts á ruglingnum (11)
- 3 Sæki hægindi handa heimskingjum á hörðum bekk (11)
- 4 Kæra sig ekki um að ringlaður rakki niði hið forna veldi (9)
- 5 Sé tünbleið þar sem enn er heyjað á milli allra hinna (12)
- 6 Er með hálfveðnar vísur um að fallnar frúr séu meyjarrósir (10)
- 7 Auðvelda byttu að komast á kopp (8)
- 8 Þetta bras er engum bjóðandi nema frænkum mínum (8)
- 9 Málms er skelin mikið þing/mettar bundinn fangann (8)
- 14 Sendi flugsveit að sækja fint fólk (7)
- 18 Blakkempur stúdentu eru kaldir karlar (6)
- 19 Hef mikla skapraun af vondum skipalægjum (8)
- 20 Rýndir í leik og sást að hann var að versna (8)
- 22 Leita fjár hvors annars og elda það grátt (11)
- 23 Stuttar draga andann öðrum sjaldnar (9)
- 24 Segir hanastélið eina ráðið eftir skjálftann mikla (11)
- 26 Reynir að finna hjálp en finnur hana varla án hjálparveita (10)
- 27 Fullkomnir iðnmaðkar eða fyrsta flokks grískar skrúflinur í próteini? (10)
- 28 Skrifðið allt sem skrifað var um skrúdduna, með öðrum orðum (7)
- 34 Hitti einn alveg æstan í fákana (6)
- 35 Segja ó er þurrka þjó/þar er skrára löng og mjó (6)
- 36 Hér segir af skoti fjarri skotum (6) ■

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Spjalmennin eftir Kepler** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Margrét Barðadóttir, Reykjavík.** ■



ILVA

**25%
AF ALLRI
SUMARVÖRU**

BORGIO 2ja sæta + legubekkur. L249xD152 cm. 209.900 kr. **Nú 157.425 kr.**

GARÐSETT BARBERA & MONTMARTRE
147.500 kr.

Nú **110.625**



BARBERA Garðborð. Ø110 cm.
87.900 kr. **Nú 65.925 kr.**

MONTMARTRE Garðstóll. Plastseta,
viðarfætur. 14.900 kr. **Nú 11.175 kr.**




MILFORD Garðborð. 90x200 cm.
164.900 kr. **Nú 123.675 kr.**

JAVI Garðstóll. Gúmmíviður.
48.900 kr. **Nú 36.675 kr.**



ELLA Sólbekkur með sessu. Polyester og reipi. L198 cm.
109.900 kr. **Nú 82.425 kr.**



LIONI 2ja sæta bekkur.
Svart stál. L131 cm.
62.900 kr. **Nú 47.175 kr.**



CLEO Skemill. Grár, gulur eða grænn. Ø50 cm.
18.900 kr. **Nú 14.175 kr.**

SVEFNHERBERGISDÖGUM LÝKUR Á MÁNUDAG



30%

Góð meðalstíff dýna með áfasteri yfirdýnu og öflugri kantstyrkingu. Dýnan er með 5 þægindasvæði. 256 pokagormar á hvern fermetra. Yfirdýnan er samansett úr nokkrum lögum af hefðbundnum svampi, eggjabakkalöguduðum svampi og latex. Botn með tauáklæði og fætur fylgja með. Höfuðgaff seldur sér.

120x200 cm. 149.900 kr. **Nú 104.930 kr.**
160x200 cm. 179.900 kr. **Nú 125.930 kr.**
180x200 cm. 199.900 kr. **Nú 139.930 kr.**

Höfuðgaff

132 cm. 44.900 kr. **Nú 31.430 kr.**
172 cm. 49.900 kr. **Nú 34.930 kr.**
192 cm. 54.900 kr. **Nú 38.430 kr.**



20%

DORIA Rúmgaff. Bleikt velúr áklæði. L192 cm.
64.900 kr. **Nú 51.920 kr.**



SEAFORD Náttborð með 2 hillum. Svart.
42x35x63 cm. 14.900 kr. **Nú 11.920 kr.**



ARIES Kommóða. 2 skúffur og 1 hurð. Gráolíuborin eik. skúffur með ljúflökum. 108x45x75 cm. 129.900 kr. **Nú 103.920 kr.**



20%

DREAM Arctic Thule sæng. 135x200 cm.
90% hvítur andardánn. 600g. 19.995 kr. **Nú 15.996 kr.**



SEASIDE Rúmföt. 140x200/60x63 cm.
100% umhverfisvænn bómmull. 9.995 kr. **Nú 7.996 kr.**



KRISSA Rúmteppi. 130x220 cm.
Polyester. 9.995 kr. **Nú 7.996 kr.**

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ilva.is
mánudaga - föstudaga 11:00-18:30, helgar 12-18

ILVA Akureyri Mánudaga - föstudaga 11-18,
laugardaga 10-17, sunnudaga 13-17

netgiró
VALITOR



[FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ilvaisland)

[INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ilvaisland)

EXTRA



2799 kr. pk.

KIRKLAND ROLL KITCHEN TOWEL PAKKING



2579 kr. pk.

KIRKLAND TRIPLE SATIN WC PAPER 4X10



1549 kr. pk.

KIRKLAND SPARKLING WATER 40X500 ML



okkar uppáhalds ír

COSTCO
WHOLESALE


BARÓNSTÍGUR **8-24**
KEFLAVÍK OG AKUREYRI
24/7

WWW.EXTRA.IS

VEÐUR & MYNDASÖGUR

12. júní 2021 LAUGARDAGUR

Veðurspá Laugardagur



Í dag verður yfirleitt fremur hæg norðlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s en nokkuð hvassara með ströndum sunnan til og austan. Bjartviðri um mest allt land, en þykkar smám saman upp með vaxandi suðaustanátt síðdegis eða í kvöld, fyrst sunnanlands. Rigning seint í kvöld sunnan til á landinu. Hiti 5-13 stig að deginum, mildast sunnan heiða. Allhvöss og sums staðar hvöss suðaustanátt og rigning á morgun.

Oftast rigning 17. júní



Sigurður Þ. Ragnarsson
vedur
@frettabladid.is


Maður heyrir því oft flegt fram hjá fólki að oftast sé rigning á 17. júní. Þetta er nú aðeins mismunandi eftir landshlutum en ef við leyfum okkur að skoða Reykjavík sérstaklega kemur nokkuð merkilegt í ljós. Tilfellið er að frá lýðveldisstofnun hefur úrkomu orðið

vart í 85% tilvika, það er úrkomu hefur orðið vart í 65 daga af þeim 77 þjóðhátíðardögum sem liðnir eru frá stofnun lýðveldisins 1944. Auðvitað er það svo að úrcoma hefur verið mismikil að magni til og stundum raunar sáralítill, eða vel innan við einn millimetra. Engu að síður skráist það sem úrcoma. Til upprifjunar má geta þess að úrkomu varð vart í Reykjavík á 17. júní öll árin frá 2010-2020 að undanskildu árinu 2019.


Mun rigna í ár?
Merkilegt nokk þá horfir til þurks í Reykjavík á 17. júní í ár, en þess í stað eru horfur á rigningu norðanlands.

Sunnudagur Mánudagur


Reykjavík




Ísafjörður




Akureyri



Egilsstaðir



Kirkjubæjarklaustur



Pondus



Geljan



Barnalán





UEFA
EURO2020

EM Í DAG



Gummi Ben og Helena Ólafs fylgja þér í gegnum EM í sumar!
ALLA LEIKDAGA 21:00



Tryggðu þér áskrift á stod2.is

NÓA
KROPP

HAGKAUP



Coca-Cola

FJALLKONAN

KRÁ & KRÆSINGAR



BRJÁLÆDISLEGA GÓÐUR

BRUNCH

LAUGARDAGA & SUNNUDAGA

11.30-14.30



NÝR OG SPENNANDI SEÐILL!

Nánar á fjallkona.is

FJALLKONAN FAGNAR ÞÉR!



Nýr Sportage verður fáanlegur tvílitur, en Evrópuútgáfa verður kynnt í september.

Kia frumsýnir fimmtu kynslóð Sportage

Kia hefur frumsýnt nýjan Sportage sem fer á markað í lok ársins. Billinn fær nýtt útlit, ásamt fullkomnari tæknibúnaði í innréttingu.

njall@frettabadid.is

Sérstök Evrópuútgáfa verður kynnt í september en billinn sem nú er frumsýndur er alþjóðleg útgáfa hans. Auðvelt er þó að sjá að billinn líkist nokkuð nýja EV6 rafbilnum, með sams konar C-laga dagljósum og ákveðinni línu þar sem vélarhlíf og grill mætast. Engar stærðartölur



Nýr Kia Sportage ber sterkan svip af nýja Kia EV6 rafbilnum og er tígursnefs-framendinn svokallaði mjög áberandi ásamt C-laga dagljósum.

hafa verið birtar enn þá, svo við vitum ekki hvort hann er stærri en fyrri kynslóð, þó það sé venjulega vaninn. Innréttingin er alveg ný og með stórum, bogadregnum skjá sem nær yfir miðjustokk bílsins. Af myndinni að dæma er það sami búnaður og í nýjum Hyundai Tucson, með tveimur 10,25 tommu skjáum.

Sérstök X-Line sportútgáfa verður einnig kynnt í framhaldinu. Engar tækniupplýsingar hafa heldur komið fram, en nánast öruggt er að sami vélbúnaður og í Tucson verði í boði að langmestu leyti. ■

Fyrstu myndir af áttundu kynslóð Opel Astra birtar á netinu

njall@frettabadid.is

Opel hefur sent frá sér fyrstu myndir af nýjum Opel Astra, sem sýna þó aðeins hluta bílsins. Þær sýna þó að billinn mun fá svipað útlit og nýr Mokka, með hinum áberandi Vizor framenda. Einnig fær ný Astra sama tvöfalda upplýsingaskjáinn og Mokka, en hann samanstendur af 10 tommu upplýsingaskjá og 12 tommu skjá í mælaborði. Engar tækniupplýsingar eru fáanlegar enn þá, en búast má við að billinn noti sama EMP2 undirvagn og Peugeot 308. Þess vegna er líklegt að billinn verði í boði sem rafbill, tengiltvinnbill og einnig með bensín- og díselvélum. Billinn verður frumsýndur síðsumars. ■



Vizor framendinn er orðinn áberandi hjá Opel en andlitslyfting Opel Grandland, sem frumsýnd var á dögnum, fær sterkan svip af honum.

Renault með fyrstu myndir af rafvæddum Megane E-Tech

njall@frettabadid.is

Næsti Renault Megane verður einnig rafdrifinn og kallast sú útgáfa E-Tech. Renault hefur sent frá sér fyrstu myndir af bilnum í litlum felubúningi og sést vel að billinn verður meira í laginu eins og Captur. Renault áætla að frumsýna sjö nýja rafbíl til og með 2025 og er þetta fyrsti billinn í röðinni. Billinn byggir á CMF-EV undirvagninum frá Renault-Nissan sem einnig verður í Nissan Ariya. Hann verður búinn 60 kWst rafhlöðu og með 215 hestafla



Renault Megane E-Tech er líkur E-Vision tilraunabilnum eins og sjá má.

rafmótor, og drægið verður allt að 450 km. Renault segir að tugið verði 300 Nm og að upptakið verði undir átta sekúndum í hundradíð. Áætlað



Renault Megane E-Tech verður svipaður af stærð og Renault Captur.

er að framleiða útgáfu með meira drægi. Rafhlaðan verður sú þynnsta á markaðinum, eða aðeins 110 mm á þykkt. ■



UEFA EURO2020



WAL ✶ SVI
LAUGARDAG 13:00

DAN ✶ FIN
LAUGARDAG 16:00

BEL ✶ RÚS
LAUGARDAG 19:00

ENG ✶ KRÓ
SUNNUDAG 13:00

AUS ✶ MKD
SUNNUDAG 16:00

HOL ✶ ÚKR
SUNNUDAG 19:00



Tryggðu þér aðgang á stod2.is



Ólíkir kraftar að verki

Ný sýning samtímalistamanna frá Singapúr og Íslandi stendur yfir í Gerðarsafni. Sýningarstjórar eru Dagrún Aðalsteinsdóttir og Weixin Quek Chong frá Singapúr.



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Yfirskrift sýningarinnar í Gerðarsafni er Hlutbundin þrá. Listamennirnir sem eiga verk á sýningunni eru: Daniel Hui, Dagrún Aðalsteinsdóttir, Guo Liang, Guðlaug Mía Eyþórsdóttir, Luca Lum, Styrmir Örn Guðmundsson, Sæmundur Þór Helgason og Weixin Quek Chong.

Það er sannarlega ekki á hverjum degi sem listunndum býðst að sjá myndlistarverk frá Singapúr. „Þessi sýning er til komin vegna þess að ég fór í mastersnám í myndlist til Singapúr og kynntist listaheiminum þar. Ég fann fyrir áhuga á að fá íslenska listamenn til Singapúr, en mér fannst áhugaverðara að búa til samsýningu því það er mjög sjaldgæft að þessar eyjar, svo langt frá hvor annarri, eigi listrænt samtal,“ segir Dagrún Aðalsteinsdóttir sýningarstjóri.

Sýning á verkum íslenskra listamanna og listamanna frá Singapúr opnaði í Singapúr hjá Institute of Contemporary Art árið 2019 og Dagrún og Weixin unnu að henni í sameiningu. Sýningin í Gerðarsafni kemur hingað til lands í aðeins annarri mynd, listamennirnir eru þeir sömu en þeir sýna ekki allir sömu verk og voru á sýningunni í Singapúr.

Dagrún sá um valið á listamönnum og segir: „Ég valdi listamenn sem ég hafði kynnt hér á landi og í Singapúr sem sinnu mikið samvinnuverkefnum í list sinni, mér fannst að þannig væri líklegt að búin yrðu til framtíðarverkefni. Það spannst til dæmis samvinna milli listamannanna eftir opnunina í Singapúr.“

Viðfang og hlutur

Verkin á sýningunni eru ólík innbyrðis. „Þarna eru klippimyndir, skúlptúrar, vídeóverk og innsetningar,“ segir Dagrún. „Sýningin hverfist um samband mannsins við hlutlægni og hluti. Hún er tilraun til þess að skapa gagnkvæma virkni milli hluta og einstaklinga, þar sem listaverkin eru blanda af hlut og viðfangi.“

Titillinn á sýningunni, Hlutbundin þrá, vísar í ritgerð eftir Hito Steyerl sem ber nafnið A thing like you and me (2010). Í þeirri ritgerð skoðar Steyerl þátttöku mannsins í að skapa myndir og að veita þeim umboð. Í ritgerðinni lýsir Steyerl

myndum sem brotum eða leifum af veruleikanum en ekki spegilmynd hans.

„Í öllum verkunum á sýningunni er verið að skoða með einhverjum hætti hlutgervingu og efnivið og það hvernig mörkin milli þess að vera viðfang og hlutur eru ekki alltaf svo skýr í tæknivæddu samfélagi þar sem imynd okkar verður sífellt

meira hlutgerð og ákveðnar myndir og hlutir fara að hafa vægi sem viðfangsefni,“ segir Dagrún.

Annar karakter

Spurð hvort hún haldi að auðvelt sé fyrir Íslendinga að tengja við singapúrsku list segir Weixin: „Núna erum við að komast að því! Singapúrsku verkin eru að vissu leyti

Stilla úr verki eftir Weixin, Eating Cake.



Weixin og Dagrún eru sýningarstjórar sýningar þar sem listamenn frá Singapúr og Íslandi mætast.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



ólík þeim íslensku, karakterinn er annars konar og þar eru vídeóverk, skúlptúrar og innsetningar mjög áberandi. Á þessari sýningu eru ólíkir kraftar að verki en einmitt það á að skapa skemmtilega og áhugaverða upplifun fyrir áhorfendur.“

